

# ÆVAR BEITTI INGIBJÖRGU OFBELDI



Von-  
brigði  
þegar svona  
dómur fellur

12

2. MARS 2018 / 9. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

# DV

# GYLFI SANKAR AÐ SER FASTEIGNUM

Sjáðu  
mynd-  
irnar

10 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu

8-9

# KALLI BJARNI ÁSTFANGINN

Það er enginn  
kóngur nema rétt á  
meðan kílóíð er að klárast

# Sonur á leið í heiminn

Viðtal

Brást heilli þjóð Amma Kalla bjargaði lífi hans

48-50



Þingmenn mega ekki  
afþakka sporslur

# „Ég gæti vel lifað á lægri launum“

Logi Einarsson fær 1,9  
milljónir á mánuði

24-25

# „VAR FARIN AÐ ÆLA BLÓÐI“



Sigrún Sigurpáls  
þjáðist af lotugræðgi

6

Ægir er óstöðvandi:

# Hjartaáfall og svo 5 maraþon

Allt á einu ári „Ég bauð konunni góða nótt á  
föstudegi og síðan góðan daginn á mánudegi“

28-30



**ÞJÓNUSTA**  
Guðjón Ó  
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN  
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Dráttarbeisli  
undir flestar tegundir bíla



Setjum undir á staðnum



Vikurvagnar ehf. | Hryrhófa 8 | 110 Reykjavík  
Sími 577 1090 | vikurvagnar.is | sala@vikurvagnar.is



# Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur  
þannig þæginda og öryggis

Webasto  
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshófa 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is



## LOF & LAST

– Vigdís Hauksdóttir

„Ég lofa formann Miðflokksins, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrir að standa eins og klettur með íslensku þjóðinni varðandi bankamálin og nú síðast sölnuna á Arion.“

„Ég lasta íslensku ríkisstjórnina fyrir að láta tækifæri þjóðarinnar renna sér úr höndum og gera ekkert í því að ná meirihluta sem nemur einum Landspítala út úr samningunum við kröfuhafana.“



### Síðustu orðin

„Síðustu orðin eru fyrir flón sem hafa ekki sagt nóg.“

– Heimspekingurinn Karl Marx (5. maí 1818–14. mars 1883)

### Á þessum degi, 2. mars

**1561** – Spánski landvinningamaðurinn Pedro del Castillo stofnar borgina Mendoza í Argentínu. Borgin er í dag höfuðborg samnefnds héraðs.

**1797** – Englandsbanki gefur út fyrstu eins punds og tveggja punda seðlana.



**1969** – Fyrsta tilraunaflug á Concorde-potu fer fram í Toulouse í Frakklandi. Concorde-potan var samvinnuverkefni Breta og Frakka og söng sinn svanasöngur í stýsi í flugtaki á Charles de Gaulle-flugvelli í París, 25. júlí. Árið 2000. Áfangastaðurinn var New York-borg. Allir farþegar, 100 að tölu, og níu manna áhöfn létu lífið. Að auki létust fjórir á jörðu niðri.

**1983** – Fyrstu geislaspilarnir og -diskarnir koma á markað í Bandaríkjunum og öðrum löndum. Fram til þessa dags hafði þessi nýjung einungis verið fánleg í Japan.



**1990** – Nelson Mandela er kjörinn í embætti aðstoðarformanns Afríska þjóðarráðsins. Þann 11. febrúar hafði Mandela verið sleppt úr Victor verster-fangelsinu þar sme hann hafði verið í þrjú síðan 1988. Þar áður hafði hann verið fangi í Pollsmoor-fangelsi og Robben Island-fangelsinu – í samtals 27 ár.

# „Merki um takmarkalausan drullusokkshátt“

■ Jáeindaskanninn tafist um 18 mánuði ■ Hundruð milljóna kostnaður

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



Í september árið 2015 ákvað stjórn Íslenskrar erfðagreiningar að færa íslensku þjóðinni jáeindaskanna að gjöf og átti að byggja utan um hann og fleira sem honum fylgdi á lóð Landspítalans við Hringbraut. Skanninn er PET/CT-myndgreiningartæki sem finnur æxli í mannslíkamanum og greinir þau. Samkvæmt áætlun átti skanninn að vera kominn í gagnið sléttu ári síðar. Nú eru liðin tvö og hálf ár og sjúklingar þurfa enn að leita til Danmerkur eða Svíþjóðar til að komast í slíkan skanna og kostnaðurinn rýkur upp.

### Tafir á tafir ofan

Jáeindaskanni er mjög flókið tæki sem smíða þarf sérstök hús utan um og tengja þau við spítalann. Byggja þarf biðstofu inni í spítalanum sjálfum, undirbúningsrými, og hringhraðal þar sem nauðsynleg geislavirk efni eru búin til.

Áætlað var að skanninn yrði tekinn í notkun um miðjan september árið 2016 og framkvæmdin gekk vel framan af.


En síðan var opnun aðstöðunnar frestað fram á haustið 2017, síðan janúar 2018, svo febrúar og nú er búíð að fresta henni fram í miðjan mars og óvíst hvort það standist.

### Takmarkalaus drullusokksháttur

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, er ósáttur við þær tafir sem orðið hafa á verkefninu. Í samtali við DV segir hann: „Mér finnst það bölvæð. Mér finnst þetta bera merki um takmarkalaus drullusokkshátt af spítalanum. „So what else is fucking new?“

Hverju er um að kenna?

„Nú verð ég að vera sanngjarn. Það er ýmislegt sem getur gerst. Það þurfti að reisa hús utan um skannann og staðla aðferðir við að búa til ísótópna. Einhverjir verktakar fóru yfir tímamann og það er alveg ofboðslega þrúandi, en svona gerist. Ég get lofað þér því að það er hægt að koma svona löguðu hraðar í gegn. Eins og er get ég lítið sagt um þetta mál annað en að það þurrar mig.“



Jáeindaskanni Finnur og greinir krabbameinsæxli.

Fylgist þú náið með framkvæmdinni?

„Nei. Við erum búin að gefa þennan skanna og nú er þetta ekki í okkar höndum og hefur ekki verið frá því að hafist var handa við bygginguna. Af og til spyr ég um þetta, því mér finnst þetta vera orðinn mjög langur tími. Eiginlega alveg ótrúlega langur og mér finnst þetta með algjörum ólíkindum. Ég hélt að þetta yrði komið í notkun fyrir ári eða um það bil.“

### Segja framkvæmdatímamann viðunandi

Húsin eru komin upp og sjúklingar hafa farið í hefðbundinn myndgreiningarhluta jáeindaskannans. Slík tæki eru þó til víða í heilbrigðiskerfinu og enn bólar ekki á að aðalhluti skannans komist í notkun. Stefán Hagalín, deildarstjóri samskipta-deildar spítalans, segir það viðbúið að dagsetningar varðandi svo flókna framkvæmd

standist ekki. Helstu tafirnar hafa verið vegna vottana húsnæðisins og leyfum frá Lyfjastofnun. Í byrjun febrúar sagði hann við DV að tveggja ára framkvæmdatími væri mjög viðunandi.

Pétur Hannesson, yfirlæknir á röntgendeild, sagði um miðjan febrúar verkefnið hafa tekið skemmri tíma en sambærileg verkefni erlendis. „Það er reynslan að utan að mjög erfitt er að gera nákvæmar áætlanir vegna þess hve flókið það er að hefja starfsemi sem þessa, sem er tæknilega flókin og með marga óvissuþætti. Hér er um að ræða framleiðslu geislavirkra innrennslislyfja sem lúta ströngustu kröfum lyfjaframleiðslu. Metnaður fyrir að koma starfsemi þess stað

hefur einnig valdið því að áætlaður tímarammi hefur verið þröngur.“

Jafnframt segir hann að Lyfjastofnun hafi ekki enn tekið út starfsemina og að tafirnar hafi verið vegna vottaðs húsnæðis og bilana sem komu upp í einstökum hluta tækjabúnaðarinnar.

### Dýrt að senda sjúklinga utan

Tafir á uppsetningu jáeindaskannans hafa í för með sér mikið óhagræði fyrir sjúklinga og kostnað fyrir Sjúkratryggingar Íslands. Metföldi sjúklinga hefur verið sendur í PET-rannsóknir á Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn og Háskólasjúkrahúsið í Lundi undanfarin tvö ár. Árið 2012 voru 29 sjúklingar sendir í rannsóknir. Heildarkostnaður Sjúkratrygginga var þá fjórtán og hálf milljón króna.

Á síðasta ári voru 216 sjúklingar sendir út en kostnaðurinn var aðeins lægri vegna hagstæðara gengis, 92,5 milljónir. Þetta gerir um 400 þúsund krónur á hvern sjúkling sem sendur er út og tæplega helmingur upphæðarinnar er ferðakostnaður.

### Kostnaður spítalans vegna tafa 113 milljónir

Líkt og vegna annarra verkefna sem tekjast hefur kostnaður við byggingu og uppsetningu jáeindaskannans aukist verulega. Sá kostnaður leggst hins vegar alfarið á Landspítalann enda var gjöf Íslenskrar erfðagreiningar bundin við ákveðna tölu í upphafi. Gjöfin var 6,5 milljónir Bandaríkjadala, um 850 milljóna króna á þávirði fyrir skannann sjálfan og hluta af húsunum og aðlögun eldri byggingar spítalans.

Samkvæmt bókhaldi Landspítalans er heildarkostnaður við verkefnið nú kominn upp í 1.038 milljónir og hlutur spítalans 188 milljónir. Hækkunar vegna tafa í eitt og hálf ár hafa því kostað spítalann um 113 milljónir. Um er að ræða bráðabirgðaúrreikninga og enn gætu borist reikningar, til dæmis vegna frekari tafa á verkinu. ■



Kári Stefánsson „Eins og er get ég lítið sagt um þetta mál annað en að það þurrar mig.“

## 5 sem geta tekið við sem talsmaður Sunnu Elviru

Stjórnsmálafræðingurinn og sjónvarpsmaðurinn skeleggi Jón Kristinn Snæhólm hefur látið af störfum sem talsmaður Sunnu Elviru Þorkeldsdóttur og fjölskyldu hennar. Vill hann því ekki svara fyrir nýjar vendingar í málinu á borð við fíkniefnamálið og týnda bílaleigubílinn. Fyrst Jón Kristinn treystir sér ekki þá gætu þessir tekið við sem talsmenn Sunnu.



### Björn Steinbekk

Björn er vanur viðskiptum á erlendri grundu og hefur reynslu þegar kemur að dómskerfinu.



### Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Ingibjörg Sólrún er með góð tengsl inn í utanríkisþjónustuna og þekkir vel inn á hjálparstarf á alþjóðavettvangi.



### Ingvi Hrafn Jónsson

Ingvi Hrafn er sannfærandi maður eins og aðdáendur hins sáluga Hrafnabings geta vitnað um. Ingvi er einnig duglegur við að vinna í sól.



### Hallur Hallsson

Hallur er reynslumikill maður þegar kemur að því að fá Íslendinga heim en hann bar hitann og bungann af heimkomu Keikó á sínum tíma.



Myndræn þögn, fallegt hljóð  
Sjónvarpseiningar

## Montana

Hönnun: Peter J. Lassen

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / [www.epal.is](http://www.epal.is)



Með kaupum á  
sjónvarpseiningum  
Montana fylgir  
frír BEOPLAY M3  
háatalari.\*



\* Gildir frá 1. mars til 30. apríl á stórum og millistærð af einingunum

## BUBBI FALINN

Bubbi meitlaði musterið í ræktinni fimmtudaginn 1. mars og skildi eftir sig haf svíta við æfingataekin. „5 lotur púði, 100 hæðir stigi, 35 mín hjólið, tek aldrei fanga engin miskunn“ skrifaði hann á Facebook-síðu sína. Á berum skallanum skinu svitaperlur erfiðisins. „Perlur á graníti.“ Eiturhart.

Í síðustu viku mátti finna ásjónu Bubba á síðu 62. Bubbi er vitaskuld falinn í þessu blaði og geta glöggir lesendur reynt að finna kappann. Upplýsingar sendist á bubbi@dv.is. Dregið verður úr innsendum lausnum og fær sá heppni gjafabréf á veitingastað í höfuðborginni í verðlaun.



Finndu Bubba í blaðinu

Það er staðreynd að...



Formlegt heiti Íslands er Ísland, en ekki lýðveldið Ísland.

5 prósent Íslendinga ferðast hvorki innan- né utanlands á ári hverju.




117.133.000 einnar krónu myntir eru í umferð.

23 Íslendingar voru brenndir á báli fyrir nornagaldur. Ólíkt öðrum þjóðum var meirihlutinn af þeim karlmenn, 19 talsins.



Hagamýs eru fríðar úti í náttúrunni en ekki húsamýs.

Þú getur lifað án þess að hafa maga, milta, kynfæri, 75 prósent af lifur, 80 prósent af görnunum, annað nýrð og annað lungu. En þú værir samt ekki mjög hraust/ur.



Stefán Kristjánsson Skákmeistarinn lést í vikunni, aðeins 35 ára að aldri. Hann var ókvæntur en lætur eftir sig fjórtán ára gamlan son.

# Minningarorð um Stefán Kristjánsson stórmeistara

■ Stefán lést í vikunni aðeins 35 ára að aldri ■ Fyrsti íslenski stórmeistarinn sem fellur frá

Björn Þorfinnsson bjornth@dv.is



Þau hörmulegu tíðindi bárust í vikunni að Stefán Kristjánsson, stórmeistari í skák, er látinn. Stefán fæddist þann 8. desember árið 1982 og var því aðeins 35 ára gamall þegar hann lést. Hann er fyrsti stórmeistari Íslands sem fellur frá. Óhætt er að fullyrða að hann var einn hæfileikaríkasti skákmaður sem Ísland hefur eignast auk þess sem hann heillaði flesta sem honum kynntust með persónutöfrum sínum, greind og kímniágu.

## Byrjaði að tefla á „gamals aldri“

Stefán var 11 ára þegar hann byrjaði að tefla í Melaskóla. Það má nánast segja að hann hafi byrjað að tefla á „gamals aldri“ því yfirleitt byrja skákmenn um 5–6 ára aldur og yngstu stórmeistarar heims í dag eru 13–14 ára – þrautþjálfaðir reynsluboltar. Það kom strax í ljós að Stefán hafði ótrúlega hæfileika til skákiðkunar og hann flaug hratt upp metorðastigann. Sá er þessi orð ritar var á sínum tíma í hópi bestu unglunga landsins þegar Stefán hóf taflmennsku. Sá hópur kunni ákaflega vel við sig í efstu sætum innlendra skákmóta og flestum varð ekki um sel þegar nýliðinn byrjaði að leggja mann og annan og nálgast þá hratt í getu.

Það var ekki síst vegna þeirrar staðreyndar að Stefán bar enga virðingu fyrir sér eldri og reyndari mönnum. Í stað þess að brosa af þakklæti yfir að fá að mæta kempum eins og undirrituðum á unglingskákumótum og leggjast síðan samviskusamlega á höggstokkinn þá barðist hann um á hæl og hnakka, blés til sóknar eins og ekkert væri sjálfsgaðara og gerðist

meira að segja svo djárfur að þína andstæðinga í leiðinlegu endatafli í stað þess að sættast á skiptan hlut.

Til að bæta gráu ofan á svart reif hann oft kjaft eftir skákir en þó alltaf á góðlátlegan hátt og með húmorinn að vopni. Við, hinir eldri, vorum sem slegnir yfir þessum unga nýliða sem virti ekki þann sjálfsgaða skákvaldastrúktúr, að okkar mati, sem hafði verið mörg ár að skapast. Þess vegna fékk Stefán viðurnefnið „Pönkið“ því hann var eins manns uppreisn í skáksamfélaginu! Kunni hann vel að meta þetta viðurnefni.

## Skapaði ódaudleg listaverk á skákbörðinu

Stefán var með gríðarlega meðfædda hæfileika sem skákmaður. Hann hafði frábæra getu til þess að reikna út leikjaraðir og sjá þær fyrir sér í huganum. Þá var minni hans afar öflugt auk þess sem hann hafði til brunns að bera mikla þolinmæði. Það gerði að verum að hann var afar útsjónarsamur að bjarga sér úr erfiðum og leiðinlegum stöðum þar sem meðalmaðurinn bugast.

Einn helsti styrkleiki Stefáns var sá að hann var með stáltaugar. Það var á köflum töfrum líkast að sjá hann halda fullkominni ró sinni þegar skáklukkan taldi niður síðustu sekúndurnar í skákinni og andstæðingurinn taldi að sigur væri innan seilingar. Þá tók Stefán yfirleitt við sér og lék ógnarsterkum leikjum af mikilli yfirvegun. Í aðstæðum sem þessum skjálfa reyndir skákmeistarar oft af stressi en Stefán haggadist ekki. Bar hann til dæmis sigurorð af hinum þekktu bosníska stórmeistara og Íslandsvini, Ivani Sokolov, í slíkum aðstæðum á Evrópumóti taflfélaga árið 2007. Skákin var frá-

bærlega tefld af hálfu Stefáns, sérstaklega þegar haft er í huga að hann tefldi bróðurpartinn í bullandi tímahraki.

Eitt hið skemmtilegasta við skáklistina er sú staðreynd að haldið er utan um skákir í helstu mótum í sérstökum gagnagrunnum sem nokkur fyrirtæki gefa út. Þar eru hundruð listaverka Stefáns á hinum sextú og fjórum reitum varðveitt og munu þau vonandi ylja vinum hans og ástvinum um ókomna tíð. Þar reisti Stefán sér marga glæsilega minnisvarða sem aldrei munu falla.

## Fastamaður í landsliði Íslands

Stefán varð alþjóðlegur meistari í skák árið 2002, þá níján ára gamall. Hann var á undan flestum af sinni kynslóð og óumdeilt var að hann var orðinn sá sterkasti í hópnum og einn sá allra sterkasti á Íslandi. Hann hafði stungið okkur alla af. Hann reykspólaði síðan enn frekar yfir samkeppnina með því næla sér í þrjá áfanga af stórmeistaratitli á næstu árum en sá síðasti kom í hús árið 2006. Með réttu hefði Stefán átt að verða stórmeistari þá þegar.

Á þessum árum, 2000–2008, var Stefán fastamaður í landsliði Íslands. Hann tefldi níu sinnum fyrir Íslands hönd á þessum árum. Fimm sinnum á Ólympískákumóti og fjórum sinnum á Evrópumóti landsliða. Árangurinn var iðulega eftirtektarverður.

Skákin hafði hins vegar vikið fyrir öðru áhugamáli og því tefldi Stefán lítið næstu ár. Blessunarlega setti hann þó smá kraft í verkefnið að lokum og árið 2011 komst Stefán yfir 2.500 stiga markið og hafði þar með uppfyllt allar kröfur stórmeistaratitilsins. Hann var útnefndur stórmeistari á 82. þingi FIDE – alþjóða skáksambands-

ins sem haldið var dagana 15.–22. október 2011 í Kraká í Póllandi. Hann var tólfli íslenski skákmaðurinn sem hlaut þá tign. Fáa hefði grunað að Stefán yrði fyrsti íslenski stórmeistarinn til þess að falla frá.

## Fórnarlamb fiknar

Eins og áður segir fékk Stefán mikinn áhuga á póker í kjölfar vinsælda íþróttarinnar í sjónvarpi. Á þeim vettvangi nýttust hæfileikar hans afar vel, frábær geta hans til útreikninga, þolinmæði og stáltaugar. Á stuttum tíma hagnaðist Stefán vel á spilamennskunni og varð eins konar godsögn meðal íslenskra pókeráhugamanna. Sé leitað eftir notendanöfnum hans á netinu á Google má sjá umfjöllun um viðureignir hans við heimsþekktu pókerspilara þar sem háar fjárhæðir voru undir í hvert skipti.

Árið 2010 varð Stefán fyrir gríðarlegu áfalli þegar móðir hans, Margrét Stefánsdóttir, lenti í hræðilegu slysi. Margrét var að hjóla heim á leið í Vesturbæ Reykjavíkur þegar hún féll af hjólinu og slengdist utan í gangstéttarbrún. Afleiðingar slyssins urðu þær að Margrét hefur síðan þurft hjálp við allar athafnir daglegs lífs. Systur Stefáns, Lára Kristín og Anna Margrét, tjáðu sig um þessa erfiðu lífsreynslu í viðtali við DV árið 2014 sem vakti mikla athygli.

Í gegnum pókerinn komst Stefán í kynni við einstaklinga í undirheimum höfuðborgarinnar og hóf að fíkta við neyslu fíkniefna. Sá djöfull læsti klóm sínum í hann og sleppti aldrei takinu. Fallinn er frá hæfileikamaður sem skaraði fram úr í öllu því sem hann hafði áhuga á. Hugur hans var engum líkur og það mun taka íslenskt skáklíf langan tíma að jafna sig á þessu reiðarslagi. ■



# Þú afgreiðir framtalið þitt á aðeins **fimm** mínútum

## Skilafresti lýkur 13. mars

Á Íslandi sparar rafræna tæknibyltingin framteljendum mikinn tíma frá því sem áður var. Nú geta fjölmargir yfirfarið skattframtalið sitt á örfáum mínútum. Framtalið þitt er tilbúið og aðgengilegt á skattur.is með rafrænum skilríkjum eða veflykli RSK með innsendum upplýsingum frá launagreiðendum, fjármálastofnunum og fleirum.

Aðstoð verður veitt í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:00-15:30. Afgreiðslur eru opnar á sama tíma.

Auk þess verða afgreiðslur RSK á Laugavegi og á Akureyri opnar til kl. 18:00 mánudaginn 12. mars, þriðjudaginn 13. mars og föstudaginn 16. mars.

Framtalsaðstoð er einnig veitt í síma á sama tíma.

**Þú einfaldlega...**

**...opnar framtalið**

**...ferð yfir allar upplýsingar**

**...breytir ef ástæða er til**

**...staðfestir**



## Tvífarar vikunnar

Tvífarar vikunnar að þessu sinni eru Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, sem á þessari gömlu mynd virðast svipa mjög til hinna orðljótu óstýrilátu unglinga Beavis og Butt-Head. Ekki verður fjallað frekar um líkindi stjórnmálanna og Beavis og Butt-Head sem eru með konur á heilanum. Segja þeir endalausar frægðarsögur af sér í kvennamálum sem eru ekki sannar á meðan stjórnmálamenn segja alltaf sannleikann og standa við öll sín loforð.

## Hver er konan?

■ Hún er dóttir skipasmiðs og tannsmiðs og alin upp í Ytri-Njarðvík

■ Hún leikur á þverflautu og syngur í kór

■ Hún hefur starfað sem lögregluamaður, blaðamaður og í hótelmóttöku

■ Eiginmaður hennar er hvalveiðimaður á bátum Rokkarannum

■ Hún situr á Alþingi og vakti heimsathygli fyrir frumvarp sem hún setti nýverið

Svarið má finna á síðu 26



## Barinn á Hrauninu

Ráðist var á Guðmund Ellert Björnsson á Litla-Hrauni á miðvikudag. Guðmundur Ellert er starfsmaður Barnaverndar Reykjavíkur og situr í gæsluvarðhaldi grunaður um að hafa beitt skjólstæðing stofnunarinnar kynferðisofbeldi. DV hefur heimildir fyrir því að árásin hafi átt sér stað á útivistarsvæði á Litla-Hrauni.

Guðmundur var sleginn af manni af manni sem situr inni vegna fíkniefnamisferlis. Er hann grunaður um að hafa slegið Guðmund þungu höggi og um leið brotið gleraugu hans og fékk árásin mikið á barnaverndarstarfsmanninn.

# „Ég var komin með sár í hálsinn og farin að æla blóði“

■ Konum stýrt í áttina að sjúkdómnum ■ Sigrún Sigurpáls þjáðist af lotugræðgi

Aníta Estíva Harðardóttir  
anita@pressan.is

Sigrún Sigurpálsdóttir snappari glímdi við lotugræðgi í mörg ár þar sem hún vandi sig á að borða rosalega mikið af mat og kasta honum svo öllum upp strax í kjölfarið. Sigrún ákvað að opna sig varðandi veikindi sín í þeirri von að geta hjálpað öðrum í sömu stöðu.

„Þetta byrjaði svona árið 2007, en árið 2008 var þetta alveg byrjað fyrir alvöru. Í rauninni byrjaði þetta bara af því að mér fannst ég þurfa að verða mjórri en ég var.“

Sigrún tjáði sig opinberlega um sjúkdóm sinn á Snapchat og fékk í kjölfarið mikil viðbrögð. Sigrún gaf blaðamanni leyfi til þess að fjalla um veikindi sín.

### Gerðar kröfur að hún myndi léttast

Sigrún segir að gerðar hafi verið kröfur um að hún ætti að léttast en vill þó ekki tjá sig nánar um hvaðan.

„Ég man það eins og það hafi gerst í gær þegar ég tók ákvörðun um að æla matnum. Það gerðist eitthvað í hausnum á mér og allt í einu þá fattaði ég það að það væri náttúrulega besta hugmynd í heimi og myndi leysa öll mín vandamál ef ég færi bara að kasta upp öllum matnum sem ég borðaði. Það sem ég hélt að yrði lausn mín við öllum vandamálum varð að minni verstu martröð,“ segir Sigrún þegar hún rifjar upp upphafið að átröskun sinni.

„Á þessum tíma var ég að vinna frá 8-17 eftir það fór ég í ræktina í svona 40 mínútur, bara á brennslutæki. Síðan fór ég heim og hjólaði í klukkutíma.“

Sigrún greinir frá því að henni



hafi alltaf verið kalt. Hún hafi unnið í snjóbuxum og úlpu og að með tímanum hafi hún fundið að hún hafði sífellt minni orku.

### Upplifði skjálftaköst og orkuleysi

„Skiljanlega, því ég var ekki að gefa líkamanum neitt bensín. Ég fór að fá skjálftaköst og var í algjöru orkuleysi, gat varla stigið í fæturna.“

Sigrún reyndi að leita sér hjálpar hjá heimilislækni en kom þar að lokuðum dyrum.

„Ég fór til heimilislæknis og sagði honum að ég héldi að ég væri með átröskun. Hann bað mig þá um að lyfta upp bolnum svo hann gæti séð magann á mér og þegar ég gerði það þá sagði hann við mig: „Nei, nei, þú ert ekkert með átröskun, það er ekki hægt að sjá það, þú ert bara með fínan

maga.“ Og fór svo að fræða mig um hvernig hægt væri að skafa af sér á skíðavélinni í ræktinni.“

Þegar ættingjar og vinir Sigrúnar reyndu að skipta sér af því sem hún var að gera sér varð hún virkilega reið, enda taldi hún sig vita nákvæmlega hvað hún var að gera og væri með allt á hreinu.

„Það er eins og hugurinn sé tekinn í gíslingu, það er eins og maður sé í fangelsi og maður getur ekki hugsað rökrétt.“

### Var komin með sár í hálsinn og ældi blóði

Ef Sigrún ferðaðist snerist allt um að skipuleggja fyrirfram hvar hún gæti skilað matnum.

„Ég þurfti alltaf að vita hvar baðherbergið var, hverjir yrðu þarna og hvar ég gæti skilað matnum. Ég veit ekki hversu mörgum

klukkutímum af ævi minni ég hef eytt ælandi. Lokuð inni á baðherbergi að æla. Það er hræðilegt að hugsa um þetta. Þetta var svo langt gengið stundum að ég var komin með sár í hálsinn og var farin að æla blóði.“

Það var ekki fyrr en árið 2015 sem Sigrún lokað endalega dyrnunum að fangelsinu sem lotugræðgin var og gekk í burtu.

„Ég get ekki bent á neitt eitt sem varð til þess að ég hætti. Ég var komin með þrjú börn og þetta var ekki ég. Ég hætti að skoða allt á netinu sem lét mér líða svona illa, af því að þegar ég var sem verst þá gerði ég ekki annað en að skoða myndir af mjóum konum.“

### Konum stýrt í átt að sjúkdómnum

Sigrún segir að konum sé stýrt í áttina að þessum sjúkdómnum.

„Okkur er stýrt í þessa átt, að við þurfum að vera ógeðslega mjóar og flottar til þess að vera samþykktar, það er bara þannig. Við sjáum langmest myndir af glansmyndinni, þessu fullkomna, og okkur líður eins og við þurfum að vera þannig. En sem betur fer er það ekki þannig og ef það er einhver í lífi okkar sem krefst þess að við séum öðruvísi en við erum til þess að við þösum inn, þá eigum við að ganga í burtu. Við eigum ekki að þurfa að breyta okkur fyrir einhvern annan.“

Sigrún segir að ákvörðunin um að byrja að svelta sig sé sú versta sem hún hafi tekið í lífinu.

„Að halda að ef ég myndi æla matnum þá yrði ég hamingjusöm. Aðstandendum finnst maður oft vera vitlaus að gera þetta, og það að vera reiður við manneskjuna er það versta. Það er eins og bensín á eldinn. Þetta er bara sjúkdómur maður ræður ekkert við sig.“ ■

# Hallgrímur hafði rétt fyrir sér

Svarthöfði hvetur hann til að draga afsökunarbeiðnina til baka

## Svarthöfði

Svarthöfði var loksins sam-mála Hallgrími Helgasyni rithöfundu þegar hann sagði landsbyggðina vera hamfarasvæði á Twitter í vikunni. Af einhverjum óskiljanlegum ástæðum dró Hallgrímur svo í land þegar hann varð fyrir árásum hörundsárra íbúa landsbyggðarinnar.

Tilefni umræðunnar var frétt þess efnis að 21 flóttamaður frá Írak myndi setjast að á Súðavík, Ísafirði og Reyðarfirði. Gísli Marteinn Baldursson velti þessu fyrir sér á Twitter og blandaði senubjófurinn Hallgrímur sér í umræðuna með þvílíkum látum.

„Við fáum fólk frá hamfarasvæðum, hvert sendum við það? Jú, á okkar eigin hamfarasvæði, þar sem enginn Íslendingur vill lengur búa.“

Hárrétt hjá Hallgrími sem hefði mátt ganga miklu lengra í gagnrýni sinni á landsbyggðina í stað þess að draga í land þegar hinu hörundsáru sveitadurgar létu

hann heyra það. Við bendum á nokkra hluti um landsbyggðina og hversu ómöguleg hún er í sam-anburði við okkar stórkostlegu höfuðborg.

Á landsbyggðinni þarftu að gera þér að góðu að vera í mesta lagi fimm mínútur í vinnuna. Á tímum núvítundar, ihugunar og hugleiðslu og hvað það allt saman heitir er mikilvægt að hafa smá tíma með sjálfum sér – jafnvel eins og hálf tíma til klukkutíma hvern morgun. Í leiðinni er hægt að virða fyrir sér öll þau dásamlegu umferðarmannvirki sem finna má í Reykjavík og nágrenni; Kringlumýrarbrautina, Reykjanesbrautina að ógleymdri Miklubrautinni. Nú, svo er hægt að hjóla í vinnuna eða taka strætó – sem allt of fáir taka reyndar af einhverjum ástæðum.

Á landsbyggðinni er víða hægt að fá 200–300 fermetra einbýlishús fyrir fimmtung þess verðs sem gengur og gerist í hinni hóflegu höfuðborg. Blokkaríbúðir kosta nokkrar milljónir og leiguverð er djók. Svarthöfði er þeirrar skoðunar að þeir sem hafa snefl af stolti og sjálfsvirðingu



og hafa einhvern tímann stigið fæti inn í skuggahverfið geti væntanlega ekki hugsað sér að taka slíkan dil. Hver væri til í að sitja í 300 fermetra, 20 milljóna króna einbýlishúsinu sínu, við arineld, meðan hann gæðir sér á kakói og pönnukökum með útsýni yfir fjörðinn? Ekki sá sem hefur kynnst Vesturbænum, svo mikið er víst.

Á landsbyggðinni, öfugt við það sem gengur og gerist á höfuðborgarsvæðinu, fer ekki mikið fyrir lífsgæðakapphlaupinu eða

stressinu. Svífryksmengun, innbrot í heimahús, ofbeldi um helgar og skeytingarleysi gagnvart náungum eru hugtök sem varla þekkjast í fámennum byggðarkjörnum á landsbyggðinni. Hvaða tepruskapur er það? Það vantar alla spennu! Haldið þið í alvöru að flóttamenn, frá stríðshrjáðum löndum, vilji búa á slíkum hamfarasvæðum? Nei – og þar hefur Hallgrímur svo sannarlega á réttu að standa. Vertu maður, Hallgrímur, og dragðu afsökunarbeiðnina til baka. ■

# Í skugga Sveins

Stórskemmtilegur gamansöngleikur  
eftir Karl Ágúst Úlfsson



„Fyrirtaks skemmtun  
fyrir unga jafnt sem aldna“  
Silja Huldudóttir Morgunblaðið

„Það er svo sannarlega bjart yfir skugga  
Sveins. Drífi sig nú hver sem getur  
í Gaflaraleikhúsið“

Jakob Jónsson, Kvinnablaðið

„Þar með hefst galdraverkið, spuninn.  
Aldeilis ótrúlegt! Ekkert hik, engar tafir“  
Bryndís Schram DV

Rammíslenskur gamansöngleikur  
eftir Karl Ágúst Úlfsson

sunnudag 4. mars	kl 13.00
sunnudag 11. mars	kl 16.00
sunnudag 18. mars	kl 16.00
sunnudag 25. mars	kl 16.00

midi.is

Gaflaraleikhúsið

# Íbúðir í eigu Gylfa Sig

**Knattspyrnuhetjan hefur fjárfest fyrir 450 milljónir króna í íbúðum á höfuðborgarsvæðinu**

**Björn Þorfinnsson**  
bjornth@dv.is



**K**nattspyrnumaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson hefur gert það gott á knattspyrnuvellið undanfarin ár og er óhætt að fullyrða að hann sé eftirlætisíþróttamaður þjóðarinnar. Hann er líka launahæsti íslenski íþróttamaður sögunnar. Árslaun hans hjá enska knattspyrnuliðinu Everton eru tæplega 700 milljónir króna og þá eru auglýsingatekjur ótaldar.

Þrátt fyrir himinháar launagreiðslur berast reglulega tíðindi af afreksíþróttamönnum sem glutra auðæfum sínum niður. Gylfi Þór ætlar augljóslega ekki að lenda í þeirri gryfju og hefur freistað þess að fjárfesta skynsamlega með hjálp fjölskyldu sinnar. Fjallað hefur verið um fjárfestingar Gylfa Þórs í sjávarútvegi en minna um fjárfestingar hans í fasteignum.

Í gegnum félagið Stellar ehf. á Gylfi Þór tug glæsilegra íbúða á höfuðborgarsvæðinu. Þrjár í Kópavogi, þrjár í Hafnarfirði, þrjár

í Garðabæ og eina í Vesturbæ Reykjavíkur. Félag Gylfa Þórs, sem bróðir hans Ólafur Már er framkvæmdastjóri yfir, fjárfesti í fasteignunum á árunum 2013 til 2015. Heildar-kaupverð eignanna var tæplega 450 milljónir króna og eru þær nánast allar í útleigu, nema ein sem Gylfi Þór hefur afnot af þegar hann dvelur á Íslandi. Miðað við verðhækkun á fasteignamarkaði er óhætt að fullyrða að um góða fjárfestingu hafi verið að ræða. ■



**Granaskjól 74** Radhús sem er 184 fermetrar að stærð. Kaupdagur 13. október 2015. Kaupverð 68,5 milljónir króna.



**Línakur 1** Íbúð á 3. hæð sem er 122,9 fermetrar að stærð. Kaupdagur 15. september 2015. Kaupverð 42 milljónir króna.



**Álfkonuhvarf 49** 103,2 fermetra íbúð á 2. hæð. Kaupdagur 10. apríl 2015. Kaupverð 34,25 milljónir króna.





**Norðurbakki 9A** Íbúð á 5. hæð sem er 154,9 fermetrar að stærð. Kaupdagur 10. desember 2015. Kaupverð 64,25 milljónir króna.



**Haustakur 2** Íbúð á annarri hæð sem er 109,6 fermetrar að stærð. Kaupdagur 27. febrúar 2015. Kaupverð 37 milljónir króna.



**Traðarberg 7** Húsið er 198,8 fermetrar að stærð. Kaupdagur 13. nóvember 2013. Kaupverð 49,7 milljónir króna.



**Porrasalur 17** Íbúð á 3. hæð sem er 107,9 fermetrar. Kaupdagur 11. júlí 2014. Kaupverð 42,5 milljónir króna.



**Traðarberg 3** Íbúðin er á 1. hæð og er 130,2 fermetrar að stærð. Kaupdagur 7. ágúst 2013. Kaupverð 35 milljónir króna.



**Ásakór 4** Íbúð á 2. hæð sem er 116,8 fermetrar að stærð. Kaupdagur 30. ágúst 2013. Kaupverð 29 milljónir króna.



**Hallakur 1** Íbúð á 1. hæð sem er 134,7 fermetrar að stærð. Kaupdagur 30. apríl 2015. Kaupverð 45 milljónir króna.



# Nett fjölnotataeki

## MANITOU MLT 625-75 H

**Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar**

- Lyftigeta: 2.500
- Lyftihæð: 5.900 mm
- Fjór hjóladrífinn
- Fjór hjólastýrður
- 75 hestöfl, Kubota
- Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útvarp.

**Staðgreiðsluverð: 6.800.000 kr. + VSK**

**Viðurkennd varahluta- og viðgerðarþjónusta**

**PON**

# LÖGREGLUSKÝRSLA STAÐFESTIR AÐ EKIÐ VAR YFIR HREGGVIÐ

DV birtir atburðarás meintrar líkamsárásar í Árnassýslu þar sem ótrúlegar nágrannaerjur geisa

Björn Þorfinnsson  
bjornth@dv.is



Rannsókn lögreglu á meintri alvarlegri líkamsárás við bæina Langholt 1 og 2 í Árnassýslu er lokið og hefur málið verið sent til ákærusviðs. Fórnlamb hinnar meintu árásar, Hreggviður Hermannsson, tjáði sig um árásina í viðtali við DV í byrjun janúar á þessu ári. Sakaði Hreggviður nágranna sinn, Ragnar Val Björgvinsson, um að hafa reynt að keyra yfir hann á bifreið. „Hann reyndi að drepa mig,“ sagði Hreggviður í umræddu viðtali en segja má að árásin hafi verið lokahnykkurinn í nágrannadeilum sem eiga sér vart hliðstæðu hérlendis.

Ásakanirnar hafa gengið á víxl milli nágrannanna undanfarin ár og hefur lögregla þurft að hafa ítrekuð afskipti af málinu. Það sem greinir þessa meintu árás frá öðrum er sú að hún náðist á upp-töku nokkurra öryggismyndavéla sem lögreglan lagði hald á. Myndavélarnar voru í eigu meints árásarmanns. Hreggviður hefur freistað þess að fá afrit af mynd-



Áverkar Hreggviður var lemstraður eftir árásina. MYND HREGGVIÐUR HERMANNSSON

bandsupptökunum til þess að höfða einkamál gegn nágranna sínum. Verklagsreglur lögreglu heimila ekki slíkt en þess í stað fékk Hreggviður atburðarás myndbandsins skrifaða upp af lögreglumannni. Þá skýrslu hefur DV undir höndum og birtir hér orðrétt.

„Ég hef verið þeirra skoðun-

ar að lögreglan hafi dregið taum nágranna minna í deilum okkar. Allur titlingaskítur er túndur til um mig og keyrður í gegnum réttarkerfið,“ segir Hreggviður í samtali við DV. Eins og DV fjallaði um hlaut hann 30 daga fangelsisdóm á dögnum fyrir litlar sakir að eigin sögn. „Ég áfrýjaði



Hreggviður Hermannsson Sakaði nágranna sinn, Ragnar Val Björgvinsson, um morðtilraun. MYND DV EHF / SIGTRYGGUR ARI

þeim dómi og málið verður fljótlega tekið fyrir í Landsrétti,“ segir Hreggviður. Hann segist hafa leit að til fjölmiðla því hann treystir ekki málsmeðferð lögreglunnar. „Dóttir nágranna minna starfar á ákærusviði lögreglunnar og ég tel að það sé ástæðan fyrir því að ákærum mínum, meðal annars

um líkamsárásir, er vísað frá. Rannsókn þessarar árásar er lokið og málið er því komið til ákærusviðs lögreglunnar. „Ég hef ekki mikla trú á því að nágranni minn verði ákærður, jafnvel þótt óbyggjandi sönnunargögn liggi fyrir. Ég þarf að leita réttlætis með öðrum hætti,“ segir Hreggviður. ■

## Atburðarásin var orðrétt þessi samkvæmt skýrslu lögreglu:

**Kl. 15:22:59** má sjá hvar bifreiðin MH-208 hefur stöðvað við enda heimreiðar og Fríður Sólveig stígur út úr bifreiðinni og gengur að lokun.

**Kl. 15:22:10** má sjá hvar bifreiðin MH-208 er ekið áfram í sömu mund og Fríður gengur að öðrum enda lokunar og fyrir framan bifreiðina.

**Kl. 15:23:18** má sjá hvar Fríður leggur af stað gangandi inn heimreiðina og dregur gaddavír á eftir sér. Í sömu mund er bifreiðinni MH-208 ekið aftur á bak

**Kl. 15:23:24** byrjar Fríður að hlaupa við fót og Hreggviður Hermannsson kemur í mynd og tekur á rás á eftir Fríði.

**Kl. 15:23:27** má sjá hvar Hreggviður Hermannsson stígur á gaddavír, Fríður Sólveig stöðvar og snýr að Hreggviði og þakkar. Í sömu mund má sjá hvar bifreiðinni MH-208 er ekið af stað inn heimreiðina.

**Kl. 15:23:30** má sjá hvar Hreggviður Hermannsson beygir sig fram og teygir hægri hendi að rúllu-plasti sem er fast á gaddavír. Fríður Sólveig hörfar aftur á bak undan Hreggviði og bifreiðin MH-208 stefnir á Hreggvið sem snýr baki í bifreiðina.

**Kl. 15:23:31** má sjá hvar Hreggviður kastast upp á vélarhlíf MH-208 og lendir á bakinu. Fríður Sólveig snýr að bifreiðinni MH-208 hægra megin við bifreiðina.

**Kl. 15:23:35** er bifreiðin MH-208 kyrrstæð og Hreggviður stendur fyrir framan bifreiðina.

**Kl. 15:23:35** má sjá hvar bifreiðinni MH-208 er ekið af stað og í sömu mund má sjá hvar Hregg-

viður Hermannsson lyftir upp hægri hendi og reiðir til höggs

**Kl. 15:23:36** hörfar Hreggviður Hermannsson undan bifreiðinni MH-208 sem er ekið áfram og er beygt til vinstri.

**Kl. 15:23:37** er bifreiðinni MH-208 ekið áfram til hægri í átt að öspum utan við heimreiðina

**Kl. 15:23:38** má sjá hvar hvar Hreggviður Hermannsson styður hendi á vélarhlíf en hann hörfar aftur á bak undan MH-208. Sjá má hvar snjór þeytist undan afturenda bifreiðarinnar er stefnir á aspir. Fríður Sólveig er á þessu augnabliki hægra megin við bifreiðina, fyrir miðju hennar.

**Kl. 15:23:39** er framendi bifreiðarinnar MH-208 á milli aspa og sjá má hvar snjór þeytist undan afturenda bifreiðarinnar inn á heimreiðina. Sjá má hvar Fríður Sólveig ber við afturenda MH-208.

**Kl. 15:23:41** er bifreiðin komin fram hjá öspum inn á svokallaða eyju og sjá má hvar Hreggviður Hermannsson liggur á vélarhlíf bifreiðarinnar og fótur/fætur eru á lofti.

**Kl. 15:23:43** má sjá greinilega hvar Hreggviður Hermannsson liggur á vélarhlíf bifreiðarinnar sem ekið er greitt og má sjá hvar ökumaður, Ragnar Valur Björgvinsson, byrjar að beygja bifreiðinni. Á sömu sekúndu er bifreiðinni beygt til hægri og sjá má hvar snjór þeytist undan bifreiðinni. Á sömu mund má sjá hvar Hreggviður er að falla af bifreiðinni

**Kl. 15:23:44** er Hreggviður fallinn af bifreiðinni. Vinstri hlið bifreiðarinnar og Hreggviður Hermannsson falla saman, ekki er hægt að greina Hreggvið í mynd

af þeim sökum. Bifreiðin rásar til hægri í krappri beygju. Sjá má síðan hvar afturendi MH-208 fer upp að aftan og greina má líkama Hreggviðs við afturenda bifreiðarinnar. Ekki er hægt að greina hvaða líkamshluti Hreggviðs sést á myndskaiðinu. Sjá má hvar afturendi MH-208 fer aftur niður og sjá má Hreggvið sem þúst upp við vinstri afturenda bifreiðarinnar.

**Kl. 15:23:45** má sjá hvar afturendi MH-208 þeytist til vinstri í hægri beygju og sjá má hvar Hreggviður er sem þúst við afturenda bifreiðarinnar. Á þessum tímupunkti má sjá hægri hlið bifreiðarinnar. Síðan má sjá hvar Hreggviður ber saman við afturenda bifreiðarinnar og sjá má hvar snjór þeytist undan afturenda bifreiðarinnar, spól í krappri hægri beygju.

**Kl. 15:23:46** má greina Hreggvið Hermannsson sem



þúst við afturenda bifreiðarinnar

**Kl. 15:23:47** má sjá hvar Hreggviður krýpur á fjórum fótum og framendi MH-208 vísar að öspum, stefnir að öspum og sjá má hvar snjór þeytist undan afturenda bifreiðarinnar.

**Kl. 15:23:50** má sjá hvar Hreggviður Hermannsson reisir sig upp.

**Kl. 15:23:52** er Hreggviður staðinn upp og þá er framendi MH-208 milli aspa.

**Kl. 15:23:53** er bifreiðinni MH-208 ekið á milli aspa í átt að heimreið. Hreggviður leggur af stað, stingur við fót, áleiðis til baka af eyju sömu leið.

**Kl. 15:23:58** er bifreiðin MH-208 stöðvuð á heimreið, bílstjórahurð opin og Fríður gengur heimreið í átt að Langholti 2.


**Kl. 15:24:10** er bifreiðin MH-208 og Fríður Sólveig komin úr mynd og Hreggviður er þá kominn að heimreið og gengur til baka

**Kl. 15:24:40** er Hreggviður kominn úr mynd.



Áverkar Það stórsá á Hreggviði eftir árásina.

MYND HREGGVIÐUR HERMANNSSON



# Svíf þú inn í svefninn

...í rúmi frá okkur!



**Rúm, springdýnur, sængurver, púðar, rúmteppi & gjafavara!**  
...við erum með þetta allt og meira til!



Við vorum að taka upp nýja sendingu af ilmstrám og ilmkerum frá Mysenso.



Íslensk hönnun

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

[www.rbrum.is](http://www.rbrum.is) | [rum@rbrum.is](mailto:rum@rbrum.is) | erum á [facebook](https://www.facebook.com/rbrum)

Opið alla virka daga frá kl. 09.00–18.00, laugardaga 10.00–14.00, sunnudaga lokað

**Ævar Freyr fékk stuttan dóm fyrir hrottalegt heimilisofbeldi:**

# „Vonbrigði þegar svona dómur fellur“

Sýknaður af nauðgun þótt dómari hafi metið að allt annað í framburði Ingibjargar stæðist

Hjálmar Friðriksson  
hjalmar@dv.is



**Æ**var Freyr Eðvaldsson var stuttu fyrir áramót dæmdur í tólf mánaða fangelsi, þar af níu mánuði skilorðsbundna, fyrir gróf brot gegn fyrrverandi eiginkonu sinni, Ingibjörgu Helgu Halldórsdóttur. Dómur Ævars Freys hefur aldrei birst á vef dómstóla og furðar Ingibjörg sig á því í samtali við DV.

Ævar Freyr var dæmdur fyrir kynferðislega áreitni, líkamsárás, húsbrot, hótanir, ærumeiðingar og ólögmdæta nauðung en þarf þó í mesta lagi að sitja í fangelsi í þrjá mánuði, haldi hann skilorð. Hann var líka ákærður fyrir nauðgun en var sýknaður af henni, þó allt annað í frásögn Ingibjargar hafi verið samþykkt af dómara.

Ingibjörg segir í samtali við DV að henni þyki Ævar raunar sleppa ótrúlega vel frá málinu í ljósi þess sem hún gekk í gegnum yfir langt skeið. „Mér fannst hann sleppa afskaplega vel miðað við hvað hann lét mig ganga í gegnum trekk í trekk. Og svo fannst mér undarlegt að hann var sýknaður af nauðgun en dæmdur fyrir líkamsárás og kynferðisbrot. Í ljósi #metoo-umræðunnar þá hélt maður að þetta yrði litit alvarlegri augum. En sumt breytist seint,“ segir Ingibjörg.

## Mörg brot einn sunnudag

Ákæra gegn Ævari Frey var í mörgum liðum og varðaði fjölmörg atvik sem áttu sér öll stað árið 2015. Hann var dæmdur fyrir að hafa sunnudaginn 22. febrúar það ár áreit Ingibjörgu með því að girða niður buxur hennar, rífa af henni nærbuxur og bol og svo strjúka ber kynfæri hennar.

Ævar Freyr var enn fremur

dæmdur fyrir að hafa þetta sama kvöld slegið hana þrisvar sinnum með flötum lófa í andlitið og nokkru síðar sparkað þrisvar sinnum í bak hennar þar sem hún lá í rúmi í svefnherbergi. Hann herti svo peysu, sem Ingibjörg klæddist, að hálsi hennar. Að lokum ýtti hann henni á skáp í svefnherbergi og hótaði að brjóta á henni andlitið.

## Sýknaður af nauðgun

Ævar Freyr var að lokum ákærður fyrir að hafa þetta sama kvöld nauðgað henni, eftir að hann sló hana en áður en hann sparkaði í hana upp í rúmi. Hann var sýknaður af þeim hluta ákærunnar. Ingibjörg segir að hann hafi hótad henni að ef hún stundaði ekki munnmök með honum myndi hann nauðga henni í endaparminn.

Ólíkt öðrum liðum dómsins er mörgum orðum varið í að túlka það atriði og er sérstaklega talað um að Ævar Freyr hafi þurft að gera sér grein fyrir því að hún hafi ekki verið samþykkt mökum. Með öðrum orðum þá er dæmt honum í vil þar sem hann hafi mögulega haft réttmæta ástæðu til að halda að hún vildi eiga mök við hann. Ævar Freyr var þó dæmdur fyrir stórfelldar ærumeiðingar með því að hafa eftir þessi mök hrækt á fyrrverandi eiginkonu sína þar sem hún lá á rúminu.

„Ég hafði ekkert val eftir að búið var að rífa af mér fötin og ógna mér. Ég gerði einfaldlega það sem hann sagði mér. Ég þurfti bara að komast lifandi frá þessu og komast út með börnin mín,“ segir Ingibjörg.

## Tvær árásir utan dyra

Ævar Freyr var dæmdur fyrir fleiri brot en þau sem áttu sér stað 22.



febrúar. Hann var dæmdur fyrir ólögmdæta nauðung með því að hafa utan dyra þann 26. apríl árið 2015 tekið utan um Ingibjörgu, lyft henni upp, sett hana inn í bifreið og reynt að loka bíldyrnum en hún náði að koma í veg fyrir það með að setja fót sinn fyrir hurðina.

Hann var svo dæmdur fyrir að hafa í júlí 2015 veist að Ingibjörgu utan dyra við Engihjalla í Kópavogi. Ævar Freyr var dæmdur fyrir að hafa hrint henni þannig að hún

féll á jörðina, gripið í kjálka hennar og kreist, hrækt framan í hana, tekið í hægri handlegg hennar og snúið upp á handlegginn, rífið í jakka hennar, þrýst henni upp að vegg og tekið hana kverkatki. Nokkrum mánuðum síðar, í september, réðst Ævar Freyr inn á heimili þáverandi tengdamóður sinnar og veittist að Ingibjörgu. Hann hrækti framan í hana og sló hana með flötum lófa í andlitið.

Ingibjörg segir að dómurinn

sýni að nokkru leyti brotalamir íslensks réttarkerfis. Ævar fær hvort tveggja mjög stuttan dóm og hann er sýknaður af nauðgun þótt dómur hafi talið allt annað sem gerðist það kvöld sannað. „Mér finnst mjög mikilvægt að vekja athygli á því hvernig þetta kerfi ef. Það er svo erfitt fyrir konur í minni stöðu að halda svona út til lengdar og verða svo fyrir vonbrigðum þegar svona dómur fellur,“ segir Ingibjörg. ■




*Castello*  
PIZZERIA

ELDBAKAÐAR EÐAL PIZZUR  
SÍMI 577 3333

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI

DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI


# Tónlistarnám í takt við framtíðina



Nú er opið fyrir umsóknir í Menntaskóla í tónlist fyrir skólaárið 2018-2019. Skólinn er stofnaður af Tónlistarskólanum í Reykjavík og Tónlistarskóla FÍH og býður upp á fjölbreytt tónlistarnám í rytmískri

og klassískri tónlist. Námið er góður valkostur fyrir þá sem vilja stunda fjölbreytt tónlistarnám í skapandi og skemmtilegu umhverfi. MÍT býður upp stúdentsbraut þar sem hægt er að ljúka stúdents prófi

með tónlist sem aðalnámsgrein og einnig almenna tónlistarbraut sem hentar nemendum sem stunda nám við aðra framhaldsskóla en hafa áhuga á að stunda metnaðarfullt tónlistarnám á framhaldsskólastigi.



## MÍT opnar fyrir umsóknir

Kynntu þér námið á heimasíðu skólans: **menton.is**. Umsóknarfrestur er til 21. apríl og inntökupróf verða haldin í lok apríl/byrjun maí.

Sótt er um námið á **menton.is**.





# Unga fólkid sem vill breyta borginni

Spennandi sveitarstjórnarkosningar fram undan

Ari Brynjólfsson  
ari@div.is



Það stefnir í spennandi borgarstjórnarkosningar í vor. Aldrei hafa jafn margir verið í framboði og aldrei jafn mörg sæti í boði. Áhugi ungs fólks á stjórnmálum fer dvínandi en samkvæmt tölum Hagstofunnar var

kosningaþátttaka fólks á aldrinum 20 til 29 ára undir 50 prósentum í síðustu sveitarstjórnarkosningum samanborið við kosningaþátttöku fólks á aldrinum 65 til 69 ára sem var yfir 80 prósent. DV ræddi við nokkra frambjóðendur undir þrítugu í Reykjavík til að komast að því hvað vakti áhuga þeirra á pólitík og hvað þeir vilja gera fyrir borgina. ■

## Kynntist borgarmálunum í gegnum félagsstörf

Ragna Sigurðardóttir - Læknanemi  
9. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík

Ragna er fráfariandi formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands og býður sig fram í 9. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík. „Ég er þriðja árs læknanemi en hef verið í árs leyfi á meðan ég er formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Ég er nýbúin að skrá mig í flokkinn, mér fannst best að vera óflokksbundin í störfum mínum í Stúdentaráði.“

Ragna var áður formaður Röskvu og kom meðal annars að stofnun geðfræðslufélagsins Hugrúnar, hún hefur lært mikið í gegnum félagsstörf. „Ég hef kynnst vel húsnæðisvanda stúdenta og ungs fólks og hef unnið með núverandi forystu í borginni varðandi uppbyggingu stúdentaíbúða. Ég hef góða reynslu af því að vinna með Degi borgarstjóra. Það er að hluta til ástæða þess að ég gef kost á mér núna, ég vil að þetta góða starf meirihlutans í borginni haldi áfram.“

Hún upplifir ekki að ungt fólk hafi lítinn áhuga á stjórnmálum. „Ef við komum ekki inn í stjórnmálin til að benda á jákvæðu hliðarnar á stjórnmálum og virkja annað ungt fólk til þátttöku þá missum við okkar rödd, þá fyrst verður mikil hætta á að ungt fólk missi allan áhuga.“



## Getur verið leikkona og í pólitík

Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm - Leik- og söngkona  
4. sæti á lista Vinstri – grænna í Reykjavík

„Ég var lengi vel í hálfgerðri afneitun fyrir áhuganum á að taka þátt í pólitík. Ég hef alltaf fylgst grannt með öllu á hliðarlínunni en sannfærði sjálfa mig um að mig langaði ekkert að vera með. Einnig hef ég, eins og margar konur, lent í því að vera sagt að ég ætti ekkert endilega eitthvert erindi, ég væri alltof mikil tilfinningvera, ekki nógu mikill nagli og allt það sem við fáum að heyra. En eftir því sem ég hugsa það meira þá sé ég ekkert að því að vera tilfinningvera í pólitík. Pólitík snýst um fólk og fólk er tilfinningaverur,“ segir Hreindís Ylva. Hún er leik- og söngkona og því eru listir og menning eitt af hennar stærstu hugðarefnum.

„Reykjavík er um margt stórkostleg borg og það er ástæða fyrir því að ég valdi að flytja heim. Hér er fullt af möguleikum og það sem heillaði mig er að hér get ég verið með mörg járn í eldnum. Ég get verið leikkona OG í pólitík.“



## Einstaklingurinn í forgangi

Ragnhildur Alda María Vilhjálmssdóttir - Sálfræðinemi  
11. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Ragnhildur Alda María, iðulega kölluð Alda, þjáist af óbilandi bjartsýni og þolinmæði, því ætla hún að ná langt í stjórnmálum. „Hingað til hef ég aðallega verið að bardúsa í grasrótinni en þegar ég byrjaði fyrir þremur árum var markmiðið að stuðla að því að það væru ferlar í samfélaginu sem tækju með markvissari hætti á geðheilbrigðismálum,“ segir Alda.

Hún vill að einstaklingar séu í forgangi. „Í stuttu máli þá fylgi ég þeirri forsendu að velferð samfélagsins, efnahagslega sem og félagslega, sé fólgin í mannaúdi einstaklinga og ef samfélagið býr þannig í haginn að allir fái tækifæri til að styðja sjálfa sig í gegnum lífið þurfa ákveðnar forsendur að vera fyrir hendi. Þær eru tækifæri til bæði menntunar sem og að hafa þak yfir höfuðið án þess að finna sig í fátækragildru fyrir vikið, tækifæri til atvinnu og tækifæri til skilvirkar heilbrigðisþjónustu.“

Alda segir húsnæðisvandann í Reykjavík vera til skammar. „Ég veit um mörg dæmi þess að ungir sem aldnir og einstæðir foreldrar séu að lenda á götunni með jafnvel engan annan kost en að leigja herbergi í kjallara fjölbýlis fyrir 80.000 krónur á mánuði, þar sem ekki er einu sinni sturtuadstaða. Það er hægt að benda í margar áttir en staðreyndin er sú að þetta er framboðsvandi að mestu leyti, og hlutverk núverandi borgarstjórnarmeirihluta í því er til skammar. Þessu verður að breyta.“



## Vill breyta íslenskri menningu

Dóra Björt Guðjónsdóttir - Alþjóðafræðingur  
Frambjóðandi í 1.-2. sæti í prófkjöri Pírata í Reykjavík

Dóra Björt er fyrrverandi formaður Ungra Pírata og býður sig fram sem oddvita Pírata í Reykjavík. Hún er alþjóðafræðingur og tók nýverið við sem formaður Femínistafélags Pírata. „Ég er Pírati og femínisti sem fer vel saman því að þú getur ekki haft lýðræði án jafnréttis.“

Dóra Björt ætla sér stóra hluti. „Ég vil breyta íslenskri menningu, ég vil skapa lýðræðismenningu þar sem fólk er tilbúið að skipta um skoðun, taka mótrökum, kynna sér málin til hlítar og leggur áherslu á að lýðræði og tjáningarfrelsi skiptir máli,“ segir Dóra. Hún, sem bjó í Noregi í sjö ár. „Fólk talar miklu meira um lýðræði þar en hér. Ég tek sem dæmi einkafyrirtæki þar sem er engin formleg krafa um faglega ráðningu, þá er það almenningur sem gerir kröfu um gagnsæi og lýðræði. Þetta er það sem vantar hér. Hér horfum við alltaf á lagabókstafinn og reynum að fara framhjá honum.“

Ég er ung, ég hef séð hvernig hægt er að gera hlutina betur og tel mig vera með snertiflöt við kynslóðina sem er að vaxa úr grasi og hvernig hún vill sjá borgina. Við viljum nota almenningsamgöngur, við viljum ekki þurfa að eiga bíl, við þurfum ekki risastórt hús og viljum lifa innihaldsríku lífi í borgarsamfélagi.“



## Ætlar að slaufa skrifinnaskunni

Örn Bergmann Jónsson - Bóksali  
10. sæti á lista Miðflokksins í Reykjavík

„Ég er í Miðfloknum því við erum kerfisbreytingaflokkur, við viljum ekki að þeir sem eru ofsarikir verði ofsarikir endalaust og að lýðræðið sé fært nær fólkinu,“ segir Örn Bergmann, frambjóðandi Miðflokksins í Reykjavík. Hann hefur miklar áhyggjur af stöðu ungs fólks í borginni. „Í fyrsta skipti hefur unga kynslóðin það verr en kynslóðin á undan. Ef þetta heldur svona áfram þá missum við fólk úr landi. Ungu fólkid vill vera í Reykjavík og því þurfum við að byggja.“

Örn segir nauðsynlegt að byggja húsnæði, er hann mjög hrifinn af hugmyndum um húsnæðissamvinnufélag. „Borgin getur þá útvegað íbúðir sem fólk getur leigt á viðráðanlegu verði, það er ekkert sérstaklega fyrir ungt fólk eða eldri borgara. Hann segir litlu máli skipta hvort byggt sé miðsvæðis eða í úthverfum. „Mér finnst borgin vera alveg nógu þétt, það má alveg þetta byggð en við eigum nóga af borgarlandi þar sem er hægt að byggja á mjög skömmum tíma. Það er hægt að útvega land strax í vor og afhenda íbúðirnar í janúar. Það þarf ekki alla þessa skrifinnasku.“





# Den Danske Kro

Kro · Bodega · Pub



\* HAPPY HOUR FRÁ 16-19 ALLA DAGA \*

\* LIFANDI TÓNLIST ÖLL KVÖLD \*



Ingólfsstræti 3 101 Reykjavík 552-0070 [facebook.com/dendanske.kro](https://facebook.com/dendanske.kro)

# „ÉG ER BÚINN AÐ

■ Martröðin hófst þegar Birgir byrjaði að sprauta sig ■ Elva ætlaði sér ekki að verða edrú

Aníta Estíva Harðardóttir  
anita@pressan.is



## SAGA BIRGIS

**Birgir Rúnar Benediktsson** er þrjátíu og sex ára gamall, hann á sextán ára stelpu sem býr hjá móður sinni og fimm ára strák sem býr hjá honum.

**L**öngu áður en ég byrjaði að nota fíkniefni þá fannst mér alltaf vanta eitthvað í lífið, mér leið ekki vel á uppvaxtarárununum og ég byrja að drekka 12 ára gamall. Þá fann ég einhverja lausn og ég líki þessu oft við púsluspil, ég fann einhvern veginn síðasta púslíð og ég var tilbúinn. Þetta gerði alveg ótrúlega mikið fyrir mig fyrstu tíu árin og það var alltaf þessi tilfinning þegar ég prófaði eitthvert nýtt efni að það væri alveg geðveikt. Þetta var stanslaust partí, djamm, allir klúbbarnir og skemmtistaðirnir, alveg þangað til ég var orðinn 22 ára en þá fór ég í neyslu sem ég ætlaði mér aldrei að fara í. Þá byrjaði ég að sprauta mig,“ segir Birgir sem er í dag búinn að vera edrú í fjögur ár.

Þegar Birgir var tuttugu ára gamall eignaðist hann sitt fyrsta barn og gerði sér ekki grein fyrir því þá að hann væri haldinn sjúkdómi.

„Ég hélt að ég væri að nota af því að mér fannst það svo gaman. En þegar fyrsta barnið mitt kom í heiminn var ég alveg með það á hreinu að ég ætlaði að vera góður pabbi. Ég hafði nokkrar svona grunnreglur, ég vildi verða góður pabbi, ég ætlaði að vera góður sonur, ég ætlaði ekki að stela af vinum mínum og ég ætlaði ekki að sprauta mig. Svo þegar þetta litla barn kom í heiminn þá bara gat ég ekki hætt og það var því líkt áfall fyrir mig. Ég þurfti að horfa upp á barnið mitt og barnsmóður mína fara út af heimilinu og mér var einhvern veginn skítsama.“

### Helvítið byrjaði þegar Birgir hóf að sprauta sig

Birgir segir að erfiðleikarnir hafi byrjað fyrir alvöru þegar hann fór að sprauta sig.

„Þá byrjar það einhvern veginn, helvítið, fyrir alvöru. En áfengið og fíkniefnin sviku mig þegar ég var tuttugu og þriggja ára gamall, þá var einhvern veginn alveg sama hversu mikið ég notaði, ég gat ekki deytt þær tilfinningar sem ég hafði áður en ég byrjaði að drekka. Ég var hræddur, óttasleginn, kvíðinn og ég gat ekki talað við fólk. Svona gekk þetta í tíu ár og ég á að baki allt í allt þrjátíu og sex innlagnir á



Birgir Rúnar  
Birgir Rúnar í dag.  
MYND EINAR RAGNAR

Vog. Ég fór líka á Staðarfell, Hlaðgerðarkot og á geðdeild af því að ég gat aldrei verið í neyslu í nema 1–3 mánuði í senn og þá var ég bara að deyja og þurfti að leita mér læknis-hjálpar. Þá langaði mig alltaf ótrúlega mikið til þess að hætta, en um tveimur dögum seinna, þegar ég var búinn að fá mér að borða og sofa þá var ég búinn að ná mér aðeins og þá gleymdi ég því að

ég hefði verið að deyja úr alkóhólisma tveimur dögum áður og fannst þetta ekkert vandamál.“

Birgir segir óheildarleikann alltaf hafa orðið honum að falli og að alkóhólistar sem séu að reyna að vera edrú megi ekki leyfa sér neinn óheildarleika ef þeim á að takast það. Birgir átti hvergi sama stað og svaf hann ýmist í gisti-skýlinu, á stigagöngum eða úti.

### Ekkert sem stoppaði hann

„Það var ekkert sem stoppaði mig, ekki einu sinni þessi fimm ára drengur sem ég á í dag. Ég þurfti að horfa á þau fara frá mér. Ég er búinn að deyja þrisvar sinnum úr of stórum skammti og ég vaknaði alltaf í öndunarvél, með fullt af leiðslum í mér og ég reif þær allar úr mér og fór út og fékk mér aftur.“

Þann 12. febrúar árið 2014

fór Birgir í sína síðustu meðferð í Krýsuvík og eitthvað gerðist hjá honum sem varð til þess að hann gat orðið edrú.

„Ég var orðinn svo þreyttur á þessu götulífi, leiður á því að vera á ráfi með bakpokann minn, alltaf að stela og brjótast inn. Ég var bara að deyja og ég fór í þessa meðferð og ég veit ekki almennilega hvað gerðist en ég var réttur





## LEIÐIN HEIM:

# „Ísland er æði, vildi að ég hefði komið hingað frekar en til Noregs“

■ Aldrei að fara auðveldu leiðina í lífinu ■ Leið eins og úrgangi ■ Fékk tækifæri á Íslandi

Kristjón Kormákur Guðjónsson  
kristjon@dv.is



Ég er búinn að spila bumbubolta í Reykjavík í rúm fimm ár. Meirihlutinn í grúppunni er útlendingar; Pólverjar, Slóvenar, Litháar og Serbar. Það myndar áhugaverða dýnamík. Sumir tala hvorki ensku né íslensku. En við getum talað saman á vellinum. Þetta eru bestu samskiptin. Samskipti án orða.

Þetta segir rithöfundurinn Bjarni Klemenz sem er einn þeirra sem halda utan um að skipuleggja knattspyrnuæfingar fyrir flóttamenn á Íslandi. Í Facebook-hóp félagsins eru um 150 manns. Bjarni segir að fastur kjarni af flóttamönnum mæti á æfingar.

„Að einhverju leyti gefur fótboltastíllinn til kynna hvers konar karakter maður er. Eftir nokkra leiki veit maður nokkurn veginn hvers konar náungi liðsfélagi manns er. Egóisti á vellinum er það líka í lífinu. Það gildir einnig um vinnuhestana,“ segir Bjarni.

Einn liðsfélagi heitir Sayed Ehsan Hoseiny (Ehsan Ísaksson á íslensku) sem kemur frá Afganistan. Hann hefur engan bakgrunn í fótbolta, byrjaði að spila sautján ára gamall og hefur óbilandi trú á fótbolta. Hann fæddist í Íran og tilheyrir útbrenndu kynslóðinni – börnum flóttamanna. Hann hefur mjög sterka framtíðarsýn og ætlar að snúa aftur til Afganistan og leggja sitt af mörkum við endurbýggja land sitt, svo ekkert annað barn þurfi að ganga í gegnum það helvíti sem hann hefur þurft að upplifa. Bjarni ræddi við Ehsan Ísaksson fyrir DV.

„Ég er Afgani, ég fæddist reyndar í Íran. Foreldrar mínir bjuggu þar í rúm 35 ár,“ segir Sayed Ehsan spurður um uppruna sinn. Hann bætir við hann sé enn að bæta sig og hafi ekki náð markmiðum sínum.

Þú hefur aldrei gefist upp?

„Jú, það gerði ég. Ég er mannlægur, en ég reyni samt...“

Þú ert góður varnarmaður, er það þín uppáhaldsstaða?

„Takk fyrir að segja það. Enginn hefur sagt mér það fyrr. Að vísu finnst mér gaman að sóla og skora, þannig að vörn er ekki beint óskastaða.“

Myndir þú vilja spila annars staðar?

„Já, mér finnst gaman að vera

Ali Akbar og Eshan Ali Akbar þykir lunkinn og efnilegur knattspyrnumaður en hann hefur áhuga á að spila með íslenskum liðum.



Ég fékk vinnu fljótlega og komst í skóla, ég er núna í Menntaskólanum í Hamrahlíð.

frammi, óskastaða mín er að vera staðsettur framarlega á miðjunni. Svona eins og Marcelo.“

Vinur þinn Ra Ali (Ali Akbar) er góður. Spilar hann með alvöru liði?

„Já, hann er mjög hæfileikaríkur. Hann spilaði með heimaliði sínu í Íran. En hann náði aldrei að blómstra og nýta hæfileika sína til fulls af því írönsk stjórnmöld eru andsnúin innflytjendum. Ali Akbar er frá Afganistan eins og ég. Svo flutti hann til Noregs og spilaði knattspyrnu með liði þar, en þurfti að yfirgefa Noreg af því að þarlend yfirvöld synjuðu beiðni hans um hæli. Hann langar að spila með liði á Íslandi, en það er flókið. Hann er jú ekki með neina samninga og talar hvorki ensku né íslensku. Ég er búinn að senda nokkrum liðum í fjórðu deildinni póst fyrir hans hönd í von um svör. En því miður var mér ekki svarað. Ali Akbar er mjög hæfileikaríkur og mér þykir



leitt að vinur minn geti ekki nýtt hæfileika sína. En það eru fleiri rosalega góðir í grúppunni, eins og Ivan and Dominique.“

Fótbolti er alþjóðlegt tungumál. Að mínu mati skiptir öllu máli að vera læs á leikinn ekki satt?

„Ja, að einhverju leyti er ég sammála þér. Félagslega séð verða samskiptin á fótboltavellinum að ganga upp jafnt innan sem utan. Ég held að bestu liðin samanstandi af leikmönnum sem geta hreinlega lesið hugsanir liðsfélaga sinna og umbera galla þeirra. Líklega er

Maður á aldrei að fara auðveldu leiðina í lífinu heldur miða hátt og reyna að komast sem allra lengst í lífinu.

það ástæðan fyrir því að Pólverjar vilja helst vera saman í liði og að við Afganarnir erum oftast saman í liði. Fótbolti er eitthvað miklu meira en bara fótbolti. Hann er lífsstíll. Í hinu fullkomna liði ríkir samkennd milli leikmanna.“

Er fótbolti góð leið til að kynast fólki?



# GÓÐ ÞJÓNU

## INTERFLON

Úrval af efnavörur  
Nýjar umbúðir, sömu gæða efnin



## OLÍUVÖRUR

Smurolía, glussi, Koppafeiti,  
gírolía og sjálfskiptivökvi



**SVO ALLT  
GANGI  
SMURT**

## ÖRYGGISVÖRUR

Heyrnarhlífar, öryggisgleraugu,  
rykgrímur og andlitshlífar.



**KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!**

# STA Í 20 ÁR



**kemi**

Tunguhálsi 10 • [www.kemi.is](http://www.kemi.is)

# „Hlægilegt brölt hjá kjána“

Silja Dögg Gunnarsdóttir tilkynnti Kristjón Benediktsson fyrir netnið

Hjálmar Friðriksson  
hjalm@dv.is



Kristjón Benediktsson segir að tilkynning Silju Daggar Gunnarsdóttur, þingmanns Framsóknarflokksins, til lögreglu á meintum hótunum hans í hennar garð sé einfaldlega kjánaskapur. Hún greindi frá því vikunni að hún hafi tilkynnt lögreglu um hótanir um pyntingar en hún er fyrsti flutningsmaður framvarps sem bannar umskurð drengja. Sitt sýnist hverjum um það frumvarp en Kristjón er meðal þeirra sem fordæma það fyrir gyðingahatur.

„Ég rakst á nið um sjálfan mig á nokkrum stöðum, ásakanir um athyglissýki, gyðingahatur, heimsku, sveitamennsku (sem mér finnst reyndar meðmæli) og ýmislegt fleira miður fallet. Sumum fannst við hæfi að stinga upp á aðferðum til að meiða mig og pynta. Ég hef látið lögregluna vita, að sjálfsgöðu,“ sagði Silja Dögg á Facebook-síðu sinni.

## „Hengja upp í næsta ljósastaur“

Orðin sem Kristjón lét falla á Facebook hljóðuðu svo: „Það ætti að tjarga hana og fiðra og hengja upp í næsta ljósastaur svona eins og í sólarhring, þennan viðbjóðslega

gyðingahatara!“ Kristjón staðfestir í samtali við DV að þingmaðurinn hafi tilkynnt hann en hann frétti sjálfur af því þegar lögreglumaður hringdi í hann.

„Þetta er nú svo fátíðlegt. Það hringir í mig maður sem kynnir sig sem rannsóknarlögreglumann um tvö leytið í gær. Það var þessi taktík: „Ég heiti þetta og er rannsóknarlögreglumaður“ og svo kemur þögn. Þetta átti augljóslega að skjóta mér skelk í bringu. Ég spyr hann um erindið og hann segist þurfa að fá mig í skýrslugerð,“ segir Kristjón. Hann segist ekki hafa

haft tíma til að rjúka út á lögreglustöð á miðvikudaginn og því hafi niðurstaðan orðið sú að lögreglumaðurinn myndi hringja aftur, sem hann hafði ekki gert síðdegis á fimmtudag.

## Með ólíkindum

Kristjón furðar sig á því að stuttu síðar mætir Silja Dögg í Reykjavík síðdegis og fullyrðir að lögreglan muni hafa samband við hann og hafi staðfest að um væri að ræða netnið. „Hvað er eiginlega í gangi? Getur þingmaður farið til lögreglu og fengið mál afgreitt á nokkrum mínútum? Getur hún látið hringja í fólk úti í bæ

Það ætti að tjarga hana og fiðra og hengja upp í næsta ljósastaur

eftir pöntun? Þetta er með ólíkindum. Ljóst er að ef hún er að segja satt, þá þarf að rannsaka starfshætti lögreglu. Það embætti stingur niður í skúffu svo mánuðum skiptir alvarlegri kærú um misnotkun á börnum af starfsmanni hins opinbera kerfis, en afgreiðir mál hennar á nokkrum mínútum,“ segir Kristjón.

## Stendur við orð sín

Kristjón segist mótmæla því harðlega að ummæli hans séu netnið eða hótun. Hann viðurkennir þó fúslega að hann hafi tekið harkalega til orða. „Ég kalla hana gyðingahatara og stend við það. Hún fellur nákvæmlega undir þá skilgreiningu. Þetta frum-

Fór til lögreglu Silja Dögg tilkynnti ummæli Kristjóns til lögreglu.



Misboðið Kristjón segir tilkynningu Silju Daggar hlægilegt brölt.

varp snýr að forsendu gyðingdóms en það er enginn umskorinn á Íslandi. Með því að setja lög á þetta hér á landi er verið að meina þessum trúarhópi að setjast hér að. Þetta er rasismi af verstu gerð,“ segir Kristjón.

Hann fullyrðir að fyrrnefnd ummæli beinist ekki beint að Silju Dögg heldur gyðingahóturum almennt: „Ég er ekki að fjalla um hennar persónu sem slíka, gyðingahatara á að tjarga og fiðra og hengja í staur. Ég er að tala um hana sem gyðingahatara. Þetta er bara hlægilegt og það verður aldrei nokkurn tímann neitt úr þessu máli. Þetta er bara hlægilegt brölt hjá kjána.“ ■



# CARGO FLUTNINGAR

Sími: 845 0900



## FLUTNINGAÞJÓNUSTA

milli Suðurnesja og  
höfuðborgarsvæðis

- ➔ Suðurnes
- ➔ Reykjavík
- ➔ Suðurnes

*Tvisvar  
á dag!*

„Eseq uam dem et eius quid erit restum quam que ni ommolene pliqui a

# ALÞINGI BANNAR ÞINGMONNUM AÐ AFÞAKKA SPORSRUR

■ Þingmenn allra flokka samþykktu reglurnar eftir fjögurra mínútna umræðu

Ari Brynjólfsson  
Kristinn Haukur Guðnason  
ari@dv.is / kristinn@dv.is



**H**elgi Bernóðusson, skrifstofustjóri Alþingis, segir að þingmenn í landsbyggðarkjördæmum geti ekki afþakkað húsnæðis- og dvalargreiðslur. Reglur um greiðslur til þingmanna eru nokkuð á reiki. Í upplýsingum sem birtar eru á vef Alþingis kemur í ljós að sumir þingmenn Norðvesturkjördæmis og Suðurlandkjördæmis fá ekki greiddan húsnæðis- og dvalarkostnað nema að hluta. Sem dæmi fær Smári McCarthy, þingmaður Pírata, í Suðurlandkjördæmi 134 þúsund krónur á mánuði en ekki Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í sama kjördæmi. Smári býr í Vesturbæ Reykjavíkur en Vilhjálmur býr í Grindavík. Á móti kemur að Vilhjálmur keyrði 35 þúsund kílómetra í fyrra og fékk fyrir það 3,4 milljónir í akstursgreiðslur frá Alþingi.

Að sama skapi fær Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og þingmaður Norðvesturkjördæmis, greiddan húsnæðis- og dvalarkostnað, Þórdís býr í Kópa-

vogi. Guðjón S. Brjánsson, þingmaður Samfylkingarinnar í sama kjördæmi, býr á Akranesi en fær engar greiðslur vegna húsnæðis.

„Þeir sem eru kjörnir fyrir landsbyggðarkjördæmin fá húsnæðis- og dvalarkostnaðargreiðslu. Ef þú ert landsbyggðarþingmaður úr þessum stóru kjördæmum þremur þá færð þú þessa greiðslu samkvæmt skilgreiningu. Það er skýringin á því til dæmis að Steingrímur fær svona greiðslu, af því að hann er þingmaður Norðausturkjördæmis. Hann verður bara að taka við þessari greiðslu. Ekki vegna þess að hann hafi sótt um hana eða neitt slíkt og lögheimilið skiptir engu máli í því sambandi. Það fá allir þessa greiðslu,“ segir Helgi Bernóðusson í samtali við DV. Vísar hann til fréttu af húsnæðis- og dvalargreiðslum til Steingríms J. Sigfússonar, forseta Alþingis og þingmanns Norðausturkjördæmis, sem hefur búíð í Breiðholti í minnst 30 ár.

## Vilhjálmur fær ekki húsnæðisgreiðslur

Vilhjálmur Árnason fær ekki húsnæðis- og dvalargreiðslur frá Alþingi. Eins og DV greindi fyrst

frá þá var hann í öðru sæti yfir þá þingmenn sem þáðu hæstu greiðslur vegna aksturs í fyrra. Hann segir að það sé að koma sífellt betur í ljós að þegar allar greiðslurnar séu lagðar saman þá sé hann ekki með dýrustu þingmönnum. „Ég er kannski í öðru sæti á þessum aksturslista en ég vissi að ég væri aldrei kostnaðarsamasti þingmaðurinn. Ég er ekki með neitt álag, rukka ekki fyrir einhverjar hóteltgistingar, sali eða veitingar, ég hef aldrei gert það.“ Vilhjálmur kom af fjöllum þegar blaðamaður spurði hann um húsnæðis- og dvalargreiðslur. „Ég hef aldrei fengið það.“

Þingmenn sem sannarlega halda tvö heimili eiga einnig rétt á álagsgreiðslum upp á 53 þúsund krónur sem bætast ofan á húsnæðis- og dvalargreiðslurnar. Hafa bæði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, og Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, sagt við DV að þeir þiggi ekki álagsgreiðslurnar.

## Afþakkaði greiðslur

Ögmundur Jónasson, fyrrverandi ráðherra, afþakkaði ráðherra-laun árið 2009, hann segir í samtali við DV að það hafi ekki verið neitt vandamál að afþakka greiðslurnar. „Ég tók aldrei ráðherra-laun, fór bara niður á slétt þingfararkaup.“



Ögmundur Jónasson, fyrrverandi ráðherra.

## Var það ekkert vandamál?

„Ég hef lesið um það í fjölmiðlum að þetta geti ekki hafa verið svo en þannig var það nú. Ef þetta var ekki hægt þá skuldar ríkið mér einhverja peninga, en þetta var hægt. Þegar ég tók við ráðherraembætti þá var verið að skera niður í velferðarkerfinu og mér fannst ekki stætt á öðru en að sýna smá lit sjálfur.“

Ögmundur segir að hann hafi heldur ekki þegið greiðslur vegna starfskostnaðar, hann hafi hins vegar fengið greidda reikninga vegna tölvukostnaðar. „Ég var alla tíð andvígur þessum starfskostnaði sem var ákveðinn um miðjan tíunda áratuginn, mér fannst að það ættu að vera skýrar línur í kringum ákvarðanir kjararáðs eða þingið kæmi að þessu. Það var þingið, en ekki kjararáð, sem tók ákvarðanir varðandi starfskostnað.“

## „Hann skal fá hana“

DV bar fullyrðingar Ögmundar undir Helga sem áttaði sig strax á að um Ögmund væri að ræða. „Hann er þingmaður Reykjavíkur og fær því engar húsnæðisgreiðslur. Greiðslurnar sem hann afþakkaði eru starfs-







# HELGARTILBOÐ

OPIÐ ALLA HELGINA – LAU. 11-16 og SUN. 13-17 Á SUÐURLANDSBRAUT  
OG LAU. 10-17 og SUN. 13-17 Á GLERÁRTORGI

GILDIR 2. – 4. MARS

## KYNNUM SEGWAY Á ÍSLANDI 15% KYNNINGARAFSLÁTTUR UM HELGINA



NÝTT

FÁANLEGT Í  
MÖRGUM GERÐUM



Philips 39PHT4112  
Nett og einfalt 39" HD LED sjónvarp með 1366x768  
upplausn og 16W Incredible Surround hljóðkerfi. Með  
helstu tengimöguleika m.a. USB tengi og 2 HDMI tengi.

**TILBOÐ**  
**39.995**  
FULLT VERÐ 49.995



Panasonic TX65EX700E  
Hágæða 65" VIERA LED sjónvarp með 4K UHD 3840x2160  
upplausn og Moxilla Firefox netvafra. Frábær hljóðgæði með  
20W VR-Audio TruSurround hljóðkerfi, allir helstu tengi- og  
tæknimöguleikar ásamt appi fyrir Apple og Android snjalltæki.

**TILBOÐ**  
**199.995**  
FULLT VERÐ 269.995

Síðan 2008  
**MOTTUMARS**

TÆKI FRÁ UPPHAFI TIL ENDA

1000 krónur af öllum seldum Philips  
rakvélum, skeggsnyrtum og hárklippum  
1. - 31. mars renna til Krabbameinsfélagsins



**CANDY** ER KOMIÐ Í HEIMILISTÆKI



**25% KYNNINGARAFSLÁTTUR**  
GILDIR TIL 10. MARS

Opið alla  
helgina!



**Heimilistæki** ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

**Ægir Magnússon** Ægir fékk alvarlegt hjartaáfall fyrir ári. Hann fékk þann dóm frá lækni að hann ætti aldrei að hlaupa aftur. Ægir var ákveðinn í hlusta ekki á þær úrtölur. Á dögnum kláraði hann fimmta maraþonið sitt síðan áfallið reið yfir.

MYND SIGTRYGGUR ARI

# „Að takast á við spurning um

Um miðjan febrúar fór fram stórt alþjóðlegt maraþon í Tel Aviv í Ísrael. Fjölmargir Íslendingar tóku þátt en einn af þeim sem luku hlaupinu var Skagamaðurinn **Ægir Magnússon**. Fyrir ári fékk Ægir, sem er 61 árs, alvarlegt hjartaáfall í svefni. Röð tilviljana réð því að hann lifði áfallið af. Læknir hans sagði að hann mætti aldrei hlaupa aftur en Ægir lét það ekki stöðva sig. Viku eftir áfallið var hann byrjaður að hlaupa á hlaupabretti og hefur ekki stoppað síðan. Maraþonið í Tel Aviv var hið fimmta sem hann hleypur frá áfallinu alvarlega og eins og sonnum hlaupara sæmir þá var hann hundfúll með tímann. „Að takast á við áföll er spurning um hugarfar. Það er auðvelt að falla í sjálfsvorkunn en það er líka hægt að ákveða að gera það ekki og halda ótrauður áfram. Þannig hef ég reynt að taka því sem á mér hefur dunið í þessu lífi,“ segir Ægir í helgarviðtali við DV.

**Björn Þorfinnsson**  
bjornth@dv.is



Við hittumst í kaffibolla og spjall í IKEA, sem er nærri stálsmiðjunni Framtak, vinnustað Ægis. Blaðamaður pantar sér hefðbundið uppáhelt kaffi og Ægir biður um sama drykk, nema án koffeins. Það er ekki í boði á veitingastaðnum og það kemur Ægi ekki á óvart. Hann pantar heitt vatn og tekur síðan upp bréf með koffínlausu kaffi. „Það er erfitt að fá koffínlaust kaffi á Íslandi. Ég drekk alveg jafnmikið og áður, en það hjálpar

svefninum að hafa það koffínlaust,“ segir Ægir.

Þetta er aðeins eitt af mörgum dæmum um skipulag Ægis, sem hann segir að sé afar mikilvægt þegar kemur að maraþonhlaupi. „Ég skipulegg tíma minn vel til þess að koma æfingum að. Þetta spjall er til dæmis að riðla skipulaginu,“ segir Ægir brosandi. Ólíkt mörgum hlaupurum þá æfir hann að mestu einn þó að vissulega hlaupi hann reglulega með vinum og kunningjum. „Það eru margir sem þurfa hvatninguna frá hópnum til þess að drífa sig af stað. Ég hef sjálfur alltaf haft mikinn



Á hlaupum Ægir byrjaði að fíkta við hlaup árið 2009 og hefur vart stoppað síðan.

# Við áföll er hugáfarfar“

sjálfsgaga og því hefur það aldrei verið vandamál fyrir mig að gera áætlanir fram í tímann og standa við þær,” segir Ægir ákveðinn.

Hann byrjaði að fíkta við hlaup árið 2009. Eins og hjá flestum sem byrja að hlaupa þá gerðist það eiginlega óvart. „Vinnufélagi minn, Einar Guðmundsson, var að fara að keppa í 10 kílómetra hlaupi og hvatti mig til þess að koma með. Ég hafði gaman af áskoruninni og ákvað síðan að taka þátt að ári og æfa mig fyrir hlaupið. Þá var ég kominn á bragðið og síðan hef ég verið meira og minna hlaupandi,” segir Ægir.

## Myndi míga í sig í hlaupi frekar en að stoppa

Eftir að hafa „dúttlað“ við 10 kílómetra hlaup skráði Ægir sig í Reykjavíkumaraþon árið 2013 ásamt syni sínum. „Það var mikil þrekaun. Ég fékk verk í mjóðmina eftir um 12 kílómetra og því voru síðustu þrjátíu nokkuð strembnir,” segir Ægir og brosir þegar blaðamaður hristir hausinn yfir sjálfspínungunni. Þrátt fyrir kvalræðið hafði Ægir afar gaman af upplifuninni og síðan hefur maraþon átt hug hans allan. „Ég hef í allt hlaup- ið þrettán maraþon á síðustu fjórum og hálfu ári. Það þykir ágætt

en ég er búin að setja stefnuna á mörg til viðbótar,” segir Ægir.

Aðspurður hverju sé mikilvægast að huga að fyrir maraþonhlaup, fyrir utan augljósar æfingar, kemur Ægir blaðamanni talsvert á óvart. „Klósettferðir fyrir hlaup,” segir hann brosiandi, en er þó greinilega fúlasta alvara. „Það er afar mikilvægt að tæma sig alveg fyrir hlaup. Ég hef orðið vitni að mörgum uppákomum í hlaupum þar sem hlauparar hafa gert mistök varðandi það,” segir Ægir. Í hönd fara epískar lýsingar Ægis af ælandi og mígandi hlaupurum í maraþonhlaupum

um allan heim sem og þeim hvítleiða vanda í stærri maraþonhlaupum að klósettpappírinn klárast strax. „Það er mjög mikilvægt heilræði fyrir hlaupara að taka alltaf klósettpappír með sér á vettvang hlaupsins,” segir Ægir og deilir með blaðamanni sögu frá Berlínarhlaupinu þar sem hann klikkaði á þessu atriði og reif niður aukaból sem hann var í til þess að gegna þessu mikilvæga hlutverki. Sjálfur hefur hann aldrei orðið veikur í maga eða þurft að skvetta úr skinnsokknum í miðju hlaupi eins og algengt er. Ægir er þó afdráttarlaus í svörum þegar

„Ég varð aldrei var við neitt. Ég bauð konunni minni bara góða nótt á föstudegi og síðan góðan daginn á mánudegi

hann er spurður um hvernig hann myndi takast á við slíkar aðstæður. „Ég myndi míga í mig,” segir hann ákveðinn.

## Átti ekki að lifa af

Hjartaáfallið alvarlega átti sér stað föstudagskvöld í febrúar í fyrra. Eins og áður segir reið það yfir í svefni og er í raun lygilegt að Ægir hafi lifað það af. „Ég var ofboðslega heppinn. Ég heyrði einhvers staðar að aðeins um 20 prósent þeirra sem fá hjartaáfall í svefni lifi það af,” segir Ægir. Hann hafði ekki kennt sér meins fyrir áfallið, þvert á móti. „Ég hafði eiginlega aldrei verið brattari. Ég var í miðjum undirbúningi fyrir maraþonhlaup í Kaupmannahöfn í maí. Ég var að hlaupa um 100 kílómetra á viku og var að bæta mig í hvert sinn sem ég hljóp. Það er ótrúlegt í ljósi þess að dælan var höktandi,” segir Ægir kíminn. Tveimur vikum síðar hafði Ægir ráðgert að fara í æfingaferð til Tenerife en hefði áfallið riðið yfir þar ytra, þar sem Ægir hefði verið einsamall, hefði ekki þurft að spyrja að leikslokum. Sú sem bjargaði honum var eigin kona hans, Ragga, en svo ótrúlega vildi til að hún hafði nýlökkið námskeiði í skyndihjálpi og brást því strax hárrétt við. „Það varð mér lífs,” segir Ægir.

Þetta örlagaríka föstudagskvöld fór hann á undan eiginkonu sinni í háttinn enda var fram undan strembið 35 kílómetra hlaup á laugardagsmorgni. „Þegar Ragga kom í háttinn þá var ég sofnaður en hún heyrði óeðlileg hljóð í mér. Hún er framhaldsskólakennari og hafði nýlökkið námskeiði í skyndihjálpi. Þess vegna skildi hún strax hvað var að gerast,” segir Ægir. Ragga hringdi umsvifalaust í Neyðarlínuna og byrjaði strax að hnoða eiginmann sinn. „Það er betra að hnoða en blása og þetta hafði Ragga lært.“ Svo heppilega vildi til að þau búa skammt frá sjúkrahúsinu í Reykjanesbæ og því voru sjúkraflutningamenn fljótir á vettvang. Ægir var endurlífgaður með hjartastuðtæki og ▶



Það hefði ekki hentað mínum lífsstíl að verða kyrrsetumaður og því var ég ákveðinn í að ég skyldi hlaupa aftur

„hrökk í gang við fyrstu tilraun“ eins og hann orðar það sjálfur. Það var afar mikilvægt enda aukast líkur á varanlegum skaða ef tilraunirnar eru fleiri.

Í ljós kom að alvarleg kransæðastífla hrjáði Ægi. Alls fannst stífla á sex stöðum í hjarta hans. Hann var fluttur til Reykjavíkur og þar undirgekkst hann þegar hjartaþræðingu. Þegar henni var lokið var honum haldið sofandi fram á mánudag. „Ég varð aldrei var við

neitt. Ég bauð konunni minni bara góða nótt á föstudegi og síðan góðan daginn á mánudegi,“ segir Ægir og brosir.

#### Falskt öryggi af eftirliti

Það er auðheyrð að Ægir er afar þakklátur eiginkonu sinni fyrir lífgjöfina og hann talar hlýlega um hana. Það er þó ekki langt í gamansemína. „Við skiptum með okkur heimilisverkum þannig að ég hef tekið að mér bróðurpartinn

af heimilisþrifunum. Þegar ég var úr hættu grínaðist Ragga mín með að hún hefði hnoðað mig svona vel því að hún vildi alls ekki missa þrífina,“ segir Ægir og hlær dátt.

Í fjölskyldu Ægis er saga um hjartaáföll. „Faðir minn fékk kransæðastíflu og lést úr hjartaáfalli rúmlega sjötugur. Í ljósi þess var ég mjög meðvitaður um að ég var í áhættuhópi og því hafði ég sinnt því mjög vel að mæta í reglulegt eftirlit hjá Hjartavernd. Allar þær rannsóknir komu mjög vel út og ég taldi mig því vera alveg heilbrigðan. Þessar rannsóknir veittu mér í raun falskt öryggi,“ segir Ægir og setur spurningarmerki við tilgang slíks eftirlits ef það greinir ekki svo alvarlega kransæðavandamál og hann þurfti að takast á við. „Ég veit ekki alveg hvað ég gat gert meira til þess að fyrirbyggja þetta hjartaáföll. Það er í sjálfu sér ansi óhuggulegt og vonandi koma betri greiningaraðferðir fljótlega fram á sjónarsviðið,“ segir Ægir.

Eins og áður segir var fyrsti hjartalæknirinn sem Ægir ráðfærði sig við eftir áfallið afdráttarlaus í þeirri skoðun sinni að Ægir mætti ekki hlaupa aftur. „Það stóð bara skýrum stöfum á blaði sem ég fékk. Þrátt fyrir þær úrtölur þá var ég harðákveðinn í að setta mig ekki við þann dóm,“ segir Ægir. Aðeins viku eftir hjartaáfallið steig Ægir fyrst á hlaupabretti heima hjá sér og síðan hefur hann ekki stoppað. „Ég var aldrei hræddur við að fara af stað. Ég trúði því að hver og einn sé ábyrgur fyrir sinni endurhæfingu. Hugarfarið er lyklatríði í því. Ég fann strax að mér leið ágætlega og ég ákvað að vera ekki hræddur heldur halda ótrauður áfram. Hlaupin gefa mér mikið og ég vildi gera allt til þess að halda þeim áfram,“ segir hann. Hann hafði ekki trú á því að batinn yrði svo snöggur og því afbókaði hann ferðina á

marþonhlaupið í Kaupmannahöfn í maí. „Það voru mikil mistök því ég var mjög fljótlega kominn á sama stað og ég var fyrir hjartaáfallið,“ segir Ægir. Svo fór að hann hljóp marþon í Kópavogi í byrjun apríl, tæpum þremur mánuðum eftir hjartaáfallið og nú, ári síðar, hefur hann lokið fimm slíkum þrekaunum.

#### Hefði ekki getað orðið kyrrsetumaður

Það er auðheyrð að Ægir er ósáttur við þau skilaboð hjartalæknisins að hann mætti ekki hlaupa aftur. „Ég held að læknar verði líka stundum að taka lífsgæði sjúklinga inn í myndina. Ég var þarna að jafna mig eftir alvarlegt áfall og það gerir manni ekkert gott að heyra að maður hafi verið sviptur aðaláhugamáli sínu og ástríðu. Það hefði ekki hentað mínum lífsstíl að verða kyrrsetumaður og því var ég ákveðinn í að ég skyldi hlaupa aftur,“ segir Ægir. Síðan þá hefur hann fengið sér nýjan hjartalækni sem er mun jákvæðari gagnvart hlaupunum. „Sá sagði mér bara að drulla mér af stað. Hreyfing væri það besta sem ég gæti gert fyrir mig,“ segir Ægir.

Þetta baráttuhugarfar hefur áður komið Ægi vel. Fyrri eiginkona hans lést í byrjun aldarinnar eftir erfið veikindi og þá stóð hann uppi einsamall með þrjú börn. „Ég var þá fjórtú og fimm ára en konan mín var fertug. Hún veiktist af krabbameini og því var talsverður aðdragandi að því að hún kvaddi,“ segir Ægir. Eins og eðlilegt er þá upplifði hann mikla sorg við missinn en hann segist hafa ákveðið með sjálfum sér að hann skyldi ekki festast í sjálfsvorkunn yfir hlutskipti sínu. „Ég þurfti að sjá um þrjú börn og og ég gat einfaldlega ekki farið að dvelja við hvað þetta væri ósanngjarnt og erfitt. Lífið varð að halda áfram,“ segir Ægir. ■

**Skoðaðu þjónustu okkar á Xprent.is**

- ➔ Inni- og útimerkingar
- ➔ Sandblástursfilmur
- ➔ Striga- og ljósmyndaprentun
- ➔ Bílamerkingar
- ➔ Gluggamerkingar
- ➔ Prentun á símahulstur
- ➔ Frágangur
- ... og margt fleira

**XPRENT**  
Hönnun & Merkingar

SUNDBORG 1, REYKJAVÍK / SÍMI 777 2700 / XPRENT@XPRENT.IS

# 2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi



Hjólhýsi frá 2.800.000 kr. og nýir húsbílar frá 7.900.000 kr.



## Hef til afgreiðslu Hobby 2018 árgerð

Mikið af aukabúnaði, meiri burðar-getu, Sjónvarpsfestingu, gólfhita, Rúmbreytingu, Rafgeymakerfi, einnig Markísur, uppblásin fortjöld, Alde, sólarsellur og fleira í boði.

- 495UL Excellent - 3.580.000 kr.
- 495UL Premium - 3.990.000 kr.
- 540UL Excellent - 3.970.000 kr.
- 540UL Fe Excellent - 3.990.000 kr.
- 560UL PREMIUM - 4.380.000 kr.
- 770CL Landhús - 5.660.000 kr.

*Fleiri gerðir einnig.*

## Mitsubishi Outlander PHEV 2.0 Plug-In Hybrid 4x4

Til afhendingar í febrúar 2018.

**INTENSE PLÚS - Verð 4.200.000 kr.**  
Sjálfsk, 360gráðu myndavél, 18" álfelgur, 50/50 leður, Lyklalaust aðgengi, Upphitað Leðurklætt aðgerðastýri, Hiti í sætum, App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu, Samlitir, aðfellanlegir rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar, Útvarp með snertiskjá.

### Tilboð

Dráttarkúla og 4 vetrardekk á 17" álfelgum kr. 200.000



**5 ÁRA  
ÁBYRÐ**  
Afhentir í  
Reykjavík eða  
Egilsstöðum



B1 innflutningur bíla og hjólhýsa / boas@b1.is / Miðvangur 1-3, Egilsstöðum / Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson í síma 777 5007

# Led húsnúmer

Jólagjöf hússins - sérsmíðum númer á öll hús

• sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp



• Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni

• Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli

• Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

• Sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp og við setjum það á facebooksíðuna okkar

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar.

Einnig hægt að hringa í sími 789 3010





# Dvergurinn sem Ameríkanar dáðu en Íslendingar fyrirlitu

■ Ólöf Sölvadóttir þóttist vera eskimói ■ 122 sentimetrar á hæð

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



Þekktasti dvergur Íslands sögunnar hlýtur að vera Ólöf Sölvadóttir, títt nefnd Ólöf eskimói. Hún flutti ung til Vesturheims, átti þar ævin-týralega ævi og varð heimsfræg fyrir fyrirlestra sýna. Inga Dóra Björnsdóttir mannfræðingur skrifaði ævisögu Ólafar árið 2004, Ólöf eskimói: ævisaga íslensks dvergs í Vesturheimi, og ræddi við DV um þessa merku konu.

## Dvergar minni máttar

Ólöf var fædd í Blöndudal í Húnavatnssýslum árið 1858 með það sem kallast dvergs-heilkenni og var 122 sentimetrar á hæð fullvaxin. Að alast upp sem dvergur var erfitt á 19. öldinni og sérstaklega á Íslandi. Inga Dóra segir: „Dvergar voru minni máttar, Ólöf hefði endað sem hjú eða niðursetningur á einhverjum bóndabæ hefði hún búið á Íslandi. Fjölskylda hennar var sárafátæk og þess vegna fluttu þau vestur um haf til Ameríku líkt og margir Íslendingar á þessum tíma.“

Átján ára gömul flutti Ólöf til Nýja Íslands með föður sínum, stjúpmodur og systkinum en þar bjuggu þau aðeins í eitt ár. Þá fluttu þau til borgarinnar Winnipeg og Ólöf starfaði sem vinnukona. Í stórborgarlífínu í Ameríku opnuðust dyr fyrir hina dvergöxnu konu, því hún gat séð fyrir sér með því að sýna í fjöl-leikahúsum. Þessu áttaði hún sig á þegar kona sem hún vann fyrir rukkaði gesti sína fyrir að fá að sjá Ólöfu að störfum. Ólöf vildi að sjálfsgöðu sjálf hagnast á út-liti sínu og í fjölleikahúsunum bjó hún til atriði sem hún átti eftir að verða heimsfræg fyrir.

## Skáldaði líf inúíta

Ólöf klæddist ísbjarnarfeldi og sagði áhorfendum frá ævi sinni á snjóbreiðum Grænlands sem var auðvitað uppspuni frá rötum því hún hafði aldrei komið til Grænlands. Hún gekk undir nafninu Ólöf Krarer en í seinni tíð hefur hún fengið viðurnefnið Ólöf eskimói. Hún sagði þessar sögur með miklum tilþrifum og leikrænni tjáningu og áhorfendur hrifust af henni. Fljótt varð hún vinsælasta atriðið og segja má að hún hafi sprengt fjölleikahúsin utan af sér. Því tók hún upp á því að ferðast á eigin vegum um Bandaríkin og Kanada og halda fyrirlestra með sama sniði.

„Ólöf varð fræg á því að ferðast um Ameríku og halda fyrirlestra. Hún var mjög eftirsótt og efnaðist vel.“ Ólöf vissi ekkert hvernig lífi inúítar á Grænlandi eða annars staðar lifðu og því þurfti hún að beita mikilli skáldskapargáfu. Til dæmis sagði hún fólki að kuldinn á Grænlandi væri slíkur að börnin fengu aldrei að fara út fyrir snjóhúsið og ef inúítabörn væru óþekk væru þau brennimerkt af mæðrum sínum.

Hún sór heimaland sitt Ísland þó ekki alveg af sér enda átti hún erfitt með að útskýra hvers vegna hún talaði fullkomna íslensku.



Ólöf í fullum skrudá  
Lögberg – Helmskringla  
31. maí 2002.



Inga Dóra Björnsdóttir „Dvergar voru minni máttar, Ólöf hefði endað sem hjú eða niðursetningur á einhverjum bóndabæ hefði hún búið á Íslandi.“

Í fyrirlestrum sínum sagði Ólöf að hún hefði flutt með fjölskyldu sinni til Íslands um stund. En íslenska veðráttan og hlýjan hentaði inúítunum illa og því hafi hún flutt vestur um haf til Ameríku. Ólöf var með umboðsmann sem kynnti hana vel og þegar hún var tæplega þrítug, árið 1887, kom út ævisaga hennar á ensku, með lygasögunum um inúítalíf en ekki almúgalíf í Húnavatnssýslunum.

## Ævisagan kennd í háskólum

Þeir sem hafa kynnt sér sögu Ólafar í seinni tíð hafa margir hrifist af henni, klókindum hennar og útsjónarsemi. Hvernig útlensk,

„Hún lézt ekki þekkja hann, og þótti honum það ekki miður.“

dvergvaxin kona, alin upp í sárrí fátækt, gat orðið fræg og efnuð í sjálfri Ameríku á þeim tíma þegar konur almennt höfðu lítil réttindi. Að hún hafi visvítandi logið að áhorfendum sem komu til að sjá hana virðist skipta minna máli. En einnig má segja að hún hafi gert lítið úr menningu inúíta, minnihlutahóps sem almenningur í Ameríku þekkti ekkert.

Trúði fólk því sem hún sagði eða leit það meira á fyrirlestrana sem skemmtun?

„Það trúði því sem hún sagði. Ævisaga hennar var notuð sem kennslubók bæði á barnaskólastigi og á háskólastigi.“

Gerðu inúítar sjálfir engar athugasemdir við þessa fyrirlestra hennar?

„Nei, enginn Grænlandingur vissi af henni. Fréttir bárust seint og illa á þessum tímum. Inúítar í Kanada og Alaska vissu greinilega ekkert um hana heldur.“

## Íslendingar skömmuðust sín

Ólöf giftist aldrei og átti engin

börn. Hún kom aldrei aftur til Íslands og lést 76 ára gömul árið 1934 í Bandaríkjunum. Hún rauf í raun og veru öll tengsl við Ísland þegar hún flutti út. Þrátt fyrir frægd hennar í Ameríku vissu ekki margir Íslendingar af tilvist hennar og athæfi. „Sumir Íslendingar í Vesturheimi vissu af henni, en þeir afhjúpuðu hana ekki.“ Inga segir að margir hafi þó verið hneykslaðir á henni.

Árið 1902 er skrifuð frétt í dagblaðinu Lögbergi frá Ameríku og er hún ekki skjallandi: „Ólöf Krarer – sem réttu nafni heitir Ólöf Sölvadóttir og strauk héðan úr bænum fyrir meira en tuttugu árum síðan – á að halda fyrirlestur hér í bænum 10. næsta mánaðar fyrir Young Men's Christian Association. Umtals-efni hennar á að vera „Búningar og lifnaðarhættir íslenskra eskimóa (!!)“ Það er merkilegt, hvernig Ólöfu þessari hefir tekist öll þessi ár að spila á vitleysu tilheyrenda sinna; og hún má vera Íslendingum þakklát fyrir að hafa ekki komið upp um hana öllum þvættingum og lýginni, sem hún hefur gert að lífsstarfi sínu.“

Í Alþýðublaðinu frá 1937 segir að Magnús Björnsson, fósturbróðir Ólafar, hafi eitt sinn rekist á hana í sirkus skömmu eftir að hún hóf að sýna. „Hún lézt ekki þekkja hann, og þótti honum það ekki miður.“

Engar minningargreinar voru ritaðar um Ólöfu í íslenskum blöðum en í amerískum var henni gert hátt undir höfði í kjölfar andlátsins. ■

## Hítardals-annáll 1732

Í Herdísarvík týndi maður sjálfum sér.



## Reynir skoraði sirkusmann á hólmi

Sumarið 1978 hélt fjölleikahús Englendinga Gerry Cottle sýningar í Laugardalshöll og þar kom meðal annars fram Barnet Travell, „sterkasti maður heims“. Tókst hann á við 12 sýningargesti í reiptogi í hverri sýningu. Reynir Örn Leósson, sem komst í heimsmetabók Guinness, var ekki þar sáttur við þennan titil sem Travell var gefinn, enda hafði hann hvorki hnekk heimsmetum Reynis né annarra kraftamanna. Á þessum tíma hafði Reynir hætt aflraunum vegna blóðtappa en engu að síður bauðst hann til þess að koma fram í fjölleikahúsinu og leika sömu listir og Travell.



## Flúði úr sirkus

Í október árið 1935 kom kínverskur maður að nafni Zikka Wonz til Reykjavíkur til þess að halda fyrirlestur um ævi sína. Kom hann hingað á vegum Hjalpræðishersins því hann hafði tekið kristna trú eftir að hafa sloppið úr sirkus og stundaði eftir það trúboð. Wonz var fæddur í Shanghai en missti foreldra sína eins árs gamall. Var hann þá seldur í sirkus og þjálfaður til að sýna kvalafullar „loddaralistir“ eins og segir í Morgunblaðinu. Meðal annars var hann látinn hanga á hárinu vera skotmark hnífa og bar hann þess merki síðan. Wonz hafði nokkrum sinnum áður reynt að flýja sirkusinn en var ávallt handsamaður aftur.

## Helgarkrossgátan

	krossgátugerð: Björn Sími 845 2510				vítamín	verklagið	11	hagnað	mann	þátturinn
	ávöxt									
						upphaf gjóta				
	tortryggðar									
	dyl						spældar	agi		
	kögrið									
	riðl						súld			
	Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð		af-komandinn	2 eins	spyr	aflagað stakri				
	↙					4	nibba	8	rándýr	áhalð
og						1	treysta hjóta			
brambolt			2 eins				hreppa galgopar	2 eins duglega		
	↓		kona			6		reið		nefin
ryk			skifan	slæm baksið				gola	egg	
spendýr				10	fiklana					
spurð					karldýrin 2 eins					
	↘						duglausa dingla			
	borg	duglegar atyrða					hljóta	kofa	peð	
úrræði				2 eins	halann					
keyrið				2	ljá strýi					veggir
karl	9				hvað? strollan			3 eins vistarvera		
	blossa		reis	sperra bröt			etja			7
hrum								klukka	angan	
	5	velli 2 eins						þreytt kvað		
kona							brytja			
svifryk			skapraun			3			skóli	

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----

## Sudoku

## Auðveld

6		9	1	3		2	5
					5		4
				7			
	9	3				5	1
			7	8			3
1	4		9				8
	7	5			8		
3	6	1		4		9	
			6	1			

## Erfið

		9					6	1
5		3			4	2		9
7			9				5	4
		4			5			
			4	9		6		
	3			7		1		
	8							3
2	4		8	5				
							2	

## Verðlaunagáta

## Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið [krossgata@dv.is](mailto:krossgata@dv.is)



FORLAGIÐ  
www.forlagid.is

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...


**Nicolai Þorsteinsson**

**Dalsel 11**

**109 Reykjavík**

Lausnarorðið var **NJÓLAJAFNINGUR**

**Nicolai hlýtur að launum bókina Skrímsli í vanda**



Núvitund er einstök bók sem kennir þér einfalda aðferð til slökunar og hugleiðslu; æfingar sem þú getur notað til að rjúfa vítahring kvíða, streitu, vansældar og þreytu og öðlast í staðinn lífsgleði, vellíðan og kjark til að takast á við vandamál og byrðar daglegs lífs.

Núvitundaraðferðin byggist á rannsóknnum vísindamanna sem telja hana jafn áhrifaríka og lyfjagjafir til forvarnar gegn þunglyndi. Hún er ekki síður gagnleg fyrir fólk sem finnst einfaldlega erfitt að standa undir kröfum nútímans um athygli og árangur. Þú þarft aðeins fáeinir mínútur á dag til að ná stjórn á lífi þínu, verða fær um að njóta þess í botn og öðlast innri ró.

**Verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins eru bókinn Núvitund – hagnýt leiðsögn til að finna frið í hamstola heimi.**

Mark Williams var prófessor í klínískri sálfræði við Oxfordháskóla. Hann er einn af upphafsmönnum núvitundar meðferðar og hefur skrifað metsölubækur um notkun hugleiðslu gegn þunglyndi. Danny Penman er lífefnafræðingur, hugleiðslukennari, rithöfundur og blaðamaður sem unnið hefur til fjölda verðlauna fyrir bækur sínar. Guðni Kolbeinnsson þýddi bókina.

– Frábær heimilismatur í hádeginu –



# HÁDEGISMATUR ALLA VIRKA DAGA

milli kl. 11.30 og 13.30

Komið til okkar eða við sendum til ykkar

**SENDUM Í FYRIRTÆKI STÓR OG SMÁ**

Opið virka daga 07.30- 15.00. Laugardag 09.00-14.00



  
**KÆNAN**  
VEITINGASTOFA

Kænan Óseyrarbraut 2 220 Hafnarfjörður. Sími 5651550. [www.kaenan.is](http://www.kaenan.is) [info@kaenan.is](mailto:info@kaenan.is)

# GYLFI ALGJÖRUM SERFLOKKI

Verðmætustu  
knattspyrnumenn  
Íslands

Hörður Snævar Jónsson  
hodd@433.is



Virði íslenskra knattspyrnumanna er misjafnt en þegar virði þeirra er skoðað kemur í ljós að Gylfi Þór Sigurðsson leikmaður Everton er í algjörum sérflokk. Transfermarkt

heldur úti gagnagrunni þar sem virði allra knattspyrnumanna er metið. Þannig kemur í ljós að virði Gylfa er 3,7 milljarðar en Alfreð Finnbogason, sem er næstur í röðinni, er 744 milljóna króna virði. Virðið er reiknað út frá aldri, lengd samnings, launum og hvað leikmenn eru að gera innan vallar. ■

3,7 MILLJARÐAR

Gylfi Þór Sigurðsson

Það er bara einn leikmaður Íslands sem fer úr því að vera milljóna virði og í það að verða milljarða virði. Virði Gylfa í dag er 3,7 milljarðar samkvæmt þessum útreikningum. Virði Gylfa er tæpum þremur milljörðum meira en næsta leikmanns.



744 MILLJÓNIR

Alfreð Finnbogason

Virði Alfreðs er metið á sex milljónir evra en framherjinn knái er einn af markahæstu leikmönnum þýsku úrvalsdeildarinnar. Alfreð hefur átt frábæran feril en þessa stundina glímur hann við meðsli.



496 MILLJÓNIR

Ragnar Sigurðsson

Ragnar er nú í herbúðum Rostov í Rússlandi. Fyrri hluta tímabilsins lék hann með Krasnodar. Hann er í láni frá Fulham en ekki er líklegt að hann snúi þangað aftur.



496 MILLJÓNIR

Jóhann Berg Guðmundsson

Virði Jóhanns hefur farið úr tveimur milljónum evra í fjórar milljónir evra eftir að hann festi sig í sessi hjá Burnley. Kantmaðurinn hefur átt gott tímabil og ekki ólíklegt að virði hans aukist á næstunni.



310 MILLJÓNIR

Aron Einar Gunnarsson

Virði Arons hefur minnkað aðeins síðustu mánuði vegna þess að samningur hans er á enda í sumar og því ætti virði hans að aukast á nýjan leik í sumar.



Viðar  
Örn Kjartansson

Framherjinn öflugur er 310 milljóna króna virði en ljóst er að Maccabi Tel Aviv myndi fara fram á talsvert hærrí upphæð fyrir hann enda markaskorarar alltaf dýrir.

310 MILLJÓNIR



Sverrir  
Ingi  
Ingason

Virði Sverris hefur verið að aukast og með sama áframhaldi mun það aukast hressilega næstu árin. Hann er að stíga stór skref fram á við og bætir leik sinn ár frá ári.

310 MILLJÓNIR



186 MILLJÓNIR

Albert Guðmundsson

Hann er sá leikmaður sem ætti að auka mest virði sitt á næstu árum. Hann býr að miklum hæfileikum og spilar fyrir stórt félag, PSV í Hollandi. Albert er maðurinn sem íslenskt knattspyrnuáhugafólk bindur mestar vonir við.



310 MILLJÓNIR

Jón Daði Böðvarsson

Framherjinn frá Selfossi hefur verið í stuði síðustu mánuði en Reading festi kaup á honum síðasta sumar eftir eitt ár Jóns í herbúðum Wolves.



248 MILLJÓNIR

Birkir Bjarnason

Virði Birkis hefur farið niður um eina milljón evra á síðustu mánuðum eða allt frá því að hann gekk í raðir Aston Villa. Það gæti þó aukist verulega í sumar ef Aston Villa fer upp í ensku úrvalsdeildina.



186 MILLJÓNIR

Hörður Björgvin  
Magnússon

Virði Harðars hefur örlítið minnkað frá síðasta ári en hann er að ná að festa sig í sessi aftur í byrjunarliði Bristol og ætti verðmiðinn að taka mið af því.



186 MILLJÓNIR

Rúnar Már Sigurjónsson

Virði Rúnars hefur minnkað um 500 þúsund evrur síðasta hálfu árið en hann er í láni hjá St. Gallen og hefur verið að spila vel síðustu vikurnar.



**Edigeison Almeida Gomes**  
Í leik með danska landsliðinu á Ólympíuleikunum árið 2016.

# Gætu fengið greitt frá Kína ef leikmaðurinn spilar ekkert

Gríðarlegar fjárhæðir og hert lög í Asíu hafa búið til möguleika fyrir minni lið að hagnast

**Hörður Snævar Jónsson**  
hoddi@433.is



**P**eningar stjórna nú orðið íþróttum og hvergi meira en í fótboltnum þar sem rosalegar upphæðir eru í boði. Í Kína eru ótrúlegar fjárhæðir í boði fyrir leikmenn sem þangað koma og til að reyna að stoppa þessa þróun voru settar reglur um fjölda erlendra leikmanna hjá hverju liði.

Hvert lið í úrvalsdeildinni í Kína má aðeins hafa fimm erlenda leikmenn á launaskrá sinni, þetta er gert til að reyna að bæta fótboltann í Kína og leikmenn þaðan, tryggja að þeir fái að spila. Hvert lið má svo aðeins vera með fjóra erlenda leikmenn á vellinum á hverjum tíma. Lið í Kína reyna því oft að losa sig við erlenda leik-

menn sem eru meiddir eða hafa ekki staðið undir væntingum og fara ýmsar leiðir til þess.

Það vakti nefnilega talsverða athygli þegar FH fékk Edigeison Almeida Gomes varnarmann frá Gíneu-Bissá lánaðan frá Henan Jianye í Kína í vikunni. Gomes er meiddur og þar að auki líklega alltof góður til að spila á Íslandi, Gomes lék í Danmörku og lék með landsliði Dana á Ólympíuleikunum árið 2016. Danskir fjölmiðlar áttuðu sig ekki á því hvað Gomes væri að gera á Íslandi, hann væri allt of góður leikmaður fyrir Pepsi-deildina.

Henan Jianye var með fimm erlenda leikmenn þegar Gomes var í herbúðum félagsins og ekki útlit fyrir að hann spilaði á næstunni, félagið vildi því koma honum burt um tíma til að ná inn öðrum er-

**”** Greiðslan sem við gætum fengið er þá fyrirhafnargjald ef hann spilar ekki.

lendum leikmanni áður en félagaskiptagluggin í Kína lokaði á fimmtudag, það gekk eftir. Gomes var lánaður til FH og inn kom Cala frá Getafe.

Ekki er öruggt að Gomes komi til Íslands en hann mun vera í endurhæfingu í Kína. Ef hann kemur ekki til með að spila neitt fyrir FH getur félagið átt von á greiðslu frá Henan Jianye.

„Hann er meiddur og allir sem eru meiddir vonast til þess

að verða heilir, við gerum þetta þannig að ef hann lagast ekki þá er þetta okkur að kostnaðarlausu. Þeir stjórna endurhæfingunni, þeir hafa fleiri og betri sjúkraþjálfara en við hérna. Það er enginn kostnaður á okkur, það gæti farið svo ef hann spilar lítið eða ekkert þá fengjum við greiðslu en það myndi þá snúast við ef hann spilar mikið að þá yrðum við að greiða eitthvað. Þessi greiðsla sem við gætum fengið er í raun þá fyrirhafnargjald ef hann spilar ekki, það eru ekki neinar upphæðir. Þetta kom upp í gegnum umboðsmann í Danmörku,“ sagði Jón Rúnar Halldórsson, formaður knattspyrnudeildar FH, um málið.

Tveir starfsmenn liða í Pepsi-deild karla sem DV ræddi við sögðu að tilboð sem þessi kæmu

sífelld oft frá Asíu. Þannig væri liðum oft boðnar 2-3 milljónir fyrir það eitt að taka við leikmanni frá Kína sem liðin þurfa að losa sig við, hvort sem það er tímabundið eða til frambúðar. Leikmaðurinn sjálfur kæmi aldrei til Íslands en félagið hefði gróða af þessu.


Framkvæmdastjóri eins liðs í deildinni, sem vildi ekki koma fram undir nafni, sagði þetta ekki ólöglegt. „Við höfum fengið nokkur svona tilboð, þetta hljómar vel og þetta er ekki ólöglegt en svo er annað mál hvort þetta geti talist siðlaust. Við ákváðum að taka ekki þátt í þessu, liðin í Asíu eru undir hörðum reglum en eiga gríðarlega fjármuni. Þau geta því nýtt sér lið í minni deildum þegar þau þurfa að komast fram hjá reglunum í sínu landi er varðar erlenda leikmenn.“ ■

## Sjálfímandi hnífaparaskorður

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Einnig sjálfímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

**Gullkistan**

Frakkastíg 10 | Sími 551 3160 | gullkistan@vortex.is | www.thjodbuningasilfur.is



# SAKAMÁL



**5.** apríl árið 2011 voru Artyom Alexandrovich Anoufrieve og Nikita Vakhtangovich Lytkin frá Irkutsk handteknir í tengslum við sex mörð í Akademgorodok. Við mörðin, sem framín voru frá desember 2010 til apríl 2011, beittu þeir kylfu og hnífum, en fórnarlömbin virtust valin af handahófi. Á meðal fórnalambanna voru 12 ára drengur og tveir heimilislausir einstaklingar. Kumpánarnir, báðir rúmlega tvítugir, fengu lífstíðardóm í apríl 2013.

# GAMLAR GLÆÐUR

■ Leslie vildi horfa til fortíðar ■ Ruby beindi sjónum sínum fram á veginn

Leslie lifir í gömlum glæðum, segir máltækið, og sú var raunin hjá Leslie Stone, 24 ára Breta, þegar hann hitti fyrrverandi kærustu sína, Ruby Keen, 23 ára, á Golden Bell-hótelinu í Bedfordshire 11. apríl 1937.

Leslie og Ruby höfðu hist sex árum fyrr og verið saman um nokkurra mánaða skeið. Hann gekk síðan í herinn og þegar hann var sendur til Hong Kong, árið 1932, skildi leiðir.

Tíminn leið, eins og gengur og gerist, og í desember fékk hann lausn úr hernum vegna heilsufars og fékk starf sem byggingaverkamaður.

## Spjallað yfir drykk

Eftir að Leslie hafði kneypað þrjá stóra bjóra og Ruby sötrað eitt portvínsglas röltu þau á Cross Keys-hótelinu í Bedford og síðan þaðan á Stag-hótelinu.

Það vakti athygli nærstaddra að Leslie nauðaði í Ruby að segja skilið við lögregluþjóninn sem hún var í tygjum við. Vildi Leslie að þau tækju upp þráðinn þar sem frá var horfið fimm árum fyrr.

## Gengu niður göngustíg

Segir ekki af viðbrögðum Ruby, en Leslie slokaði þar í sig þremur

bjórum og Ruby bætti á sig tveimur portvínsglössum og um tíu leytið þetta kvöld yfirgáfu þau Stag-hótelinu.

Leið þeirra lá framhá heimili hennar við Plantation-veg, þar sem hún deildi heimili með móður sinni, eldri systur og bróður.

Það síðasta sem sást til Leslie og Ruby þetta kvöld var þegar þau hurfu niður Firs-stíginn sem var vinsæll göngustígur meðal ungra elskenda á þessum slóðum.

## Lygar Leslie

Klukkan sjö næsta morgun varð ljóst að farir þeirra höfðu ekki verið sléttar. Járnbrautastarfsmaður fann líkið af Ruby og í ljós kom að henni hafði verið nauðgað og hún kyrkt með eigin hálsklút. Kjóll hennar var rifinn frá hálsmáli og niður úr.

Eftir örlitla eftirgrensulan komst lögreglan á snöðir um fund Ruby og Leslie kvöldið áður. Aðspurður sagði Leslie að hann hefði skilið við Ruby fyrir utan Stag-hótelinu klukkan stundarfjórðung yfir tíu kvöldið áður.

Þegar lögreglan fann á skóm Leslie og fatnaði leifar af jarðvegi sem var að finna á vettvangi morðsins vísaði hún frásögn hans til föðurhúsanna.



Ruby Keen  
Hitti gamlan kærasta með hörmulegum afleiðingum.

„Járnbrautastarfsmaður fann líkið af Ruby og í ljós kom að henni hafði verið nauðgað og hún kyrkt með eigin hálsklút“

## Nýjar lygar

Réttarhöld yfir Leslie Stone hófust 28. júní, 1937, í Old Bailey í London. Dómari var Gordon Hewart greifi, en þess má geta að hann settist í helgan stein árið 1940.

Í vitnastúkunni kom nýtt hljóð í strokkinn hjá Leslie. Hann sagði

að hann og Ruby hefðu rifist, hún hefði fallið um koll og þá hefði kjóllinn rifnað.

Hann sór og sárt við lagði að hann hefði ekki nauðgað henni; hann hefði talið að hún væri meðvitundarlaus og mundi koma til sjálfar sín innan skamms.

## Föstudagurinn þrettándi

Kviðdómarar í málinu voru ögn ráðvilltir varðandi eitt atriði og leituðu ráða hjá Hewart dómara; ef karlmaður verður konu að bana á meðan nauðgun á sér stað, jafnvel þegar maðurinn ætlar sér ekki að verða konunni bana, er hann þá sekur um morð?

Í huga Hewarts lék enginn vafi á réttu svari við þessari fyrirspurn og svaraði hann henni játandi. Kviðdómarar settust á rökstóla og sneru til baka 25 mínútum síðar með sektardóm í farteskinu. Hewart skellti svörtu dulunni á kollinn og dæmdi Leslie til dauða.

Það var dugnaðarforkurinn Thomas Pierrepoint sem sendi Leslie Stone yfir í eilífðina, föstudaginn 13. í ágúst 1937. ■

# Gálgamaturinn George

Lítill heilsubót reyndist fólgin í nánum kynnum við George

Það var deginum ljósara að sækjand-anum Sir Edward Carson leist ekki á George Chapman. „Ég hef aldrei augum litið slíkt illmenni. Hann leit út eins og einhver ill skepna. Ég átti allt eins von á að hann stykki yfir sakamannabekkin og réðist á mig,“ sagði Sir Edward.

Umræddur George hét reyndar Seweryn Antonowicz Klosowski og hafði komið til Englands frá Póllandi árið 1888.

Hann gerðist aðstoðarmaður bartskera í East End í London, en kvæntist síðar og flutti búferlum til Bandaríkjanna.

## Gerist veitingamaður

Árið 1895 hafði hann skilið við eiginkonu sína og sneri aftur til Englands. Þangað kominn flutti hann inn til Mary Spink. Mary var gift á þeim tíma, en eiginmaður hennar hafði fengið nóg af taumlausri drykkju hennar og látið sig hverfa.

Eitthvert fé átti Mary í handraðanum og gerðist George ástmaður hennar. Gekk hann síðan gegndarlaust í fjárhirslur Mary og nýtti féð til að gerast veitingamaður og húsráðandi á Prince of Wales-kránni við City Road í London.



George Chapman Hét í raun Seweryn Antonowicz Klosowski og var frá Congress í Póllandi.

## Heilsutæpar ástkonur

Fór þá heldur að síga á ógæfuhliðina hjá Mary. Einhver magakrankleiki hrjáði hana

og hún kvartaði tíðum yfir verkjum. Við þetta bættust uppsölur og henni elnaði sóttin og gaf upp öndina í desember 1897.

Harmurinn herjaði ekki lengi á George og áður en langt um leið hafði hann stofnað til sambúðar með nýjustu bardömunni sinni, Bessie Taylor. Fljótlega varð Bessie heilsulítill og George skeytti gjarna skapi sínu á henni. Þau færðu sig um set og komu sér fyrir á Monument Tavern við Union Street. Heilsu Bessie hrakaði stöðugt, hún kastaði sífellt upp og læknað voru ráðalausir. Hún skildi við, 36 ára aldri, árið 1901.

# Kræsingar kokksins

■ Heimsókn að kvöldi til endaði með ósköpum og matseld ■ Nítján hnífstungur í bakið

**E**inu sinni var maður að nafni Damian Oldfield. Damian var á meðal áhorfenda sjónvarpsþáttar sem bar heitið God's Gift, Guðs gjöf, árið 1996. Á meðal þeirra sem komu fram í þættinum var Anthony nokkur Morley, en kynnir var Davina McCall.

Premur árum fyrr hafði tédur Anthony unnið keppnina Herra Samkynhneigður - Bretland á næturlúbbinum Flamingo í Blackpool. Sigurinn tryggði Anthony 1.000 sterlingspunda vinningsupphæð, ferð eitthvert út í heim og klæðnað. Það allt saman er þó önnur saga.

## Upphaf vinskapar

Sem sagt, árið 1996 var Damian í hópi áhorfenda God's Gift. Damian vann fyrir tímaritið Bent, sem fjallaði um lífsstíl samkynhneigðra og síðar meir kom hann einnig fram í áður nefndum sjónvarpsþætti. Með honum og Anthony tókust ágætis kynni.

Nú vindur sögunni fram til ársins 2008, 23. apríl nánar tiltekið. Daginn þann heimsótti Damian vin sinn Anthony. Þegar þar var komið sögu bjó Anthony í Harehills í Leeds og starfaði sem aðstoðaryfirkokkur á ónefndum veitingastað.

## Alblóðugur á inniskóm

Klukkan hálf þrjú um nóttina staulaðist dauðadrukinn karlmaður, íklæddur engu öðru en náttslöpp og inniskóm, þakinn blóði frá hvirfli til ilja, inn á kebabveitingastað í Leeds.

Var þar mættur Anthony Morley og bað hann um að samband yrði haft við lögregluna; hann hefði banað manni sem reyndi að nauðga honum.

Í svefnherbergi á heimili Anthonys fann lögreglan klæðalaust lík Damians. Flest benti til að Damian hefði verið undir sænginni þegar átök brutust út. Hann hafði verið stunginn 20 sinnum, einu sinni af miklu afli í bringuna og nítján sinnum í bakið.

## Leifar í ruslafötu

Lögreglumönnum brá þó heldur meira í brún þegar þeir

**Kokkurinn** Anthony Morley sagðist lítið muna eftir atburðum kvöldsins.




uppgötvuðu að búið var að skera vænar flisar af fótleggjum Damians. Sex bitar fundust sem búið var að krydda og matreiða og einn biti að auki í ruslafötunni og voru bitföör í honum.

Nú, Anthony var ákærður fyrir morð og við réttarhöldin sagði

hann að hann hefði beðið Damian að koma inn í svefnherbergi til að horfa á DVD-myndir og eitt hefði leitt af öðru. Hann fullyrkti einnig að atburðarásin væri frekar þokukennð og eftir sumu sem gerðist myndi hann einfaldlega ekki.

## Kemur af fjöllum

„Ég man að ég fann fyrir honum ofan á mér, hann gerði það sem hann gerði. Mér fannst ég vera dofinn og sem ég hefði enga stjórn. Mér leið illa og fannst ég vera svikinn. Við höfðum rætt þessi mál. Mér hugnaðist ekki að við ættum



Kræsingin Bitar af Damian Oldfield voru kryddaðir og matreiðdir.

**Við höfðum rætt þessi mál. Mér hugnaðist ekki að við ættum í kynferðislegu sambandi.**

í kynferðislegu sambandi enda nýlega búnir að virkilega læra að þekkja hvor annan.

Ég veit ekki af hverju ég drap hann, í sannleika sagt; ég hef ekki hugmynd,“ sagði Anthony og virtist koma af fjöllum.

## Frásagnir fyrrverandi kærasta

Sem fyrr segir fullyrkti Anthony að hann myndi ekki eftir því ofbeldi sem hann beitti Damian, en kvíðdómur lagði ekki trúnað á orð hans í þeim efnum.

Í mati kvíðdóms vóg þungt framburður fyrrverandi kærasta Anthonys sem sagði að Anthony hefði ógnað honum með kjötöxi í deilu um peninga. Annar fyrrverandi kærasti Anthonys sagði að Anthony hefði ráðist á hann úti á götu, en útskýrði það ekkert nánar.

Í október árið 2008 var Anthony Morley sakfelldur og fékk lífstíðardóm. ■

**Ég átti allt eins von á að hann stykki yfir sakamannabekkin og réðist á mig**

## Grunur vaknar

Maud Marsh, 19 ára, tók við stöðu Bessie, hvort tveggja á barnum og í beði Georgs. Fljótlega varð ljóst að ekki var mikil heilsuþót fólgin í nánnum félagsskap við George. Maud sýndi brátt sömu sjúkdómseinkenni og fyrirrennarar hennar og dó árið 1902.

Þá bar svo við að læknir hennar neitaði að gefa út dánarvottorð. Hann hafði einnig

séð um Bessie síðustu daga hennar og fannst sem maður væri í mysunni.

Að auki hafði móðir Maud haft á orði við lækninn að hana grunaði að dóttur sinni hefði verið byrluð ólyfjan. Læknir móðurinnar var sama sinnis.

## Sannanir finnast

Líkið af Maud var krufið og, mikið rétt, fundust leifar af antímoni, sem hefur álíka virkni og arsenik. Lík Mary og Bessie voru þá grafin upp og þar var sömu sögu að segja. Einnig lá ljóst fyrir að George hafði endrum og sinnum keypt þetta efni.

Í Old Bailey í London var kveðinn dauðadómur yfir George og þann 7. apríl, 1903, átti hann stefnumót við gálgann.

Það sem síðan hefur vakið upp spurningar er hví George myrta konurnar. Ekki var hann kvæntur þeim og því var fjárhagslegur ávinningur, í formi arfs, enginn og honum hefði verið í lófa lagið að snúa við þeim baki hvenær sem hann vildi. ■



Með Bessie Taylor Bessie tók stöðu Mary Spink að henni genginni.

„Það er enginn kóngur nema rétt á meðan kílóíð er að klárast

# Ástfanginn Kalli Bjarni og sonur á leið í heiminn

■ Amma Kalla bjargaði lífi hans ■ Brást heilli þjóð ■ Nýtt líf og lag á leiðinni

Kristjón Kormákur Guðjónsson  
kristjon@dv.is



**M**amma var ung þegar hún eignaðist mig. Hún vissi að það var betra fyrir mig að alast upp hjá ömmu. Fyrstu árin var ég sár og stundum reiður því ég taldi að hún hefði yfirgefið mig. Seinna komst ég að því að hún hafði tekið erfiða ákvörðun um að láta frá sér barnið sitt svo það gæti átt betra líf. Hjá ömmu ólst ég upp í vernduðu umhverfi. Æska mín var góð og mér leið vel hjá ömmu.“

Þetta segir Karl Bjarni Guðmundsson eða Kalli Bjarni eins og hann er gjarnan kallaður. Kalli varð fyrst frægur á Íslandi fyrir að sigra í Idol-stjörnuleit. Kalli starfar í dag sem sjómaður en hann stefnir á að gefa út nýja tónlist á næstu misserum. Í kjölfarið sigurs í Idol voru miklar vonir bundnar við

söngvarann en fram undan voru öldudalir. Kalli hafði sem unglingur tekist á við fíkn vegna áfengis og fíkniefna. Þegar álagið eftir keppnina varð sem mest nýtti hann sér örvandi efni til að halda sér gangandi, en þegar mest var spilaði hann á átta mismunandi stöðum sama daginn. Þegar hann missti tökin á neyslunni og var búinn að koma sér í skuldir tók hann að sér í eitt skipti að flytja fíkniefni til landsins. Kalli sagði frá þeirri sögu í þættinum Burðardýr en þeir þættir hafa vakið mikla athygli á Stöð 2 í vetur. Í þættinum rifjaði Kalli á einlægan hátt upp æskuna, samband sitt við ömmu sína, ástina og framtíðina. Nú eiga Kalli og unnusta hans von á dreng. Von er á nýju lagi frá Kalla og stefnir hann á að gefa það út á afmælisdegi ömmu sinnar.

„Amma er algjör nagli,“ segir Kalli og bætir við að ef til vill hafi



Líður vel á sjónum Kalli hefur stundað sjóinn með hléum frá því hann var unglingur.

hún verið of góð við hann. „Hún kenndi mér margt en hún gat líka verið hörð í horn að taka. Hún bannaði mér stundum að fara út á kvöldin og ég fékk ekki leyfi fyrr en ég hafði sýnt fram á að ég væri búinn að klára heimalærdóminn

eða að ég kynni að leggja snyrtilega á borð. Ég er þakklátur fyrir að hafa alist upp hjá henni í Grundarfirði.“

## Læknar vildu eyða Kalla

Þegar Sveinbjörg, móðir Kalla, var ólétt að honum lenti hún í alvar-

legu umferðarslysi. Þá ók strætó yfir fótlegg hennar og brotnaði hún illa. Þegar læknarnir áttuðu sig á að hún væri ófrísk var lagt hart að henni að eyða fósturunu. Vildu læknarnir meina að ef hún færi ekki eftir ráðleggingum þeirra myndi bataferlið taka mun lengri tíma og hún jafnvel ekki ná fullum bata. Móðir hans tók það hins vegar ekki í mál og Kalli kom í heiminn þann 6. janúar 1976. Leiðir þeirra Sveinbjargar og Guðmundar, föður Kalla, höfðu skilið á þessum tíma. Guðmundur bjó og starfaði í Noregi en móðir Kalla var á Íslandi. Móðir hans taldi hagsmunum hans betur borgið á Grundarfirði hjá ömmu hans og afa og flutti hann til þeirra þegar hann var um tveggja ára gamall. Nokkrum árum síðar voru Kalli og Elna Bárðarson, amma hans, ein eftir þegar eiginmaður hennar féll frá. Elna er af finnskum ættum.







**Söng fyrir ömmu** Kalli Bjarni söng finnskan sálm fyrir ömmu sína á hjúkrunarheimilinu. Eftir sönginn brast sú gamla í grát.

fullfermi. Eftir að hafa landað aflanum var haldið strax á sjóinn aftur. „Um það snýst lífið,“ segir Kalli. „Að róa á miðin og draga aflann að landi og leggja sitt af mörkum, fyrir fjölskylduna og samfélagið. Þú getur heimfært sjómennskuna upp á allt í lífinu. Á sjónum finn ég líka ró og öryggi.“

Kalli greindi enn fremur frá því í Burðardýrum að hann hefði lengi verið með samviskubit eftir að hafa byrjað aftur að neyta fíkniefna eftir sigurinn í Idol um árið.

„Mér fannst ég hafa brugðist heilli þjóð,“ sagði Kalli. „Ég vann fyrsta Idolið. Hvað þýðir Idol? Það þýðir fyrirmynd. Ég var ekki rosa-lega góð fyrirmynd.“ Kalli hafði í mörg ár reynt að hætta alfarið allri neyslu en það aðeins tekist um tíma. Hann ákvað því að nálgast baráttuna við fíknina á annan hátt.

„Ég var orðinn þreyttur og það tók á að vera endalaust í baráttu og þrauka edrú í örfáa mánuði og falla og særa fólk. Um leið og ég hætti að berjast og reyndi frekar að hafa hemil á neyslunni gekk það betur og í raun mun betur en ég þorði að vona. Þetta dró úr löngun og ég særi fjölskyldu mína minna á þann hátt heldur en þegar ég er ekki að drekka. Þetta bjargaði lífi mínu, því þegar ég féll fór ég alltaf á dýpri stad. Í dag er ég meðvitaður um mínar skyldur og mitt hlutverk.“

Að vera í mikilli neyslu, það er ekki líf. Þetta er ekki töff, þú ert ekkert svalur. Það er enginn kóngur nema rétt á meðan kílóíð er að klárast.“ Þá sagði

„Ég vann fyrsta Idolið. Hvað þýðir Idol? Það þýðir fyrirmynd. Ég var ekki rosa-lega góð fyrirmynd.“

Kalli enn fremur í Burðardýrum: „Þótt ég hafi dottið mjög illa í gegnum lífið hef ég alltaf náð að standa upp, þurrka af hnjúnum og halda áfram. Ef maður er tilbúinn til þess og tilbúinn til að læra af mistökunum sínum, þá hlýtur þetta að enda með því að maður sé sáttur í eigin skinni.“

#### Amma til bjargar

Það er ekki hægt að kveðja Kalla án þess að minnast á þáttinn Burðardýr og lokasenuna í þeim þætti. Óhætt er að segja að þá hafi



**Ausinn lofi** Kalli bjóst aldrei við að komast áfram en dómararnir, Bubbi, Sigga Beinteins og Þorvaldur, sáu strax að hann bjó yfir miklum hæfileikum.

Kalli brætt hjörtu allra þeirra sem horfðu á þáttinn.

Í hjartnæmu lokaatriði þáttarins heimsótti Kalli Bjarni ömmu sína á hjúkrunarheimili á Grundarfirði þar sem hann gerði sér lítið fyrir og setti upp einkatónleika inni

í herbergi hennar, en gamla konan grét eftir að Kalli hafði sungið finnskan sálm. Samband Kalla og Elnu ömmu hans er einstakt enda var hún um tíma móðir hans. Elna hefur gengið í gegnum margt og starfaði í Finnlandi í seinni heimsstyrjöldinni við að hjúkra særðu fólki. Þá reynslu nýtti hún til að bjarga Kalla.

„Amma er nagli,“ segir Kalli og sýnir ör á handleggnum. Þegar Kalli var um 10 ára gamall var hann að fara upp stiga á heimili þeirra. Það vildi svo illa til að í efsta þrepinu skrakaði honum fótur og hann féll niður. Kalli sat á gólfinu og horfði á bein stingast út úr handleggnum. Allar sínar voru í sundur. Blóðið fossaði. Ósæð og háráð voru í sundur. Kalli var hreinlega í lífshættu.

„Amma reif sig síðan úr sokkabuxunum og hnýtti þær

utan um mig. Svo dró hún mig inn á bað og lét mig liggja með höndina ofan í köldu vatni á meðan hún hringdi á lækinn. Hún var búin að vinna við að taka á móti særðum hermönnum þegar hún var 15 ára. Bæði ósæðin og háráðin fóru í sundur.“

Eftir að hafa bjargað lífi barnabarnsins tók við erfið endurhæfing. Elna vissi að ef Kalli Bjarni ætti að geta nýtt höndina seinna á lífsleiðinni yrði hún að láta til sín taka. Og hún fann lausnina og keypti BMX-hjól. Hjólið mátti Kalli hins vegar aðeins nota ef hann stýrði með vinstri.

„Hún bannaði mér að nota hægri höndina,“ segir Kalli og hlær. „Eitt sinn kom hún að mér inni í Grundarfirði þar sem ég var á BMX-hjólinu mínu og var að nota hægri. Hún tók af mér hjólið, þannig að ég grenjaði og grenjaði með ekkasogum og hún lét mig ekki hafa það fyrir en eftir tvo mánuði,“ segir Kalli og bætir við að á endanum hafi hann getað stýrt og þrjónað með vinstri höndinni.

Þessa konu, sem hefur alltaf verið til staðar, ætlar Kalli að heiðra síðar í mánuðinum með lagi á afmælisdaginn.

#### Nýtt líf

Kalli bætir við að hann horfi til þess að láta að sér kveða á ný í tónlist. Hann lýsti því yfir í viðtali að hann ætli seinna í mánuðinum, á afmælisdegi ömmu sinnar að gefa út nýtt lag. Þá er Kalli ástfanginn upp fyrir haus en hann er trúlofaður Önnu Valgerði Larsen. Í þættinum Burðardýrum sagði Kalli Bjarni um ástina:

„Þegar ég bjóst engan veginn við því, þá finnst mér eins og karma hafi gripið þarna inn í og hugsað með sér, er þetta ekki komið gott hjá Kalla í bili? Ég fékk til mín heilladísina sem ég er ekkert smá ástfanginn af og hamingjusamur með. Hún er búin að vera að hjálpa mér og benda mér á þá kosti sem ég hef. Það er það sem maður þarf, sálufélaga með manni í liði,“ sagði Kalli og augljóst að Anna Valgerður hafði heillað hann upp úr skónum. Þá er von á enn frekari tíðindum af parinu því Anna Valgerður gengur með barn þeirra undir belt.

„Þann 9. júlí mun lítið sveinbarn líta dagsins ljós,“ segir Kalli og er eftirvæntingin mikil. Framtíðin er björt. ■



**Mikill missir** Kalli ásamt sínum besta vini, sem missti tókin á neyslunni og framdi sjálfsmorð.





# ÍSLENSKA KÍSILSTEINEFNIÐ SEM HEFUR SLEGIÐ Í GEGN

„Ég hef verið að taka inn kísilsteinefnið og hef ekki fundið fyrir verkjum í bakinu síðan ég byrjaði að taka það.“

ELSA MARGRÉT

„Ég hef verið með mikinn verk í hnjúnum en oft á tíðum fá psoriasis sjúklingar gigt útfrá sjúkdómnum, í dag er þessi verkur nánast horfinn. Einnig hefur sykurþörf minnkað mjög mikið en ég fékk mér gjarnan sælgæti á hverjum degi.“

VEIGAR ÞÓR

„Ég mjaðmargrindarbrotnaði illa fyrir tíu mánuðum, ég hef verið að taka kísilinn ykkar núna í u.þ.b. 8 mánuði og eftir tveggja til þriggja mánaða inntöku varð ég strax vör við mikinn mun. Í dag finn ég varla fyrir því að hafa brotnað.“

ANNA GUÐMUNSDÓTTIR

Kísilsteinefni **GeoSilica** inniheldur hreinan jarðhitakísil sem unninn er á Íslandi úr jarðhitavatni Hellisheiðarvirkjunar.

- Styrkir bandvefinn\*
- Styrkir hár og neglur\*
- Suðlar að betri myndun kollagens fyrir sléttari og falletgri húð.

**geoSilica**  
ICELAND

Fæst í Heilsuvörubúðum, öllum helstu apotekum, Nettó og í Hagkaup Kringlunni, Hagkaup Smáralind og Hagkaup Garðabæ.

\*Kísilsteinefnið er fæðubótarefni og kemur ekki í staðinn fyrir lyf. Nánari upplýsingar má finna á [www.geosilica.is](http://www.geosilica.is).

## Kara Kristel í yfirheyrslu:

# „Hvað myndi Bjarni Ben gera?“

Steingerður Sonja Þórisdóttir  
ritstjorn@dv.is



**K**ara Kristel kom eins og þeysireið á sjónarsvið Íslandinga. Hún var ekki bara opin í umræðu sinni um kynlíf heldur fyndin, frökk og óforskömmuð. Það er ekki skrytið að athyglin beinist að henni, hún segir það sem henni finnst og oft veit þjóðin oft ekki hvernig á

að taka því. En hún lætur sig ekki bara varða léttar hliðar lífsins. Hún hefur talað opinskátt um kynferðisofbeldi, vandræði með getnaðarvarnir og erfiðu hliðarnar á samskiptum kynjanna á bloggi sínu, karakristel.com.

Hvað sem öðru líður og hvað sem hverjum finnst, þá er Kara Kristel komin til að vera, með húmorinn og hreinskilnina að vopni.

Við fengum hana í yfirheyrslu.

**Fullt nafn og aldur?** „Kara Kristel Ágústsdóttir, 22 ára, alveg að verða 23.“

**Fjölskylduhagur?** „Ein með son sem er þriggja ára, en er ekki ein að ala hann upp! Hann á líklega bestu föðurfjölskyldu sem ég veit um.“

**Hvar ertu fædd og uppalin?** „O mæ god ókei. Ég fæddist á Selfossi, en bjó aldrei þar. Ég bjó á svo rosalega mörgum stöðum. Hveragerði, Djúfavogi, svo Reykjavík. Búin að búa í nokkur ár núna í Borgarnesi, en hef alltaf tengt mest við Reykjavík svo ég tel mig vera þaðan.“

**Hver finnst þér fallegasti staðurinn á Íslandi?** „Eflaust Keflavíkurlflugvöllur, mjög fallett að einn staður hafi svona margar útgönguleiðir frá þessu veðri.“

**Hvernig myndirðu lýsa þér í þremur orðum?** „Hvatvís, tæp, fyndin.“

**Uppáhaldshljómsveit?** „Írafar er sú eina sem mér dettur í hug í augnablikinu, halló þjóðhátíð!“

**Hvar vildirðu eiga heima ef ekki á Íslandi?** „Bandaríkjunum, mest út af því ég kann ensku.“

**Uppáhaldsmatur?** „Frónskurnar á Prikinu.“

**Uppáhaldsdrykkur?** „Vatn og eplasvali.“

**Besti sjónvarpsþátturinn?** „Gossip Girl og Sex and the city.“

**Uppáhaldsveitingastaður?** „Úff, ég veit ekki, fer mjög sjaldan út að borða, en fór á El Santo fyrir stuttu og ómægð hvað það var gott!“

**Uppáhaldsleikari?** „Johnny Depp, eiginlega bara því hann er sætur.“

**Fyrirmynd?** „Kris Jenner, halló momager sko.“

**Af hverju ertu stoltust?** „Barninu mínu.“

**Hvaða drauma áttu eftir að láta rætast?** „Skrifa bók, framleiða þætti, læra að gera tónlist, ferðast um heiminn, kaupa hús, búa á strönd, læra að fljúga flugvél, búa til app og ógeðslega marga aðra drauma.“

**Hvað langaði þig að verða þegar þú yrðir stór?** „Hef aldrei vitað það, og veit ekki enn.“

**Hvað fer mest í taugarnar á þér í fari annarra?** „Skakkar tennur, skítugt hár, vond lykt ... og þröngsýni!“

**Ef þú værir ekki að gera það sem þú ert að gera í dag, hvað myndi þú vilja vera að gera?** „Í áframhaldandi förðunarnámi í Banda-



ríkjunum, special effects.“

**Hvaða ráð gæfir þú sjálfri þér fyrir fimm árum?** „Ekki neitt, ég á erfitt með að fara að ráðum.“

**Mikilvægast í lífinu?** „Sonur minn og hamingjan hans. Og auðvitað mín hamingja líka.“

**Mestu vonbrigðin?** „Að Kylie Jenner var ekki staðgöngumóðir Kim Kardashian, ég var svo viss um það.“

**Mottó?** „Hvað myndi Bjarni Ben gera?“

**Hvort mundir þú frekar vilja sofa aftur hjá síðasta manni sem þú svafst hjá eða fyrsta?** „Fyrsta.“

**Hvaða hegðun karlmanna finnst þér fráhrindandi í tilhugalífni?** „Dónaskapur og of mikil tölvuleikjaspilun, hello boring ... next!“

**Hvaða ráð gæfir þú karlmönnum varðandi samskiptin við hitt kynið, hvað eykur líkur á velgengi?** „Vera fyndinn og ekki pirrandi.“

**En hvaða ráð gæfir þú konum varðandi það sama?** „Það sama, vera fyndin og ekki pirrandi.“

**Hvaða kynlífsráð mundir þú helst gefa öðrum til að fá sem mest út úr samneytinu?** „Það er alltaf í lagi að segja nei og það er mikilvægt að treysta hinum aðilanum.“

**Hvað er spennandi fram undan?** „Mjög margt, en í augnablikinu get ég ekki sagt frá því.“

## 5 hlutir sem fólk hélt að væru heilsusamlegir

Geislavirkir drykkir og tannkrem þar á meðal



**Hellisbúafæði** Maturinn sem við borðum í dag er ekki alltaf sá heilsusamlegasti og því liggur í augum uppi að sniðugt sé að reyna að borða það sama og mannkyn gerði á steinöld. Vandinn er hins vegar sá að slíkt mataræði er ekkert endilega hollara og getur jafnvel valdið höfuðverkjum og niðurgangi.

### Geislavirkir drykkir og tannkrem

Á fyrri hluta 20. aldar héldu margir að geislavirkni væri holl. Erfitt er að komast að því hver var sá fyrsti sem datt þetta í hug en víða í Evrópu og Bandaríkjunum mátti nálgast geislavirkar vörur. Iðnjöfurinn Eben Byers mun hafa drukkíð þrjár flöskur af geislavirkum drykk á dag. Hann lést fimmtugur að aldri, kjálkalaus. Þýskir hermenn í síðari heimsstyrjöld notuðu einnig geislavirkt tannkrem.



### Vitamin water

Þessa drykki má enn finna í búðum og enn halda smur að þetta séu hollustudrykkir. Í einni flösku af drykknum má vissulega finna vítamín, en einnig 33 grömm af sykra.

### Atkins-kúrin

Atkins-kúrin var mjög vinsæll á árunum 2003 og 2004, þá áttir þú að hætta að borða brauð og kolvetni á borð við pasta og hrísgrjón en máttir borða feitan mat eins og beikon og ost. Fáir ef einhverjir náðu góðum langtímaárangri á kúrnum og Atkins-fyrirtækið varð gjaldþrota árið 2005.



**Borða í takt við blóðflokkinn** Þú áttir sem sagt að borða í takt við blóðflokk þinn. Þeir sem eru í blóðflokki O áttu að borða mikið af dyrafurðum. Þeir sem eru í A áttu að borða mest af grænmeti og þeir sem eru í B mikið af mjólkurvörum. Þeir sem eru í AB áttu þannig að borða grænmeti og drekka mjólk. Þetta virkaði ekki sem skyldi.

# LITLA *bílasalan*

[www.litla.is](http://www.litla.is)

587 7777

**Vantar allar gerðir  
af bílum á skrá  
og á staðinn!**

Eirhöfði 11, Reykjavík



VOLVO Xc90 dísel 7 manna . Árgerð 2015, ekinn 39 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 8.190.000. Rnr.222748.



NISSAN Leaf acenta. Árgerð 2015, ekinn 11 Þ.KM, rafmagn, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.110373.



MERCEDES-BENZ Gle 500 e 4matic. Árgerð 2016, ekinn 16 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 10.490.000. Rnr.110553.



KIA Sportage. Árgerð 2016, ekinn 77 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 3.690.000. Rnr.141217.



KIA Sorento luxury. Árgerð 2016, ekinn 62 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 5.590.000. Rnr.141260.



KIA Carens ex luxury . Árgerð 2016, ekinn 47 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 3.490.000. Rnr.242015.



KIA Ceed ex dísel. Árgerð 2016, ekinn 52 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.222752.



HYUNDAI I10 comfort. Árgerð 2017, ekinn 9800 KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.750.000. Rnr.110680.



AUDI A3 sportback. Árgerð 2015, ekinn 48 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 2.990.000. Rnr.110861.



BMW 3 330e iperformance. Árgerð 2017, ekinn 6 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 4.950.000. Rnr.242010.



FORD Kuga titanium awd. Árgerð 2018, ekinn -1 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.141196.



TOYOTA Yaris. Árgerð 2016, ekinn 75 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.690.000. Rnr.141133.



MMC Pajero instyle. Árgerð 2015, ekinn 39 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 6.290.000. Rnr.110582.



VW Polo trend. Árgerð 2016, ekinn 26 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.790.000. Rnr.110882.



RENAULT Kadjar expression. Árgerð 2016, ekinn 59 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 2.980.000. Rnr.110778.



RENAULT Clio zen dísel. Árgerð 2017, ekinn 10 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 2.350.000. Rnr.242005.



TOYOTA Aygo sjálfskiptur. Árgerð 2016, ekinn 25 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 1.850.000. Rnr.110693.



TOYOTA Land cruiser 150 series. Árgerð 2016, ekinn 61 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 7.490.000. Rnr.119802.




VW Golf gte premium. Árgerð 2015, ekinn 37 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.980.000. Rnr.241955.

**LITLA**  
*bílasalan*

**587 7777**

## Afmælis- börn vikunnar

Verða árinu eldri á næstu dögum



44  
ára

**ELÍNROS LÍNDAL**

Fædd: 5. mars 1974  
Starf: Framkvæmdastjóri



54  
ára

**ÞORSTEINN J.  
VILHJÁLMSOON**

Fædd: 2. mars 1964  
Starf: Fjölmiðlamaður



57  
ára

**SIGMUNDUR ERNIR  
RÚNARSSON**

Fædd: 6. mars 1961  
Starf: Fjölmiðlamaður og skáld



52  
ára

**ÞORVALDUR BJARNI  
ÞORVALDSSON**

Fædd: 3. mars 1966  
Starf: Tónlistarmaður



**Undir áhrifum frá Fucking Ámál**  
„Það kom mér því skemmtilega á óvart að lesa viðtal við þá sem skrifuðu þáttaröðina og sjá að sú mynd var í raun og veru aðaláhrifavaldurinn á þættina.“

# Everything Sucks!

Tinna Eik Rakelardóttir fjallar um nýja nostalgíuþætti á Netflix

Fyrir okkur sem ólumst upp á tíunda áratug síðustu aldar er gaman að segja frá þáttunum Everything Sucks! á Netflix en fyrir þennan aldurshóp er þetta nostalgíuveisla af bestu gerð.

Þættirnir fylgja að mörgu leyti sömu reglum og sögulinu og fjölskylduþættirnir sem flest okkar fylgdumst með á tíunda áratugnum. Sumir elskuðu þessa línulegu framhaldsþátta dagskrá meðan öðrum leið eins og föngum. Sjónvarpsþáttaraðir sem helst má nefna til samanburðar eru hinir snilldarlegu Freaks & Geeks, My So called Life og fleiri í þeim dúr. Skemmtilegast fannst mér þó hvað þættirnir minntu mig mikið á Fucking Ámál eftir Lukas Moodyson, sem vill svo skemmtilega til að var upphaldsvikmyndin mín þegar ég var unglingur. Mörg atriði í þáttunum eru keimlík myndinni og eru tvær aðalkvenpersónurnar mjög líkar aðalstelpunum í Fucking Ámál, bæði hvað varðar útlit og persónuleika. Það kom mér því skemmtilega á óvart að lesa viðtal við þá sem skrifuðu þáttaröðina og sjá að sú mynd var í raun og veru aðaláhrifavaldurinn á þættina.

### Flækjur og árekstrar framhaldsskólaáranna

Aðalpersónur Everything Sucks! eru Luke (Jahi Di'Allo Winston) og vinir hans sem eru að byrja á fyrsta ári í framhaldsskóla í smábænum Boring í Oregon. Luke verður skotinn í Kate (Peyton Kennedy) sem er dóttir skólustjórans og annars árs nemi. Félagarnir ganga í gegnum allar flækjur og árekstra framhaldsskólaáranna með viðkomu allra klassísku persónanna sem koma að lífi okkar, foreldra, kennara, vina og skólasystkina og við fáum að skyggast inn í líf þeirra allra.



**Internetið 1996** Það er tilvalið að horfa á þættina með börnunum, sýna þeim hvernig hlutirnir virkuðu þegar við þurftum að hringja inn internetið með hávaðasömum „router“ og spóla myndbandsþólum til baka.

Nostalgíuáhrifin af þáttunum eru mjög góð þrátt fyrir að margt sé frábrugðið því sem tíðkaðist hér á landi. Til dæmis dæmdu börn fjárhagslega stöðu vina sinna ekki bara út frá því hvort það var Stöð 2 á heimilinu eða ekki, – eins og var almennt gert í mínum vinahópi. En í þáttunum er samt sem áður hrúga af köflóttum skyrutum, derhúfur snúa öfugt, stelpur ganga með smelluarmbönd, hlustað er á geisladiska og horft er á tónlistarmyndbönd. Vídeospólur eru leigðar, lukkutróllum er safnað og plaggöt eru hengd upp á vegg.

### Ekkert talað um rasismann

Þáttaröðin er nokkuð lengi að kom-

„Aðalleikari þáttanna, sem er fimmtán ára, þurfti að fá kennslu við að setja spólu í tækið

eru bæði svört en það kemur aldrei upp nein umræða um rasismann sem hefur alltaf verið til staðar í Bandaríkjunum, hvað þá á tíunda áratugnum og hvað þá í Oregon sem á mjög langa og ofbeldisfulla sögu af kynþáttahatri.

Og þrátt fyrir að ein aðalpersóna þáttanna sé að koma út úr skápnum er heldur ekkert fjallað um þá fordóma sem hinsegin fólk verður fyrir og erfiðleikana við það að koma út úr skápnum bæði í dag og á þessum tíma. Ég bind hins vegar miklar vonir við að tekið verði á þessum málum í næstu seríu þar sem margir hafa gagnrýnt þessa afneitun í handritshöfundunum.

### Vinsamlegast spólið til baka

Þrátt fyrir þessa hnökra þá mæli ég samt sem áður með þáttunum sem góðu afþreyingarefni og kannski allveg sérstaklega fyrir fólk sem ólst upp á tíunda áratugnum. Það er tilvalið að horfa á þættina með börnunum, sýna þeim hvernig hlutirnir virkuðu þegar við þurftum að hringja inn internetið með hávaðasömum „router“ og spóla myndbandsþólum til baka. Aðalleikari þáttanna, sem er fimmtán ára, þurfti að fá kennslu við að setja spólu í tækið, af því hann hafði aldrei séð þessar græjur áður.

Vá, hvað við erum orðin gömul! ■



ast af stað og lifir svóltið á nostalgíunni. Endirinn er hins vegar hjartnæmur og fullnægjandi og skilur mann eftir með löngun til að vita meira. Hægt væri að segja að hjartnæmnin gangi samt stundum aðeins of langt þar sem aðalpersónan, Luke, og mamma hans

# Óskarsverðlaunin 2018: Hver hreppir stýttuna?

Nokkrir álitsgjafar velja sína Óskarsverðlaunahafa

Ragna Gestsdóttir  
ragna@dv.is



Sunnudaginn 4. mars verður botninn sleginn í kvikmyndaárið 2017 þegar stærsta verðlaunahátíð kvikmyndaíðnaðarins, sjálf Óskarsverðlaunahátíðin, fer fram í 90. sinn. Hátíðin fer fram í Dolby-leikhúsinu í Hollywood og spjallþáttstjórnandinn Jimmy Kimmel verður kynnis.

Verðlaun verða veitt í alls 24

flokkum og það er The Shape of Water sem er með flestar tilnefningar, alls 13, næst á eftir kemur Dunkirk með 8 tilnefningar og Three Billboards Outside Ebbing, Missouri með 6 tilnefningar.

DV fékk nokkra álitsgjafa til að velja sigurvegara í sjö flokkum: besta mynd, leikstjórn, handrit, besta leikkona í aðal- og aukahlutverki og besti leikari í aðal- og aukahlutverki. Þessar myndir eru tilnefndar í þessum flokkum:



**Besta myndin** Níu myndir eru tilnefndar: Call Me By Your Name, Darkest hour, Dunkirk, Get Out, Lady Bird, Phantom Thread, The Post, The Shape of Water og Three Billboards Outside Ebbing, Missouri.

**Leikstjórn** Tilnefnd eru: Christopher Nolan (Dunkirk), Jordan Peele (Get Out), Greta Gerwig (Lady Bird), Paul Thomas Anderson (Phantom Thread) og Guillermo Del Toro (The Shape of Water).

**Frum samið handrit** Tilnefndar eru: The Big Sick, Get Out, Lady Bird, The Shape of Water og Three Billboards Outside Ebbing, Missouri.

**Leikkona í aðahlutverki** Tilnefndar eru: Sally Hawkins (The Shape of Water), Frances McDormand (Three Billboards outside Ebbing, Missouri), Margot Robbie (I, Tonya), Saoirse Ronan (Lady Bird) og Meryl Streep (The Post).

**Leikari í aðahlutverki** Tilnefndir eru: Daniel Day-Lewis (Phantom Thread), Timothée Chalamet (Call Me By Your Name), Daniel Kaluuya (Get Out), Gary Oldman (Darkest Hour) og Denzel Washington (Roman J. Israel).

**Leikkona í aukahlutverki** Tilnefndar eru: Mary J. Blige (Mudbound), Allison Janney (I, Tonya), Lesley Manville (Phantom Thread), Laurie Metcalf (Lady Bird) og Octavia Spencer (The Shape of Water).

**Leikari í aukahlutverki** Tilnefndir eru: Willem Dafoe (The Florida Project), Richard Jenkins (The Shape of Water), Christopher Plummer (All the Money in the World), Woody Harrelson (Three Billboards outside Ebbing, Missouri) og Sam Rockwell (Three Billboards outside Ebbing, Missouri).

## Markaðsstjórnin

Guðmundur Breiðfjörð hætti nú um mánaðamótin sem markaðsstjóri kvikmyndadeildar Senu. Hann hefur unnið við kvikmyndir í um 20 ár og þekkir því vel hvaða kvikmyndir falla í kramið og hverjar ekki.



Nokkuð fyrrsjanlegt í ár að mínu mati í helstu flokkum. Besta myndin verður Three Billboards, besti leikari Gary Oldman í Darkest Hour, besta leikkona Frances McDormand fyrir Three Billboards og svo taka Sam Rockwell og Allison Janney stýttuna fyrir bestu aukahlutverkin. Óskar fyrir leikstjórn fer til Benicio del Toro fyrir Shape of Water ásamt frumsömdu handriti. Handrit byggt á áður útfegnu efni fer til Call Me By Your Name og svo verður loksins Roger Deakins að vinna fyrir kvikmyndatöku fyrir Blade Runner. Það er alltaf mín ósk. Og að lokum væri gaman að sjá John Williams vinna fyrir tónlist fyrir Star Wars þó að það sé ólíklegt.

## Biógagnrýnandinn

Valdimar Víðisson, skólastjóri Öldutúnsskóla í Hafnarfirði, er mikill áhugamaður um kvikmyndir og heldur úti síðunni *Biógagnrýni* Valdímars á Facebook.

### Besta myndin

Níu myndir eru tilnefndar að þessu sinni. Ég hreinlega skil ekki hvers vegna Akadémían tilnefndi ekki Disaster Artist. Að mínu mati ein allra besta mynd síðasta árs. Ég vona að Three Billboards Outside Ebbing, Missouri vinni, en The Shape of Water mun veita henni harða samkeppni.

### Leikstjórn

Tilnefningar í þessum flokki komu nokkuð á óvart. Til dæmis sátu Steven Spielberg fyrir The Post og Joe Wright fyrir Darkest Hour heima og fengu ekki tilnefningu. Ég held að keppnin verði á milli Christophers Nolan og Guillermo Del Toro og ég spái því að sá síðarnefndi fari heim með stýttuna.

### Frum samið handrit

Tel víst að Three Billboards Outside Ebbing, Missouri fái þessi verðlaun. Algjörlega frábærlega skrifuð mynd. Kolsvartur húmor í bland við ápreiðnaða dramatik.

### Leikkona í aðahlutverki

Fyrirfram er veðið á Frances McDormand sem fer algjörlega á kostum í sínu hlutverki, en ég ætla að vona að Margot Robbie fari heim með stýttuna.

### Leikari í aðahlutverki

Þetta er sá flokkur sem gæti komið hvað mest á óvart. Fyrirfram reikna margir með að Daniel Day-Lewis fái Óskarinn fyrir Phantom Thread, en þeir Timothée Chalamet, fyrir Call Me By Your Name, Daniel Kaluuya, fyrir Get Out, og Gary Oldman, fyrir Darkest Hour, eru algjörlega frábærir í sínum hlutverkum. Denzel Washington er einnig tilnefndur, fyrir Roman J. Israel. Skil ekki hvers vegna hann



var tilnefndur á meðan James Franco, fyrir Disaster Artist, og Tom Hanks, fyrir The Post, sátu heima. Ég vona að Gary Oldman fari heim með stýttuna, en ég held að Akadémían muni heiðra Daniel Day-Lewis þar sem hann hefur sagt að hann sé hættur að leika.

### Leikkona í aukahlutverki

Þessi flokkur er mun jafnari að mínu mati en flokkur leikara í aukahlutverki. Ég vona að Allison Janney fái Óskarinn og ég held að Akadémían sé mér sammála. Fer algjörlega á kostum í hlutverki móður Tonya Harding.

### Leikari í aukahlutverki

Ekkert sem kom á óvart í þessum flokki. Ég vona að Woody Harrelson fái stýttuna en ég held að Akadémían velji Sam Rockwell. Báðir frábærir í myndinni.

## Klipparinn

Elísabet Ronaldsdóttir hefur starfað í kvikmyndabransanum í yfir 20 ár og meðal annars klippt Deadpool 2, Atomic Blonde og Reykjavík-Rotterdam, sem hún fékk Eddu fyrir árið 2008.

### Kvikmynd ársins

Tæknilegar flækjur kosninganna gera þennan flokk erfiðan að spá um. Ég ætla að þrjár myndir bitist um sigurinn; Get Out, The Shape of Water og Three Billboards Outside Ebbing, Missouri, jafnvel þótt sú síðasta hafi ekki fengið tilnefningu fyrir besta leikstjórnann, það hefur gerst áður að mynd hafi unnið án þess. Ég ætla að veðja á að Get Out taki þennan flokk, kvikmyndin hefur haft mikil áhrif á Hollywood sem og samfélagið allt.

### Leikstjóri ársins

Það væri gaman að sjá Greta Gerwig taka stýttuna fyrir þroskasögu konu sem snýst um karlmenn og ást. Það er líka mikilvægt að auka hlut kvenna í leikstjórastólum og sýnileiki á verðlaunapalli skiptir máli. Tíðarandinn vinnur með henni eins og Jordan Peele, sem gæti staðið uppi sem verðugur sigurvegari. Við eigum efallaust eftir að sjá miknið af þeim í framtíðinni en ég held að tími Guillermo del Toro sé kominn.

### Leikkona í aðahlutverki

Stýttan fer örugglega til Frances McDormand sem á eftirminnilegan leik í langt í frá of góðri kvikmynd. Frances er búin að vinna næstum öll verðlaun undir sólinni fyrir magnaða túlkun sína á reidri, uppfinningasamri móður myrtrar stúlku. Hún sigldi beint inn í miðja #MeToo-hreyfinguna og endurómar líka sorg, reiddi og aktivisma í kjölfar fjöldamorðanna í Parkland, Florida.



### Heimildamynd ársins

Ef það væri eitthvert réttlæti í kvikmyndaheiminum fengi Last Men in Aleppo stýttu. En Sýrland er líklegast of langt frá Akadémíunni. Það er Icarus hins vegar ekki og ég tel hana sigurstranglega. Akadémían er alls ekki ópólitísk en fólk gæti líka verið orðið bugað og þá tekur Faces/Places stýttuna. Agnès Varda er dýrkuð og dád og nú elsti einstaklingur til að hljóta Óskartilnefningu og við erum öll tilfinningadýr – hvort sem við erum akademíu meðlimir eða ekki.

### Kvikmyndataka ársins

Sögulegur sigur gæti unnið ef Rachel Morrison tæki á móti stýttunni, fyrsta konan tilnefnd fyrir kvikmyndatöku. Miknið yrði ég hamingjusöm, en ég held samt að Roger Deakins, sem er tilnefndur í 14. skipti hljóti að taka hana í ár. Ekki af því að Blade Runner 2049 sé hans vinsælasta mynd eða endilega sú besta, en hann er óneitanlega vel að henni kominn og ekki hægt að hafa af honum sigurinn eina ferðina enn.

### Klipping ársins

Engin spurning í mínum huga. I, Tonya, allt annað er ekki í lagi. Flottur stöðugur tónn gegnum alla myndina, hárfint jafnvægi milli kómedíu og drama. Virðing Tatiönu fyrir viðfangsefninu er augljós og natnir aðdáunarverð. Ég krossa putta fyrir Tatiönu S. Riegel, hún á þetta svo margfalt skilið.

### Búningur ársins

Valdi þennan flokk af því hann er svo auðveldur í ár. Phantom Thread, ég meina myndin er um búninga. Og þótt Jacqueline Durran augljóslega eigi þetta ár er ekki auðvelt að fá stýttu fyrir tvær tilnefningar. Það er aðeins of hörd samkeppni við sjálfa sig.


## Ísland á Óskarnum



Ísland hefur nokkrum sinnum átt fulltrúa á Óskarsverðlaunahátíðinni. Ísland hefur sent inn myndir sem framlag til Óskarsverðlauna sem besta erlenda mynd síðan árið 1981, aðeins ein þeirra, mynd **Fríðriks Þórs Fríðrikssonar**, Börn náttúrunnar (1991), hefur verið tilnefnd. Árið 2006


var Síðasti bærin, eftir Rúnar Rúnarsson, tilnefnd í flokknum Besta leikna stuttmyndin.

Lag **Bjarkar**, I've Seen It All úr Myrkráhöfðingjanum (2001) var tilnefnt sem besta lag, en textinn er eftir Sjon Sigurðsson og Lars von Trier. Lagið fékk ekki stýttuna, en Björk vakti gríðarlega athygli á rauða dreglinum í svanskjólnum sem hún klæddist.



**Jóhann Jóhannsson** var tilnefndur fyrir bestu tónlist fyrir The Theory of Everything (2014) og Sicario (2015), hann lést 9. febrúar síðastliðinn.

# Menning



„Ég á hana, ég á hana!“

Lóuunginn Lói er stjarna íslensku tölvuteiknimyndarinnar „Lói – Þú flýgur aldrei einn“. Myndin hefur notið nokkurra vinsælda en verið gagnrýnd fyrir að innihalda stöðluð kynjahlutverk og skadlegar karlmennsku myndir. Meðal annars hefur verið gagnrýnt að Lói segist eiga vinkonu sína, Lóu, þegar annar fugl stígur í vænginn við hana.

# Stærstu fréttirnar frá Berlinale

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Berlín fór fram í síðustu viku

## 1 Konur gera það gott

Annað árið röð hlaut kvikmynd eftir konu Gullbjörninn, aðalverðlaunin á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Berlín. Það var rúmenski leikstjórinn Adina Pintilie sem hlaut verðlaunin í ár fyrir kvikmyndina Touch Me Not, en hún er aðeins sjötta konan í 68 ára sögu hátíðarinnar sem hlýtur verðlaun fyrir bestu myndina. Umræða um stöðu kvenna var einnig áberandi á hátíðinni þar sem pallborðsumræður fóru fram.

## 2 Djörf verðlaunamynd

Það þótti nokkuð djörf ákvörðun hjá dómnefndinni að veita Touch Me Not aðalverðlaunin, en hún er fyrsta kvikmynd Adinu Pintilie í fullri lengd, en bakgrunnur hennar er í tilraunakenndri kvikmyndagerð. Myndin er sögð vera á mörkum heimilda- og leikinnar myndar – nánast vídeóritgerð – og fjallar hún um líkamlega nánd. Þar sjást margs konar líkamar og óhefðbundnar kynlífsathafnir en það hefur gengið fram af sumum áhorfendum. Myndin hefur fengið mjög misjafna dóma, til dæmis var kvikmyndagagnrýnandi breska dagblaðsins The Guardian alls ekki hrifinn og sagði hana grunnhyggna og kjánalega.

## 3 ... með Tómasi Lemarquis í aðalhlutverki

Það sem er enn fréttæmara fyrir Frónbúa er að Tómas Lemarquis leikur eitt aðalhlutverk myndarinnar og er það í fyrsta skipti sem íslenskur leikari fer með eitt aðalhlutverkanna í mynd sem hlýtur Gullbjörninn.

## 4 Wes Anderson fór í hundana


Það kom ekki mörgum á óvart að hinn virti bandaríski leikstjóri Wes Anderson skyldi hljóta Silfurbjörninn, verðlaun fyrir bestu leikstjórn á hátíðinni. Hann var verðlaunaður fyrir brúðuhreyfimynd sína Isle of Dogs, sem er dystópísk framtíðarmynd sem fjallar um hunda í sóttkví á eyju fyrir utan Japan. Anderson hlaut sömu verðlaun fyrir síðustu mynd sína, Grand Budapest Hotel. Það var leikarinn Bill Murray sem tók við verðlauninum fyrir hönd Anderson en hann talar fyrir einn hundanna sem er í aðalhlutverki í myndinni: „Ég bjóst aldrei við því að einn daginn færi ég í vinnuna sem hundur og kæmi heim með björn.“

## 5 Mynd um Úteyjarmorðin frumsýnd

Á hátíðinni var frumsýnd ný leikin kvikmynd eftir norska leikstjóran Erik Poppe um fjöldamorðin í Útey árið 2001. Myndin, sem nefnist U-July 22, fjallar um daginn þegar hægriöfgamaðurinn Anders Behring Breivik myrti 69 manns, í Ósló og Útey, þar sem hópur ungra jafnaðarmanna hafði



Ekki snerta Tómas Lemarquis er í einu aðalhlutverka í hinni djörfu verðlaunamynd Touch Me Not.



Willem Dafoe Var verðlaunaður fyrir ævistarf sitt.

komið saman. Öll myndin er frá sjónarhorni skáldaðra fórnarlamba en byggir þó á hinum raunverulegu atburðum, og sést fjöldamorðinginn Breivik varla í mynd. Gagnrýnendur voru almennt nokkuð hrifnir af myndinni en aðstandendur fóru þó tómhentir heim af verðlaunaathöfninni.

## 6 Willem dafoe fær heiðursverðlaun

Bandaríski stórleikarinn Willem Dafoe hlaut heiðursverðlaun kvikmynda-hátíðarinnar, en hann hefur leikið í yfir 100 myndum, mörgum þeirra með mestu kvikmyndaverkum samtímans. Hann hefur leikið allt frá illmennum úr teiknimyndasögum til sjálfs Jesú Krists.

## 7 Rifrildi M.I.A. og leikstjóra heimildamyndar um hana

Á hátíðinni var frumsýnd heimildamyndin MATANGI / MAYA / M.I.A. um hina háþólitísku og ógrandi tónlistarkonu M.I.A. Myndin byggir fyrst og fremst á myndefni sem hún hefur sjálf tekið upp á síðustu 22 árum og gefur einstaka sýn inn í líf hennar – meðal annars er tekist á við fjar-



Kom sá og sigraði Rúmenska kvikmyndagerðarkonan Adina Pintilie hlaut Gullbjörninn



Sársaukafull minning Leikna kvikmyndin U-July 22, sem fjallar um fjöldamorðin í Útey árið 2011, var frumsýnd á hátíðinni.

veru föður hennar, en hann var einn stofnenda Tamiltgranna, aðskilnaðarhreyfingar Tamíla á Srí Lanka. Það var vinur hennar úr listaháskóla, Steve Loveridge, sem leikstýrði myndinni. Þó að myndin hafi fengið ágætis viðtökur var tónlistarkonan allt annað en sátt við útkomuna og lét hún þá skoðun sína skýrt í ljós á blaðamannafundum sem enduðu oftast en ekki með rifrildi milli leikstjórans og hennar.

## 8 Spenna fyrir Verbúðinni

Þáttaröðin Verbúðin, sem listahópurinn Vesturport er með í undirbúningi í sam-

vinnu við RÚV, vann til svokallaðra Series Mania-verðlauna á CoPro Series-kynningarviðburðinum sem fór fram á hátíðinni. Verðlaunin fela í sér að Verbúðin mun verða með í söluráðstefnu með kaupendum sjónvarpsefnis, sem haldin verður í Lille í Frakklandi í maí næstkomandi.

## 9 Adam frumsýndur

Þýska kvikmyndin Adam, önnur kvikmynd Maríu Sólrúnar Sigurðardóttur, var frumsýnd í Generation hluta kvikmyndahátíðarinnar, en sonur hennar, Magnús Maríuson, fer með aðalhlutverkið. Kvikmyndavefurinn Variety haldi sérstaklega leikrænum tilprifum Magnúsar í myndinni.

## 10 Sólófrumraun Herdísar

Tónlistarkonan og kvikmyndaónskáldið Herdís Stefánsdóttir, sem íslenskir poppunendur kannast við úr rafduettinum East of My Youth, kom í fyrsta skipti fram undir eigin nafni á tónleikum á hátíðinni. Herdís gerði einnig tónlist við nígerísku stuttmyndina Besida sem sýnd var á stuttmyndahluta hátíðarinnar.



### Metsölulisti Eymundsson

Vikuna 14. til 20. febrúar

1 Þorsti - Jo Nesbø	7 Núvitund hagnýt leiðsögn - Mark Williams
2 Þitt annað líf - Raphaëlle Giordano	8 Stóra bókin um Hvolpasveitina - Mary Tiltworth
3 Uppruni - Dan Brown	9 Óvelkomni maðurinn - Jónína Leósdóttir
4 Óþægileg ást - Elena Ferrante	10 Myrkríð bíður - Angela Marsons
5 Mojfríður einkaspæjari - Marta Eiríksdóttir	
6 Elín, ýmislegt kilja - Kristín Eiríksdóttir	

### Vinsælustu plöturnar

Vikuna 14. til 20. febrúar

1 Floni - Floni	6 Migos - Culture II
2 Kendrick Lamar - Black Panther - The Album	7 Ed Sheeran - +
3 Ymsir - Söngvakeppnin 2018	8 Aron Can - Ínótt
4 JóiPé & Króli - GervíGlingur	9 Kaleo - A/B
5 Herra Hnetusmjör - KÖPBOI	10 Sam Smith - The Thrill Of It All

### Vinsælast í bíó

Helgina 16. til 18. febrúar.

1 Black Panther	6 Fifty Shades Freed
2 Fullir vasar	7 The Shape of Water
3 Lói - Þú flýgur aldrei einn	8 Bling
4 Game Night	9 The Post
5 Paddington 2	10 Jumanji



inn kemur í bæinn, heimurinn kemur í heimsókn. Þorpsbúar fá tækifæri til að sýna, hvers þeir eru megnugir. Og það er ekki upp á þá logið: Edda Björgvins, Sigurður Þór, Soggi Sigurjóns, Esther Talía, Hallgrímur, Oddur, Birgitta, og Þórey syngja öll, dansa og hlæja af slíkri hjartans list, að maður sýpur hveljur og tárast. Og ekki versnar það, þegar Helga og Binni (Ólafía og Örn) - og auðvitað dóttir þeirra, hún Harpa Sjöfn (Snæfríður) - skerast í leikinn, og sirkusinn tekur á sig mynd.

Þau Helga og Binni, sem eru vön í bransanum, vita sem er, að sjóði er ekki fullkomnað, nema þau geti boðið upp á stórstjörnu í lokin. Og þar kemur hr. Frímenn til sögunnar (Hilmir Örn), ásamt aðstoðarmanni sínum, Herra Reykjavík (Bjarni Snæbjörnsson) - og trylla liðið. Áhorfendur geta varla setið kyrrir í sætum sínum fyrir gleðihrolli.

#### Ótrúleg færni og hópvinna

Það sem eftir situr, þegar upp er staðið, er þessi ótrúlega færni - og þá er ég ekki að tala um stórstjörnu eins og Ólafu Hrónn, Örn Árna, Eddu Björgvins, Siggá Sigurjóns eða Hilmi Snæ - við vitum allt um þau. Ég er að hugsa um þessa ungu krakka, sem sýndu fágæta agaða leikni, hvort sem var í dansinum eða fimleikumunum. Þeir voru eiginlega hið undraverðasta í þessari sýningu. Danshöfundurinn, Chantelle Carey, er greinilega fagmanneskja, stætur ekki sjóinu, en gefur því fyllingu og fjör. Gleður augað.

Við erum stödd í „vaudeville“, leikhúsi gleðinnar. Það er sungið og dansað á sviðinu. Gleðigjafir og grínarar gantast. En þar koma líka við sögu hönnuðir, smiðir, danshöfundar, ljósameistarar, búningahönnuðir og tónlistarmenn. Án þeirra væri ekkert leikhús - ekkert „vaudeville“ - enginn sirkus. Þessi sýning er dæmi um frábæra hópvinnu. Ef einn hlekkur bregst, þá hrynur allt.

Áhorfendur stöpuðu í gólfíð, vildu meira - hrópuðu „encore, encore“, alveg eins og forðum, þegar allt gekk vel. Að tjaldabaki hefur eflaust verið grátið og hlegið, faðmað og kysst - allir verið vinir. Og einhvern tíma í framtíðinni verður þetta kvöld í leikhúsinu bara dýrmaet minning, sem yljár. Njótið á meðan varir. ■

### Leikhús

Bryndís Schram  
ritstjorn@dv.is



### Slá í gegn

Handrit og leikstjórn: Guðjón Davíð Karlsson

Tónlist: Stuðmenn

Leikarar: Ólafía Hrónn Jónsdóttir, Örn Árnason, Snæfríður Ingvarsdóttir, Edda Björgvinsdóttir, Jón Gnarr, Sigurður Þór Óskarsson, Séra Baddi, Esther Talía Casey, Hallgrímur Ólafsson, Oddur Júlíusson, Birgitta Birgisdóttir, Þórey Birgisdóttir, Hilmir Snær Guðnason, Bjarni Snæbjörnsson

Danshöfundur: Chantell Carey

Dansarar: Julietta Louste, Ernesto Camilo Aldazabal Valdes, Hjörtur Vidar Sigurdsson, Sólvi Vigdósson Dýrfjörð

Sirkuslistafólk: Nicholas Arthur Candy, Harpa Lind Ingadóttir, Sindri Deigo

Leikmynd: Finnur Arnar Arnarson

Búningar: María Th. Ólafsdóttir

Lýsing: Magnús Arnar Sigurdarson

Hljóðmynd: Kristinn Gauti Einarsson og Kristján Sigmundur Einarsson

Tónlistarstjórn: Vignir Snær Vigfússon

Hljómsveit: Vignir Snær Vigfússon, Karl Olgeirsson, Helgi Reynir Jónsson, Þorvaldur Þór Þorvaldsson, Róbert Þórhallsson, Aron Steinn Ásbjarnarson

Frumsjnt í Þjóðleikhúsinu 24. febrúar

(skrifad sunndaginn 25. febrúar)

**Þ**að er einmitt á svona kvöldum í leikhúsinu, sem ég hverf í hugarum langt aftur í tímann og fyllest söknuði - nostalgíu - eftir einhverju, sem var, endur fyrir löngu, en aldrei kemur til baka. Það var á svona kvöldum, sem maður skynjaði svo sterkt aðdráttarafli leikhússins - hvað það er, sem gerir leikhúsið að töfraveröld - ærir mann og tryllir.

Á svona kvöldum fallast allir í faðma í lok sýningar, gráta af gleði, örpreyttir en hamingjusamir. Fagnaðarlátum áhorfenda handan tjaldsins ætlar aldrei að linna, það er stappað í gólfíð og hrópað - „encore, encore!“ Fögnumurinn hríslast um sviðið, og allir verða vinir. Allir - líka smiðurinn, sendillinn, skúran, sminkan og tenórinn - jafnvel súperstjarnan. Því að samstaðan skiptir öllu máli, þegar upp er staðið. Einn hlekkur bregst - og allt hrynur. Þetta er hópvinna, þar sem allir leggjast á eitt.

Sagan að baki öllum þessum hávaða og látum, skrauti og skrumi er oftast nauðaómerkileg og varla þess virði að leggja á

minnið: Ást í meinum, ást í bala, svik og prettir, bla, bla, bla ... En það er gjörningurinn sjálfur, tónlistin, söngurinn, dansinn, flikkflakkið, flippflappið og töfrabrogiðin, sem heilla áhorfendur upp úr skónum og verða ógleymanleg.

#### Farandleikhús í félagsheimilinu

Slá í gegn er einmitt dæmi um þetta. Góa er falið það hlutverk að spinna þráð úr sögu Stuðmanna, tengja saman verk þeirra, svo að úr verði heildarmynd, eða upphaf og endi. - (Þetta hefði eflaust getað orðið ástarsaga með dramatískum tilþrífum, en þá hefði kannski ekki orðið svona gaman í leikhúsinu) - Nei, Gói velur þá leið, sem reyndar lá í augum uppi, að búa til farandleikhús, sem var mjög í tísku á þeim árum, þegar Stuðmenn voru að fóta sig í tónlistarflórunni. Þá var ferðast um landið að sumarlagi, boðið upp í dans í félagsheimilum, og duflað og daðrað fram undir morgun. Stuðmenn urðu fljótlega eftirlæti allra - þeir slógu í gegn, mjög ólíkir, en samhentir þó. Hver snillingurinn á fætur öðrum.

Ragga varð svo rósin í hnappagatinu. Hver smellurinn af öðrum smitaði frá sér út í þjóðfélagið. Lög Stuðmanna voru komin til að vera. Þeir voru þarna, Stuðmennirnir, næstum allir um kvöldið í leikhúsinu - nema Tómas, blessuð sé minning hans. Ég sá ekki Valla. Löngu orðnir godsagnir í lifanda lífi, en - þrátt fyrir frægðarljómann - hógværir og lítillátir. Pakklátir? Já, kannski. Sjálf Þjóðleikhúsið lagt undir, virðulegasta stofnun þjóðfélagsins. Aðdáendur gátu ekki dulið fögnuð sinn, allir brosandi út að eyrum, trallandi „slá í gegn“.

#### Heimurinn í heimsókn

Í upphafi leit út fyrir, að sagan hans Góa ætlaði að verða svolítið púkö - naiv eða gamaldags. Jón Gnarr, fyrrverandi borgarstjóri Reykjavíkur, mættur í hlutverki hins heimaríka allsherjarþorpsreddara, sem er að færa upp Gullna hliðið í félagsheimilinu, í lopapeysu með kústinn á lofti. Einhvern veginn gat maður ekki alveg sæst við borgarstjórnann fyrrverandi í þessu hlutverki. Var þetta djók? En svo breytist allt, þegar sirkus-

## Tónlist að heiman

# „Eins manns kjöt er annars manns eitur“

Nonykingz mælir með nígéríska laginu Osondi Owendi með Osadebe

Tónlistarmaðurinn Emmanuel Paschal, sem er líklega betur þekktur undir listamannsnafninu Nonykingz, er fæddur og alinn upp í Nígíeríu en elti ástina til Íslands fyrir rúmlega tveimur árum og er núna búsettur á Akureyri.

Fyrir þá sem vilja kynna sér nígéríska tónlist mælir hann sér-

staklega með laginu Osondi Owendi sem tónlistarmaðurinn Osadebe gerði vinsælt á níunda áratugnum. „Chief Stephen Osita Osadebe, sem er yfirleitt bara kallaður Osadebe, var nígérískur „highlife“-tónlistarmaður frá Atani. Hann var einn þekktasti tónlistarmaðurinn af Igbo-þjóðflokknum og átti fjórtíu ára farsælan feril. Þegar

Osondi Owendi kom út árið 1984 gerði það hann að algjörum leiðtoga innan „highlife“-tónlistarstefunnar og enn í dag er þetta ein vinsælasta plata allra tíma í Nígíeríu,” segir Emmanuel.

„Nafn lagsins „Osondi



Nonykingz mælir með nígérískri „highlife“-tónlist frá níunda áratugnum.



Osadebe Einn af frumkvöðlum „highlife“-tónlistarstefunnar í Nígíeríu.

Owendi“ er dregið af máls-hætti Igbo-fólksins sem væri hægt að þýða sem: „Eins manns kjöt er annars manns eitur.“

Lagið fjallar um afbrýðisemi og öfund, hvernig sumir eru alltaf hamingjusamir en aðrir aldrei. Það fjallar um hvernig fólk notar orð til að rífa hvert annað niður, hvernig það sem þú álitur vera blessun geti aðrir séð sem bölvun. Orð manns eru eins og spegill að hjarta hans. ■

# Átta daga ævintýrafer

■ Stórkostlegir áfangastaðir, frábær matur og vín ■ Hátt verðlag helsti gallinn

Björn Þorfinnsson  
bjornth@dv.is



Ísrael hefur upp á margt að bjóða sem áfangastaður ferðamanna. Nánast hvert sem augum er litið eru sagnfræðilega merkilegir staðir, ef ekki frá miðöldum eða úr biblíusögnum þá úr samtímasögunni enda hefur fréttáflutningur um átök Ísrael og Palestínu dunið á heimsbyggðinni í marga áratugi. Blaðamaður DV brá sér í vikufrí til Ísrael með fjölskyldu sinni. Ritstjóri heimilaði beiðnina um vikufrí gegn því að fá ítarlegt innslag um ferðina á ferðasiðu næsta helgarblaðs! Það er algjör óþarfi fyrir ferðalanga að óttast um öryggi sitt í landinu en helsti gallinn er kannski sá að verðlag er frekar hátt.

Haustið 2017 hóf WOW air beint flug til Tel Aviv í Ísrael. Þar sem ykkar einlægur er mikill aðdáandi framandi áfangastaða þá var það strax sett á dagskrá að nýta sér þetta framtak flugfélagsins. Tækifærið gafst í vetrarfrí grunnskólanna í Garðabæ en sveitarfélagið lokaði skólunum heila vinnuviku. Því passaði ágætlega að fara með fjölskylduna frá laugardegi til sunnudags.

Það mætti æra óstöðugan að reyna að velja úr stöðum til þess að skoða í Ísrael og ekki síst vegna þess að sumir þeirra, eins og Jerúsalem, krefjast margra daga ef vel á að vera. Að lokum komumst við að þeirri niðurstöðu að heimsækja fjóra staði. Þannig vildi til að fyrsti staðurinn á blað var utan Ísrael, borgin Petra í Jórdaníu. Síðan Jerúsalem, Dauðahafið og fornaldarborgin Masada auk þess sem tveir síðustu dagarnir yrðu fráteknið fyrir Tel Aviv. Svo hófst þúsulspilið að skipuleggja skynsamlega dagskrá.

Nú þegar ferðalagið er yfirstaðið þá vil ég reyna að greina frá því með veikum mætti hvernig til tókst og vonandi geta lesendur fundið hér nýtsamlegar ábendingar ef ske kynni að þeir vildu leggja land undir fót til landsins helga.

## 17. febrúar: Flug frá Tel Aviv – keyrt til Eilat við Rauðahaf.

Yfirleitt eru ferðadagar frekar súrir, sérstaklega þegar um 6–7 klukkustunda flug er að ræða. Í stað þess að gista á hóteli í Tel Aviv þessa fyrstu nótt og þurfa síðan að keyra daginn eftir var ákveðið að keyra um fjögurra klukkustunda leið strax við landingu. Ástæðan var sú að best er að fara yfir til Jórdaníu í gegnum landamærahlíð við borgina Eilat. Það væri því ákjósanlegt að hafa næturgistingu í Eilat og komast í dagrenningu að landamærunum. Þessi áætlun reyndi nokkuð á ökumanninn, sem er sá sem þessi orð skrifar, og var hann afar framlágur þegar á hótelið var komið.

Afar hagstætt er að leigja bíl í Ísrael. Bíll fyrir fjóra einstaklinga í fimm daga kostaði rétt tæplega 15 þúsund krónur og þá var GPS-leiðsögn innifalin.

Almennt finnst mér skemmtilegt að keyra um ný lönd og virða fyrir mér borgir, mannlíf og landslag. Fljótlega eftir að lagt var af stað brast á myrkur og því sá ég



**Á slóðum Arabíu-Lawrence** Bláeygd og ljóshærð Íslensk snót vakti mikla athygli í Jórdaníu. Hvert sem farið var kepptist fólk við að brosa til hennar og veifa slæðunni betur um höfuðið. Var klæðið í miklu uppáhaldi alla ferðina.

bara veginn á meðan akstrinum stóð. Það helsta sem gladdi mig voru ítrekuð viðvörðunarskilti um lausagöngu kameldýra. Þegar ég keyrði bróðurpart leiðarinnar til baka komst ég þó að því að útsýnið var frekar einsleitt eyðimerkurlandslag og því var fyrsti dagurinn ágætlega nýttur við akstur.

Rúmlega 50 þúsund manns búa í Eilat og borgin er afar vinsæll áfangastaður ferðamanna út af fallegum ströndum, frábærum aðstæðum til kofunar og fjörlegu næturlífi. Þegar keyrt er inn í borgina fær maður helst á tilfinninguna að maður sé að keyra inn í örútgáfu af Las Vegas enda blasa við ógnarstór upplýst hótél. Lítill tími gafst þó til að kanna Eilat betur því fjölskyldan var útkeyrð eftir erfitt ferðalag.

## 18. febrúar: Yfir til Jórdaníu – Safarí í Wadi Rum-eyðimörkinni.

Við vorum mætt við landamærin við dagrenningu og vorum alls ekki þau fyrstu. Nokkuð stórir hópar af ferðamönnum á vegum ísraelskra ferðapjónustufyrirtækja voru á undan okkur. Dagsferðir til Petra frá Ísrael eru nefnilega mjög vinsælar og það var pakki sem við höfðum skoðað en ákveðið að nýta okkur ekki. Við vildum ekki vera föst með ung börn í fjölmennri skipulagðri ferð heldur skoða Petra á okkar hraða.

Til þess að fá einhverjar tekjur í kassann af „eins-dags-ferðamönnum“ innheimta Jórdaní 65 dollara skatt við landamærin. Þá er miðinn inn í Petra einnig dýrari sem nemur um 60 dollurum. Þessi gjöld falla niður ef ferðalangar gista tvær nætur eða fleiri í Jórdaníu. Þar með skapaðist hvati fyrir fjögurra manna fjölskyldu að gista í Jórdaníu því að auki er hótélgisting þar talsvert ódýrari en í Ísrael. Niðurstaðan varð því sú að panta gistingu á hóteli í bænum Wadi Musa, sem er allveg við Petra, og nýta aukadaginn til þess að skoða Wadi Rum-eyðimörkina sem er á heimsminjaskrá UNESCO.

Óhætt er að mæla með báðum áfangastöðum. Landslagið í Wadi Rum er engu líkt. Bærinn Wadi Musa er þó frekar ómerkilegur. Það er þó upplifun að gista þar en



Stórkostlegt landslag Landslagið í Wadi Rum-eyðimörkinni er engu líkt

við vorum fegin að yfirgefa bæinn.

Varðandi ferðir þá höfðum samband við hótél okkar í Jórdaníu og fengum starfsmenn þar til þess að sækja okkur og bóka ferð í eyðimörkina. Það reyndist lítið mál og var verðmiðinn fyrir fjölskylduna um 25 þúsund krónur en innifalið í því var allur akstur innan Jórdaníu, eyðimerkursafarí sem og hádegisverður með bedúnum í eyðimörkinni.

Til samanburðar fengum við tilboð frá ísraelskri ferðaskrifstofu um svipaða ferð sem kostaði um 150 þúsund krónur, án jeppaferðar en með leiðsögn um Petra.

Óhætt er að mæla með þeirri leið sem við völdum. Jórdanskur leiðsögumaður okkar, Assem – kallaður Awesome, var stórkostlegur og gerði upplifunina einstaka. Hann átti góða vini meðal bedúunnanna í Wadi Rum og fór með okkur í tjald til fjölskyldu einnar sem var aðeins nýbyrjuð að fá ferðamenn í mat. Okkur varð ekki meint af því stórkostlega fæði sem var eldað í tunnu í eyðimerkursandinum.

## 19. febrúar: Rósaborgin Petra.

Borgin Petra, Rósaborgin, var byggð af Núbíumönnum á fjórðu öld fyrir Krist, að því talið er. Hún er að mestu leytí grafinn í kletta

í hinum tilkomu mikla Arabahadal. Það er stórkostleg upplifun að skoða borgina, enda er um einstakt hönnunarundur að ræða. Til að komast að borginni er gengið um afar þrönga en einstaklega fallega fjallasprungu þar til „Fjárhvelfingin“ (e. The Treasury) blasir við. Fyrir lágmenningarsinna eins og sjálfan mig var mannvirkid gert ódauðlegt í Indiana Jonesmyndinni The Last Crusade á árum áður. Boðið er upp á 1–3 daga miða til þess að skoða Petra. Fyrir okkur dugði einn dagur fyllilega og gátum við skoðað helstu mannvirki, eins og „Leikhúsið“ (e. The Theatre) og „Klaustrið“ (e. The Monastery). Það er ekki hægt að fjalla um upplifunina af Petra án þess að minnast á bedúunnana sem herja á ferðalanga með gylliboðum um ýmiss konar ferðir á mismunandi reiðskjótum og á alls konar glingri. Þeir fara í taugarnar á mörgum, enda afar uppþrengjandi, en undirritaður hafði stórkostlega gaman af þeim. Ferðamálayfirvöld hafa meira að segja gripið til þess ráðs að gefa út verðskrá við miðasöluna að Petra þar sem eðlilegt verð fyrir ýmsar ferðir er útlistað. Sjálfur lét ég gleppast til að kaupa kameldýraferð, asnaferð og hestakerruferð fyrir börnin mín og hafði að sjálfsögðu ekki kynnt

mér verðskrána. Í lok dagsins kom í ljós að ég hafði bara borgað rúmlega tvöfalt gjald fyrir allar ferðirnar og tel ég það afar vel sloppið!

Maður er nefndur Abdullah og var að öðrum ólöstuðum völdugasti bedúminn. Við enduðum með að kaupa allar ferðirnar af honum og var hann því orðinn mikill vinur okkar í lok dags. Hann spurði að lokum hvað ég vildi fá mörg kameldýr fyrir forkunnarfagra sambýliskonu mína. Ég tjáði Abdullah mæðulega að ég hefði fengið tilboð upp á þrjú kameldýr fyrir um áratug og spurði hann hvort frúin væri ekki fallin í verði. (Þetta er dagsatt. Stundum þegar verið er að skamma mig heima fyrir þá horfi ég dreyminn út í garð og sé fyrir mér stóð kameldýra). Abdullah brosti þá út að eyrum svo glitti í saffrangular tennurnar og lét eftirfarandi orð falla: „Meiri reynsla, fleiri kameldýr“. Ég er að vona að ég sjái Abdullah aldrei aftur.


## 20. febrúar: Aftur til Ísrael – Dauðahafið og Masada.

Það tók rúma tvo tíma að ferðast frá Wadi Musa og komast aftur yfir landamærin til Ísrael. Þar stukkum við upp í bíl og héldum áleiðis til Masada, fornrar borgar á toppi fjalls með mögnuðu útsýni yfir

# Þó til Ísrael og Jórdaníu



**Rósaborgin Petra** Eitt þekktasta kennileiti borgarinnar er „Fjárhirslan“ (e. The Treasury). Þar algjör skylda að taka mynd og borga síðan nauðugur viljugur alltof hátt verð fyrir stuttan túr á baki kameldýrs.



**Dauðahafið** Töfrandi og fríðsæll staður.



**Kameldýrin vöktu áhuga** Mjög víða má sjá kameldýr spóka sig í Jórdaníu. Þau vöktu mikla athygli hjá ungviðinu.



**Framandi matargerð** Bedúínar í Wadi Rum-eyðimörkinni elduðu hádegisverð í niðurgöfnum tunnu. Hann var afar ljúffengur.

hægt að hafa nægan tíma til þess að njóta þeirrar borgar. Þá hefði einnig komið til greina að gista í „badstrandarstaðnum“ Ein Bokek við hafið steindauða. Það var besti staðurinn að mati undirritaðs til þess að komast í tæri við náttúru-undrið.

**21. febrúar–23. febrúar: Jerúsalem**

Eftir stuttan sundsprett í Dauðahafinu var brunað til Jerúsalem í gegnum Vesturbakkann, svokallaða. Reyndar um landsvæði sem er að mestu leyti undir yfirráðum Ísraelsmanna. Ekki gafst kostur á að heimsækja helstu borgir og bæi Palestínumanna og voru börnin sérstaklega sorgmædd því ekkert varð af heimsókn í Betlehem. Það bíður síðari tíma. Það er tilgangslaust að reyna að lýsa Jerúsalem-borg í stuttu máli. Borgin er stórfengleg í alla staði. Hægt er að týna sér svo dögum skiptir í gamla bænum og skoða heimsfræga staði nánast við hvert fótmál. Jafnvel fyrir hundheiðna menn er það afar tilkomumikið að heimsækja tilbeiðslustaði eins og Grátmúrinn og Grafarkirkjuna og fylgjast með því sem fyrir augu ber.

Þá má ekki gleyma því að í ógrynni frábærra veitingastaða er í Jerúsalem. Þar var ýmislegt spennandi í boði en að endingu varð niðurstaða okkar að heimsækja ítalska veitingastaðinn Luciana í Mamila-verslunarmiðstöðinni, rétt fyrir utan Jaffahliðið, fyrra kvöldið. Þar var boðið upp á úrvalsmat í skemmtilegu umhverfi.

Seinna kvöldið fundum við fyrir tilviljun Anna Italian Café sem er sérstakur veitingastaður í afar fallegu eldra húsi. Hugmyndafræði staðarins er sú að gefa þar ungu fólki sem hefur villst af rétttri braut í lífinu tækifæri og það skapar hlýlegt og gott andrúmsloft. Maturinn var síðan frábær.

Þá verður enginn svikinn af falafel-vefju á skyndibitastaðnum Moshiko ávið Ben Yehuda-stræti. Unaðslegur matur og almennt er það skylda ferðamanna í Ísrael að troða sig eins mikið út af hummus og unnt er. Ekkert sem er boðið upp á hérlendis kemst í tæri við hummusinn á þessum slóðum.

Þá er einnig óhætt að mæla

með ísraelskum rauðvíninum sem eru heilt yfir virkilega góð sem og yfirleitt ódýrari en innflutt vín á veitingastöðum. Ekki er vanþörf á, því matur á veitingastöðum er dýr, líklega um 80 prósent af verði á íslenskum veitingastöðum, stundum meira.

**23.–25. febrúar: Tel Aviv.**

Síðustu tveir dagar ferðarinnar voru í borginni sem WOW flýgur til, Tel Aviv. Aðeins tekur tæpa klukkustund að keyra á milli borganna og kostar leigubíll um 4.000 krónur. Almennt er ágætis ráð að dvelja yfir helgar í Tel Aviv frekar en Jerúsalem enda er mörgum stöðum í síðarnefndu borginni lokað vegna hvíldardags gyðinga, shabbat. Það sama gildir líka um Tel Aviv að einhverju leyti en þó eru borgarþáttar þar mun frjálsglegr

en í Jerúsalem.

Ef matarmeningin var góð í Jerúsalem þá er hún einfaldlega stórbrotin í Tel Aviv og þar geta áhugamenn um mat fengið mikið fyrir sinn snúð, þótt dýr sé. Ráðlegt er að panta borð með góðum fyrirvara, jafnvel nokkurra vikna, því við rákum okkur á að nánast ógjörmingur var að fá borð með skömmum fyrirvara á vinsælustu stöðunum. Það var talsverður ósigur og en þó verður að hafa í huga að það er lítil hætt á að enda á slæmum veitingastað í Tel Aviv.

Mannlífið er afar skemmtilegt í borginni og þegar okkur bar að garði á föstudegi sveif magnað partíandrámsloft yfir vötnum. Sérstaklega í kringum Carmel-markaðinn sem var afar eftirminnilegur. Þá var ómissandi að eyða hluta úr degi í hinni fornu borg Jaffa, en

þar er mikið af skemmtilegum litlum veitingastöðum og krám.

Upplifun fjölskyldunnar í þessari ferð var afar jákvæð. Ein helsta ástæða þess að fólk er tregt til þess að fara í frí til Ísrael er líklega sú að fólk óttast hreinlega um öryggi sitt nú eða þá að pólitískar ástæður ráða för. Hið síðarnefnda er að einhverju leyti skiljanlegt en áhyggjur af öryggi eru að mestu óþarfar. Vissulega verður fólk vart við vopnaða lögreglumenn víða í stærstu borgunum en aldrei upplifði fjölskyldan aðstæður þannig að öryggi hennar væri ógnað. Helsti gallinn á ferð til Ísrael er kostnaðurinn við mat, drykk og hótél. Með útsjónarsemi er þó hægt að komast vel frá því enda er hummusinn frekar ódýr og hann má alveg borða í öll mál. ■

## Láttu þér ekki vera kalt

### Honeywell hitarar og ofnar



**Olíufylltir ofnar 7 og 9** þilja 1500W og 2000 W



**Hitablásarar í úrvali**



**Keramik hitarar með hringdreifingu á hita**



Ný vefverslun: [www.donna.is](http://www.donna.is)  
Erum nú á Facebook: [donna ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

**Donna**

Sími 555 3100 [www.donna.is](http://www.donna.is)

**Bleikt**

Aníta Estíva Harðardóttir  
anita@pressan.is



## Slakur að njóta og lifa?

Nú þegar eru tveir mánuðir liðnir af árinu og tíminn heldur áfram að renna okkur úr greipum. Flestir hafa nú þegar gleymt nýjárshetitum sínum og lagt markmiðin á hilluna, gerst styrktaraðilar líkamsræktarstöðvanna og ekki enn búnir að klára bókina sem þeir byrjuðu á.

Það skal engan undra, enda lifum við á tímum háhraða og tækni. Allt virðist gerast á undraverðum hraða og áður en við vitum af verðum við stöð á elliheimilinu og minnumst göðu árunna.

En hvað eru göðu árin? Nýlega varð orðið núvitund gríðarlega vinsælt. Fólk fór að velta fyrir sér hvað það væri sem raunverulega skipti máli og áttaði sig á að það væri ekki rándýri snjallsíminn eða hversu mörg „like“ það fékk á myndirnar sínar. Það hafa líklega allir velt þessu fyrir sér, lagt frá sér símann í örskamma stund og farið að fylgjast með umhverfi sínu.

En þetta eins og svo margt annað, virðist vera einhvers konar tiskubóla. Margar bækur, greinar og vangaveltur spruttu upp og allir og amma þeirra ákváðu að núna væri tíminn komin til þess að stunda núvitund.

Fljótlega fór þó að bera á því að myndir, stöðuuppfærsla og hvatningarorð fóru að birtast á öllum samfélagsmiðlum.

„Bara heima að slaka og njóta“ og „Like-in skipta ekki máli, heldur líðanin“ eru til að mynda vinsæl orðatiltæki sem fóru skyndilega að birtast þar sem fólk reyndi að vekja athygli á því að það væri nú í raun og veru að slaka á og njóta í núvitund.

Við þjáumst af svakalegri hjarðhegðun og sama hversu mikið við reynum að telja okkur og öðrum trú um að okkur sé alveg sama hvað öðrum finnst, þá er það í langflestum tilfellum ekki satt.

Það er því mjög líklegt að sama hvað við reynum að vera stöð í núinu, slaka á og njóta þá mun tæknin, forvitninn, athyglin og „like“-in sem við fáum að öllum líkindum stjórna flestum okkar allt þar til við förum loksins á elliheimilið.

En hver veit, kannski verða elliárin okkar þau göðu.



# Snyrtivörururáð Töru Brekkan

■ Einn færasti förðunarfræðingur landsins ■ Mikilvægt að nota kalt vatn til að loka húðinni


Tara Brekkan Pétursdóttir er einn af færustu förðunarfræðingum landsins. Tara er menntaður förðunarfræðingur og hefur starfað við það í mörg ár. Tara opnaði Snapchat-reikning sem varð fljótlega gifurlega vinsæll en þar gefur hún ýmis ráð sem snúa að heilbrigði húðarinnar og hársins auk þess sem hún leyfir fylgjendum sínum að fylgjast með þegar hún farðar sig og aðra.

Tara er hörkudugleg og tók ákvörðun um að stofna sitt eigið fyrirtæki sem flytur inn og selur snyrtivörur. Ásamt því hennar Tara sína eigin augnháralínu sem hún selur undir nafni verslunarinnar, Töru.rix.

Fylgjendur Töru vita að hún er mikil glimmerkona og það er fátt sem Tara elskar meira en glimmer.

Það var því við hæfi þegar Tara, ásamt vinkonu sinni Önnu, hóf útsendingar á hlaðvarpsþætti á Kjarnanum að nefna þáttinn Glimmerkotteillinn. Í þættinum fjalla þær vinkonur mikið um tabú mál efni og þá sérstaklega í kvennámálum sem þær telja mikla þörf á í samfélaginu.

Blaðamaður spurði Töru hver hennar helstu og bestu förðunarfræði væru og hvort hún væri tilbúin til að deila þeim með lesendum DV. Það stóð ekki á svörum enda er Tara vel reynd og á mörg



göð ráð í pokahorninu.


■ Húð okkar skiptir mjög miklu máli og þá sérstaklega að hreinsa hana, kvöld og morgna. Þá er ég ekki einungis að tala um ef þið eruð með farða á andlitinu heldur líka ef þið eruð ómáluð. Það leggst mikil mengun, ryk og fleira, á húðina yfir daginn

og það þarf að hreinsa hana af á kvöldin. Farði, eða meik, ver húðina í rauninni fyrir þessari mengun. Það er að segja mengunin leggst á farðann og þegar þið hreinsid hann svo af á kvöldin þá nær mengunin ekki að fara inn í húðina.

■ Mér finnst einstaklega mikilvægt að nota kalt vatn til þess að loka húðinni. Eftir að húðin hefur verið hreinsuð með volgu eða heitu vatni þá opnar hún sig og

hleypir óhreinindum út úr sér. En það sem gerist er að hún er líka opin gagnvart óhreinindum. Þá er best að skvetta köldu vatni yfir andlitid þvi það lokar húðinni. Þetta á einnig við um hárið.

■ Gott er að að mála augun á undan andlitinu. Ástæðan fyrir því er sú að það hrynur stundum augnskuggi niður undir augun og býr til skugga sem leggst á andlitid. Þá þarf oft að laga meikið og allt andlitid í heild. Ef þið byrjið á augunum verður húðin alltaf falleg.



Tara Brekkan Pétursdóttir  
Þeir sem fylgt hafa Töru vita að hún elskar fátt meira en fallegt glimmer.



Tara Brekkan Tara farðaði sig í einhyrningsspeja á öskudaginn síðasta.

■ Það kannast margir við það að „klúðra“ því að setja á sig blautan eyeliner eða þá að varaliturinn fer út af eða klessist. Fljótlega ráðið við því er að nota ljósan hyljara og stífan burstu og hreinsa mistökin með hyljaranum. Ekki er gott að reyna að nudda þetta af því það verður oft verra og tekur lengri tíma að ná því af.

■ Til þess að finna farða í réttum lit er best að setja smá magn af meikinu á hökuna og miða við hálsinn. Við viljum sama lit á hálsinn og andlitid. Ekki setja farðann á handarbakið, það getur verið allt annar litur þar.

■ Mér finnst oft falletustu snyrtiaðstöðurnar vera þær þar sem ekki eru notaðar sérstakar snyrtivöruhirlur heldur fallegir bollar, kertastjappar eða blómavasar. Það er gaman að nota ímyndunarafið og leika sér að því að útbúa persónulega snyrtiaðstöðu.

### Snyrtivörur í eldhúsinu

Það leynast margar skemmtilegar snyrtivörur í eldhúsinu sem hægt er að nota í alls konar maska. Nokkur góð hráefni í maska eru :

- Eggjahvítur
- Hunang
- Sítróna
- Mjólk
- Kókosmjólk
- Sykur
- Olíur
- Matarsódi
- Matarlím
- Hafrar

Samfélagsmiðlar Töru Þeir sem hafa áhuga á því að fylgjast nánar með Töru þá er hún dugleg á öllum þessum samfélagsmiðlum :



## Ljúffengir hafraklattar Amöndu

Fljótlegir og geymast vel

Amanda Cortes, bloggari á öskubuska.is, deilir ljúffengri uppskrift að hollum hafraklöttum. Fljótlegt er að gera hafraklattana, þeir geymast í kæli í 5–7 daga og lengur í frysti.

#### Hráefni:

- 3 vel þroskaðir bananar
  - ¼ bolli eplamauk án viðbættis sykurs
  - 2 tsk. vanillu dropar
  - 2¼ bolli hafrar
  - ½ tsk. matarsódi
  - ½ tsk. lyftiduft
  - 1 tsk. kanill
  - ¼ tsk. salt
  - 1/3 bolli hnetur, fræ eða þurrkaðir ávextir
- Hægt er að nota hnetur, fræ og ávexti eftir smekk. Í þessari uppskrift notaði Amanda pekanhnetur, þurrkuð trönuber og sólblómafræ. Einnig er gott að strá smávegis af fræjum yfir klattana áður en þeir fara í ofninn.



#### Aðferð:

Malið hafrana í blandara og hrærið þeim við matarsóða, lyftiduft, kanil og salt. Stappið saman banana, eplamauk og vanilludropa og blandið saman við þurrrefnin. Að lokum er hnetum, fræjum og ávöxtum blandað saman við með sleif. Setjið deigið í bókunform og stráid fræjum yfir. Bakið við 180°C í 15 mínútur. Leyfið klöttunum að kólna áður en þið skerid þá niður í hæfilega stærð.

## Að halda niðurfallinu hreinu

Heimagert hreinsiefni sem virkar

Til þess að koma í veg fyrir að niðurföll stíflist er mikilvægt að hreinsa þau reglulega og passa upp á reglulegt flæði. Auðvelt er að búa til heimagert hreinsiefni úr hráefnum sem eru til á flestum heimilum. Þetta hreinsiefni virkar sérstaklega vel á niðurföll sem eru sjaldan notuð eins og vaska og sturtur í gestabaðherbergjum.

- Blandið saman ½ bolli af matarsóða og ¼ bolli borðsalti
- Hitið 1 bolli af ediki
- Hellið matarsóðanum og saltinu vel ofan í niðurfallið og svo edikinu í kjölfarið. Blandan mun mynda froðu
- Leyfið blöndunni að liggja í niðurfallinu í 15 mínútur
- Skolið í lokin með heitu vatni í að minnsta kosti 15–30 sekúndur





RENAULT Megane stw 1,5 dísel. Árgæð 2016, ekinn 68 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Flottur bíll. Verð 1.990.000. Rnr.103023.



**BILDHÖFÐI 3**  
**SÍMI: 587 6600**  
**BILABRAUT.IS**



**Flott og vel með farinn Mazda 3** MAZDA 3 vision. Árgæð 2014, ekinn 87 þ.KM, bensín, 6 gírar. tilbodsverð erð 1.790.000. ásett verð 2.390.000 Rnr.104333.



**Nappa leður og panorama þak** VW Passat alltrack dísel station . Árgæð 2012, 17" felgur ekinn 73 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 2.999.000. Rnr.104548.



KIA Rio. Árgæð 2017, ekinn 51 þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 1.890.000. Rnr.104813.



**Besta verð í bænum** SSANGYONG Tivoli dlx 4x4 7" skjár og bakkmyndavél nýr bíll. Árgæð 2017, ekinn -1 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 3.290.000. Rnr.104955.



**Nýr bíll** HYUNDAI Santa fe premium panorama. Árgæð 2017, ekinn 0 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Leður Verð 7.390.000. Rnr.105080.



**Vw Golf Metan** VW Golf highline bensín metan. Árgæð 2017, ekinn 17 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 3.290.000. Rnr.105139.



**Ekinn aðeins 11 þús km.** HYUNDAI I30. Árgæð 2016, ekinn 11 þ.KM, bensín, beinskíptur. Verð 2.190.000. Rnr.105269.



**NISSAN QASHQAI TEKNA**  
Raðnúmer 121286 - Nánari upplýsingar veitir Bílfang ehf. í síma Ökutækið er á staðnum.

**Árgæð 2017. Ekinn 4 þ.KM**  
Nýskráður 2/2017.  
Næsta skoðun 2021  
Verð kr. 4.290.000. Litur GRÁR



**FORD KUGA TREND BUISNESS DIESEL 2WD**  
Raðnúmer 151591 - Nánari upplýsingar veitir Bílfang ehf. í síma Ökutækið er á staðnum.

**Árgæð 2017. Ekinn 7 þ.KM**  
Nýskráður 4/2017. Næsta skoðun 2021  
Verð kr. 4.190.000. Litur SVARTUR



**AUDI A6 LIMOSINE DIESEL**  
Raðnúmer 121605 - Nánari upplýsingar veitir Bílfang ehf. í síma Ökutækið er á staðnum.

**Árgæð xxxx. Ekinn xxx þ.KM**  
Nýskráður -1. Næsta skoðun 2021  
Verð kr. 6.280.000. Litur SVARTUR



**VW CADDY TDI DIESEL BLUE MOTION**  
Raðnúmer 121115 - Nánari upplýsingar veitir Bílfang ehf. í síma. Ökutækið er á staðnum.

**Árgæð 2014. Ekinn 88 þ.KM**  
Nýskráður 5/2014. Næsta skoðun ??  
Verð kr. 1.390.000. Litur HVÍTUR



**TOYOTA LAND CRUISER 150 GX DIESEL**  
Raðnúmer 152496 - Nánari upplýsingar veitir Bílfang ehf. í síma. Ökutækið er á staðnum.

**Árgæð 2017. Ekinn 29 þ.KM**  
Verð kr. 7.390.000. Litur BRÚNN



**MAZDA 3 OPTIMA**  
Raðnúmer 121337 - Nánari upplýsingar veitir Bílfang ehf. í síma Ökutækið er á staðnum.

**Árgæð 2017. Ekinn 20 þ.KM**  
Nýskráður 2/2017.  
Næsta skoðun 2021  
Verð kr. 2.990.000. Litur SVARTUR



**VOLVO V40 D2 CROSS COUNTRY**  
Raðnúmer 151884 - Nánari upplýsingar veitir Bílfang ehf. í síma Ökutækið er á staðnum.

**Árgæð 2017. Ekinn 17 þ.KM**  
Nýskráður 2/2017.  
Verð kr. 3.950.000. Litur HVÍTUR



**OPEL COMBO VAN MAXI DIESEL**  
Raðnúmer 121222 - Nánari upplýsingar veitir Bílfang ehf. í síma. Ökutækið er á staðnum.

**Árgæð 2013. Ekinn 98 þ.KM**  
Nýskráður 5/2013.  
Næsta skoðun 2019  
Verð kr. 1.150.000. Litur HVÍTUR



**BMW X5 XDRIVE 40D (314 HÖ)**  
Raðnúmer 191972 - Nánari upplýsingar veitir Bílfang ehf. í síma Ökutækið er á staðnum.

**Árgæð 2015. Ekinn 77 þ.KM**  
Verð kr. 8.490.000. Litur GRÁR



**VW CADDY DIESEL BLUE**  
Raðnúmer 151590 - Nánari upplýsingar veitir Bílfang ehf. í síma Ökutækið er á staðnum.

**Árgæð 2013. Ekinn 82 þ.KM**





Gleðilega páska



Sjálfbærni og samfélagsábyrgð  
Nóa Sírius súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefni, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

## Nú mega páskarnir koma

Nóa páskaegginn eru tilbúin. Við vonduðum okkur alveg sérstaklega, því við vitum að þið viljið hafa þau fullkomin. Það á bæði við um gómsæta skelina sem bráðnar í munni og allt góðgætið sem leynist þar fyrir innan.

**Gjörið þið svo vel – það er nóg til fyrir alla.**



## Hvað segir stóri bróðir?

Fjölmíðlamaðurinn og skemmtikrafturinn Sólmundur Hólm Sigurðsson kynnti Edduverðlaunin annað árið í röð síðastliðið sunnudagskvöld. Sóli, eins og hann er ávallt kallaður, stóð sig vel að vanda. Sóli greindist með eitlakrabbamein í fyrra, sem hann er nú laus við og er hann byrjaður með nýja uppstandssýningu í kjallara Hard Rock.

*En hvað segir stóri bróðir, Sigurður Sólmundarson fjöllistamaður, um þennan öfluga bróður sinn?*

„Sóli var stórundarlegt barn og ef ég hefði þurft að giska á hvað hann tæki sér fyrir hendur í framtíðinni, hefði ég giskað á raðmorðingja frekar en skemmtikraft. Hann var hræddur við fólk almennt en hann hefur samt alltaf haft mikinn og frekar súran húmor sem kemur mjög skemmtilega fram í sýningunni hans. Mér hefur þótt hann halda aftur af sér þangað til núna. Sóli er einstaklega traustur, næmur og er alltaf til staðar þegar maður þarf á honum að halda. Það kom í ljós hvað hann er magnaður persónuleiki í veikindum hans sem hann sigradist á með miklum glans. Ég er glaður að sjá hvar hann er í dag því þetta leit alls ekki vel út hjá honum í æsku. Ég er ákaflega montinn af honum.“



**BLACK BOLT** eftir Saladin Ahmed og Christioan Ward: Geim-óurhetju-fangelsisdrama um einn merkilegasta karakter Marvel (sem var illa túlkaður í nýlegum Inhumans-sjónvarpsþáttum en fær uppreisn æru hér). Miðlungs saga en „goooorgeous art“. 3/5 stjörnur.

**EXTREMITY** eftir Daniel Warren Johnson: Á yfirborðinu er þetta He-Man/Mad Max/Conan the Barbarian ofbeldisgrautur. Undir niðri gifurlaga falleg mannleg saga um fjölskyldubönd og missi. Frábært „art“ líka. 5/5 stjörnur.

**Bókin á náttborði Hugleiks Dagssonar**



# EIRÍKUR TIL KÍNA

Með fangið fullt af pappírnum á leið úr kínverska sendiráðinu

Fjölmíðlamaðurinn Eiríkur Jónsson sást ganga út úr kínverska sendiráðinu rétt fyrir hádegi síðastliðinn mánudag með hendurnar fullar af pappírnum. Vakti þetta athygli vegfarenda og þá einna helst blaðamanna DV sem sáu til hans. Þeir gripu tækifærið því Eiríkur er þekktur fyrir að flytja fréttir af fólki sem sést á förnunum vegi.

Aðspurður hvort hann sé genginn til liðs við Kínverja segir

Eiríkur svo ekki vera.

„Sást ég þar? Þetta gekk nú ekki nógu vel, en ég ætla til Kína. Það verða allir að fara til Kína, það er framtíðarlandið. Ég meina, það er framtíðarheimurinn,“ segir Eiríkur sem er á leið til Kína ásamt eiginkonu sinni í apríl og þarf að verða sér úti um vegabréfsáritun. „Það er ekkert flóknara en það. Hvað hélduð þið, að ég væri orðinn blaðafulltrúi kínverska sendiráðsins?“

Leið hjónanna liggur ekki til Forboðnu borgarinnar eða Kínamúrsins heldur til stórborgarinnar Shanghai þar sem sonur Eiríks, Baldur Eiríksson lögmaður, er búsettur. „Ég er að fara að heimsækja son minn sem býr í Shanghai. Þetta verður eitthvað.“

ari@dv.is



### TILBOÐ

## Skrúfvél

IXO V BASIC 3,6V. Fyrsta rafhlöðuskrúfjárníð með Lithium-ion tækni.

**5.595**

74864005  
Almennt verð: 6.995

**20% afsláttur**



**BOSCH**



**TACTIX**

### TILBOÐ

## Klaufhamar

Fíber.

**975**

72221007  
Almennt verð: 1.495

**35% afsláttur**

**20% afsláttur**

### TILBOÐ

## Rafhlöðuborvél

TE-CD 18V 2x1,5. Kemur með tveimur rafhlöðum, 2 girar, 44Nm, 30 mín hleðslutími.

**19.195**

74826002  
Almennt verð: 23.995



**Einhell**

**Nýtt blað**

Framkvæmdadagar

**Skoðaðu tilboðin á byko.is**

**MARKAÐS-DAGAR**

Komdu og gramsaðu!

Gerðu frábær kaup!

Auðvelt að versla á byko.is

**BYKO**

GERUM PETTA SAMAN



# Betri borgarar

2. mars 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sværissón / agustb@dv.is



## Lykilatriði að elda frá hjartanu og nota bara úrvæls hráefni

### BURGERS, FIRÐI OG KRINGLUNNI

Ég á 40 ára steikingarafmæli og allt hvílir þetta á nokkrum hamborgararéttum sem eru í uppáhaldi hjá mér sjálfum," segir Magnús Garðarsson veitingamaður sem rekur staðina Burgers í Kringlunni og Firði Hafnarfirði.

Burgers hefur verið starfandi á Stjörnutorgi í Kringlunni í þrjú ár og í Firði í Hafnarfirði frá því í maí í fyrra. Nýja staðnum í Hafnarfirði hefur verið afskaplega vel tekið og segist Magnús telja að þetta hafi einmitt verið það sem vantaði í Hafnarfirði; fjölskylduvænan skyndibitastað með gæðamat á hagstæðu verði.

„Það fer nokkuð eftir því í hvernig skapi maður hver uppáhaldsborgarinn er hverju sinni. Stundum vill maður bara grípa með sér einfaldan ostborgara. Stundum vill maður hafa á honum beikon og egg, en stundum vil ég laukhringi, bbq-sósu og bræddan ost. En á mínum 40 ára ferli hafa þessir borgarar alltaf staðið upp úr hjá mér: Béarnaise-borgari, beikon & egg-borgari og bbq-borgari, en sá síðastnefndi er til í útfærslu með

bæði nautakjöti og kjúklingi," segir Magnús.

Hamborgarar eru uppistaðan á Burgers en aðrir réttir njóta þar líka vinsælda. „Ég lét undan þrýstingi og byrjaði með djúpsteiktan fisk sem hefur mælst mjög vel fyrir. Lambakóteletturarn okkar eru síðan heimsfrægar og útlendingarnir sem hingað koma elska þær, besta lamb sem þeir hafa fengið.“

#### Elda frá hjartanu og nota besta hráefnið

Opið er á Burgers í Kringlunni á afgreiðslutíma Kringlunnar en staðurinn í Firði er opinn frá 11.30 til 20.00 alla daga vikunnar nema sunnudag þegar er lokað. Vinnandi fólk í Firði og skólanemar sækja staðinn stíft í hádeginu en í eftirmiðdaginn koma þangað margir erlendir ferðamenn með flugrútnu frá Keflavík. Á kvöldin, að sögn Magnúsar, er fjölskyldufólk áberandi. „Það kemur til dæmis fjöldi fólks hingað úr Vallahverfinu og sækir sér kvöldmat heim eða borðar á staðnum.

Barnaboxin hérna kosta 950 kr. Þau innihalda 115 g hamborgara, franskar og djús og síðan er leir og leikföng. Börnin eru róleg hérna með matinn sinn og leikföngin og fjölskyldan nýtur þess snæða góðan mat á viðráðanlegu verði. Stöðluð stærð á hamborgurum er alltaf 115 g og tilboð með gosi og frönskum er 1.550 kr. sem er ódýrt miðað við stærðina á borgurinum," segir Magnús.

Natni við matreiðslu og gott hráefni eru lykillinn að velgengni, að sögn Magnúsar: „Það verður að kaupa besta hráefnið, það er lykillinn að því að fólk komi aftur og aftur. Góður matreiðslumaður getur ekki eldað góðan mat úr vondu hráefni. Ég er með franskari frá Garra, Butler, og kjötið kemur frá Kjöthúsinu, framúrskarandi nautakjöt, frábert beikon og meiriháttar kótelettur," segir Magnús.

„Síðan er það stórt atriði að elda frá hjartanu, setja sálina í þetta. Gera þetta eins og þú sért að elda handa

## Hádegisboð

Í hádeginu alla virka daga frá kl: 11<sup>00</sup> - 14.

**1550 kr.**

Ostborgari, franskar og eoka

Kjöldingaborgari, franskar og eoka 1550 kr.

Fiskborgari, franskar og eoka 1550 kr.

sjálfum þér. Þetta eru atriði sem ég reyni að kenna starfsfólkinu. Ég hef líka verið heppinn með starfsfólk og er stoltur af því að geta miðlað til þess minni þekkingu og reynslu.“

# Hard Rock Cafe: Memphis-borgarinn slær í gegn

**Þ**að voru gleðitiðindi þegar Hard Rock Cafe var opnað aftur á Íslandi eftir langt hlé en nýr staður keðjunnar við Lækjargötu var opnaður árið 2016 og hefur fengið frábærar viðtökur. Hard Rock Cafe er alþjóðleg keðja með yfir 180 veitingastaði en auk veitingastaðanna rekur keðjan hótél og spilavíti.

Maturinn á Hard Rock er rómaður og þar leika hamburgarar stórt hlutverk: „Á hverju ári höldum við World Burger Tour þar sem við veljum „Local Legendary“ hamburgara frá öðrum veitingastöðum Hard Rock í heiminum. Allir staðir Hard Rock í heiminum hafa alltaf sinn „Local“ hamburgara. Í fyrra völdum við nokkra frábæra og einn þeirra varð svo vinsæll að hann er núna kominn á matseðilinn okkar og er þar einn af okkar vinsælustu hamburgurum. Hann heitir Memphis og er frá Tennessee í Bandaríkjunum. Þetta er þeirra „Local Legendary“ og hann er geggjáður,” segir Styrmir Bjartur, sölu- og markaðsstjóri hjá Hard Rock Cafe á Íslandi.

Þetta er grillaður hamburgari með Tennessee reyktu grisakjöti, cheddar-osti, stökkum laukstráum í ristudu brioche-brauði með hvítlauks-aioli, Memphis-hrásalati og sýrðum dill-gúrkum. Herlegheitin kosta 2.690 kr.

Sjá nánar um Hard Rock Cafe Lækjargötu á [www.hardrock.com/cafes/reykjavik/](http://www.hardrock.com/cafes/reykjavik/) og Facebook-síðunni á [www.hardrock.is](http://www.hardrock.is)



Mynd Sigtryggur Ari

## KOPAR:

### Borgari í brioche-brauði bræðir bragðlaukana



**K**opar er í einni af verbúðunum við gömlu höfnina í Reykjavík, en þar hefur staðurinn verið í hringiðu mannlífsins í fimm ár, með frábært útsýni.

„Það sem leiddi okkur og fjárfesta okkar saman var að þeir voru búnir að fylgjast með þessu húsnæði og þeim fannst það ekki nógu vel nýtt fyrir þann straum af fólki sem gengur hér framhjá,” segir Ylfa Helgadóttir landsliðskokkur sem á og rekur staðinn ásamt Ástu Guðrúnu Óskarsdóttur. Þær hafa báðar góða reynslu úr veitingabransanum, Ylfa sem kokkur og Ásta sem þjónn.

„Á sama tíma vorum við Ásta að leita okkur að stað á öðrum stað í borginni, en vorum með okkar ákveðnu hugmyndir.“ Það má því segja að þau hafi smellið saman á réttum stað og réttum tíma með Kopar, sem hefur verið vinsæll meðal þeirra fjölmörgu gesta sem sækja höfnina heim og annarra.

Á staðnum eru fisk- og sjávarréttir í fyrirrúmi vegna nálægðar við höfnina, enda úrval af sjávarréttum mikið. „Við vinnum með að elda góðan og djúsi mat og reynum að hafa eitthvað fyrir alla. Við gerum nýjan rétt á hverjum degi, fisk dagsins, og hann er það vinsæll að hann klárast á hverjum degi. Við erum líka með lambafillet, sem við steikjum með fitunni sem er mjög vinsælt.“

#### Djúsi nautaborgari það nýjasta í hádeginu

„Við erum með nýjan hamburgara á matseðli í hádeginu, sem hefur enn ekki fengið nafn. Þetta er grillaður nautaborgari með piparosti, beikoni og barbikjúsósu. Það sem gerir hann sérstakan fyrir utan að vera djúsi og

grillaður, er að við notum eingöngu hreint nautahakk, brauðið er brioche-smjörbrauð sem við steikjum með smjöri og svo toppum við hann með djúpsteikri smágúrku (pikklaðri gherkin). Við höfum notað brioche-brauðið frá opnun, smjörbragðið gefur meiri fyllingu.“

Svo er það smágúrkan, sem fólk er ýmist hrifið af eða alls ekki, þannig að við brugðum á það ráð að djúpsteikja hana þannig að hún verður „krispi“ að utan í svona deigi, síðan setjum við hana ofan á brauðið þannig að pinninn sem heldur borgaranum saman heldur í hana og því auðvelt að fjarlægja hana ef fólk vill.“

Með borgaranum fylgja kryddkartöflubátar, sem eru svakalega góðir og er boðið upp á val á milli chili-, gráðosta- eða béarnaisemajónes. Barbikjúsósan er ráðandi á borgaranum sjálfum.

„Um helgina er Food and Fun í gangi og það eru örfá sæti laus hjá okkur á jafartímum, ef fólk vill koma snemma eða seint. Það verður mikið fjör í miðbænum um helgina.“

*Kopar tekur 90 manns í sæti og er í anda New York, það er þröngt og kósi hjá okkur.“*

*Kopar er að Geirsgötu 3b, 101 Reykjavík. Síminn er 567-2700 og netfangið [info@koparrestaurant.is](mailto:info@koparrestaurant.is). Heimasíða er [koparrestaurant.is](http://koparrestaurant.is) og á Facebook.*

*Kopar er opið virka daga í hádeginu frá kl. 11.30–14.00 og öll kvöld frá kl. 17.00–22.30 (föstudaga og laugardaga til kl. 23.30).*



SNÆLAND

# Góður skyndibiti á sanngjörnu verði

**V**ið leggjum mikla áherslu á góðan skyndibita á góðu verði, úr besta mögulega hráefni. Allt kjötið okkar kemur frá SS, fyrsta flokks nautakjöt og beikon. Síðan erum við með McCain-kartöflur," segir Pétur Smárason, eigandi Snælands.

Þetta gróna fjölskyldufyrirtæki var stofnað árið 1985 en Pétur hefur fylgt því frá upphafi og er hvergi nærri hættur. Í upphafi var mikil áhersla á vídeó en núna er það úr sögunni og staðir Snælands eru í dag vinsælir skyndibitastaðir með áherslu á grillrétti og góðan ís frá Kjöris.

Í hamborgurum kappkostar Snæland að tefla saman gæðum og mjög hagstæðu verði. Það eru því margir sem koma í hádegismat og kvöldmat á Snæland, jafnt vinnandi fólk sem skólakrakkar. „Mér finnst ég sjá nýtt fólk á stöðunum daglega og þetta er ansi breiður hópur sem sækir í góða máltíð á góðu verði, fyrir svo utan það að við kappkostum að veita góða þjónustu," segir Pétur brosandí. Á mynd hér má sjá Viggó, son Péturs, og eru þeir fedgar með mikla ástriðu fyrir góðum borgara.

Vinsælustu hamborgararnir á



Snælandi eru ostborgari, beikonborgari og lúxusborgari en á þeim síðastnefnda er hvort tveggja egg og beikon. Sem dæmi um hagstætt verð

hjá Snælandi er ostborgaramáltíð á aðeins 1.190 krónur en innifalið í henni er ostborgari, franskar og gos að eigin vali, en allt gos kemur frá Ölgerðinni.

Snælandsstaðirnir eru tveir, annar er að Núpalind 1 í Kópavogi og hinn er að Laugavegi 164 í Reykjavík. Staðirnir eru báðir opnir frá 10 til 23 alla daga vikunnar.



STÚDENTAKJALLARINN ER GRÍÐASTAÐUR:



# Hamborgarar á vingjarnlegu verði

**S**túdentakjallarin er staður þar sem fólk líður vel, nokkurs konar gríðastaður á svæði Háskóla Íslands, þar sem fólk hleður rafhlöðurnar, nýtur góðra veitinga á hagstæðu verði og skemmtir sér.

Stúdentakjallarin er í eigu Félagsstofnunar stúdenta og er staðsettur á Háskólatorgi. Hann sækir fjölbreyttur hópur fólks, námsmenn, vinnandi fólk og margir aðrir, jafnt börn sem fullorðnir, enda er staðurinn öllum opinn. Þar er fjölbreytt dagskrá flesta daga við allra hæfi, til dæmis tónleikar, Pub Quiz, Pop Quiz, umræður, uppstand, og stórir íþróttaviðburðir eru sýndir á risaskjá.

Stúdentakjallarin er ekki rekinn með gróðasjónarmið að leiðarljósi, reksturinn þarf bara að standa undir sér. Þetta endurspeglast meðal annars í verði veitinganna því í Stúdentakjallaranum er að hægt að fá ljúffengan og framúrskarandi mat á mjög hagstæðu verði.

Matseðillinn er fjölbreyttur og á honum má meðal annars finna hamborgara, samlokur, tortilla, pítur,



salöt, fiskrétti, kjúklingarétti, svinarif og margt fleira. Á matseðlinum er líka úrval vegan-rétta.

**Kjúklingaborgari:** kjúklingur, sinnepssósa, salat og tómatur – 1.590 kr.

**Grænmetisborgari:** laukur, kál, tómatur og hvítlaukssósa – 1.190 kr.

**Chiliborgari:** laukur, eggaldin, kál, tómatur og appelsínu-engifersósa – 1.190 kr. (vegan)

Ýmsir aðrir borgarar eru í boði eftir tilefnum og um að gera að fylgjast með nýjungum. Nánari upplýsingar um starfsemina og veitingarnar í Stúdentakjallaranum er að finna á vefsíðunni <http://www.studentakjallarinn.is/> og Facebook-síðunni Studentakjallarin.

**Hamborgararnir: Fjölbreyttir, gömsætir og ódýrir**

Hamborgararnir í Stúdentakjallaranum eru allir bornir fram með frönskum eða salati. Þeir eru eftirtaldir og verð fylgir með:

**Kjallaraborgari:** 120 g nautakjöt, piparostur, piparsósa, salat og tómatur – 1.490 kr.

**Háskólaneminn:** 120 g nautakjöt, hamborgarasósa, salat og tómatur – 1.290 kr.

**Béarnaiseborgari:** 120 g nautakjöt, slatti af béarnaise, steiktir sveppir, laukur og beikon – 1.490 kr.

**Frábær tilboð á drykkjum**

Í hverjum mánuði er tilboð allan daginn, alla daga, á ákveðnum flöskubjör á 590 kr. og kokteil mánaðarins á 1.500 kr. Fyrir utan þetta er síðan Happy Hour daglega frá 16 til 19 og á laugardögum frá 16 til 21. Á Happy Hour eru þrjár tegundir á kranabjör frá 500 –900 kr. fyrir stúdenta, en 650–1.050 fyrir aðra og vín hússins á 750 kr. Síðasta föstudag í mánuði og alla laugardaga kl. 16–21 er björkönnutilboð: 1.900 kr. fyrir stúdenta, en 2.600 fyrir aðra.



LITLA KAFFISTOFAN:

# Eins og heimsókn í sveitina

Ég held að fólk sæki hingað meðal annars til að losna við áreiti og þann stanslausan erill sem er á flestum stöðum í borginni. Hér er engin tónlist og engir myndskjáir. Þetta er dálítið eins og að koma í heimsókn í sveitina og gæða sér á einhverju þjóðlegu, brauði með sild, flatkökum með hangikjöti og svo framvegis. Við höfum kappkostað að varðveita þennan heimilislega og þjóðlega karakter sem ávallt hefur verið yfir Litlu kaffistofunni," segir Katrín Hjálmarsdóttir sem hefur rekið Litlu kaffistofuna við Suðurlandsveg síðan 1. nóvember árið 2016.

„Við höldum í þetta gamla hér og erum til dæmis með kjötsúpuna og heimabakað brauð áfram. En við höfum líka bætt við tertum og kökum sem eru bakaðar á staðnum og tekið upp þann sið að vera með heimilismat í hádeginu alla virka daga ásamt súpu dagsins.“

Hamborgarar skipa veglegan sess á matseðli Litlu kaffistofunnar og eru mjög vinsælir og hefur Litla kaffistofan fengið mjög góða dóma fyrir þá. Í boði eru ostborgari, grandborgari með beikoni og eggji, beikonborgari og vegan-borgari.

„Í vondu veðri finnst fólki gott að

gera hlé á ferðinni, setjast hérna og hvíla sig. Fjölskyldufólki finnst líka gott að koma hingað og fá sér heitt súkkulaði og vöfflu eða kaffi og með því. Þá spillir ekki fyrir að verðið er hagstætt," segir Katrín.

Erlendum ferðamönnum fer mjög fjölgandi á Litlu kaffistofunni að hennar sögn en Íslendingar eru áfram í miklum meirihluta.

*Litla kaffistofan er opin frá 7 til 18 virka daga og 8 til 18 um helgar. Sjá nánar á Facebook-síðunni Litla-Kaffistofan.*



Litla kaffistofan

Vinur við veginn



KRÖST

# Kröst-hamborgarinn hefur slegið í gegn og ekki að ástæðulausu

Veitingastaðurinn Kröst í Mathöllinni á Hlemmi hefur vakið mikla lukku og stefna Bödvars LeMack matreiðslumanns hittir í mark á gestum Mathallarinnar: „Við reynum að framreiða heildarlegan mat á Kröst og leggjum áherslu á rétti úr grillinu. Heitt prótein og kalt meðlæti, ef svo mætti að orði komast, og eins ferskt hráefni og völ er á


hverju sinni. Við erum með lítinn en sibreytilegan matseðil enda alltaf að reyna að finna út hvað virkar best fyrir þennan matarmarkað," segir Bödvar.

Einn af þeim réttum hjá Kröst sem hafa slegið rækilega í gegn er Kröst-hamborgarinn. Í Kröst-hamborgaranum er kjötið með tveim mismunandi grófleikum en það gerir áferðina einstaklega skemmtilega.

Hann er borinn fram á dúnmjúku kartöflubrauði með Kröst-sósu sem m.a. inniheldur tómata, perur, púður-sykur og eplaedik ásamt leynilegri kryddblöndu. Salatið er úr hvítlauk, sellerii og sýrðu majónesi. Á hamborgarann fer einnig gott franskt sinnep með hlynsirópi.

Bödvar kann vel við sig í Mathöllinni á Hlemmi enda staðurinn hans

fengið afskaplega góðar viðtöku og stemningin í Mathöllinni þykir vera afbragð: „Íslendingar eru enn í miklum meirihluta gesta, sem er gott vegna þess að það eru fastagestir sem halda stöðunum uppi á meðan ferðamennirnir eru skemmtileg og kærkomin viðbót," segir Bödvar. Staðurinn er opin sunnudaga til fimmtudaga frá kl. 11 til 22 og laugardaga frá 11 til 23.



**DALAKOFINN**

# Gæðastund við Þjóðveginn

## DALAKOFINN Á LAUGUM

**D**alakofinn er veitingastaður og verslun við Þjóðveg 1 í þéttbýliskjarnanum á Laugum í Þingeyjarsveit. Í Dalakofanum er opið allan ársins hring, nokkuð sem ferðalangar, íslenskir sem erlendir, kunna mjög vel að meta. Í Dalakofanum er lögd áhersla á góðan mat á sanngjörnu verði og góða þjónustu.

Áð sögn Haraldar Bóassonar veitingamanns er Dalakofinn vinsæll allt árið um kring en þreföldun verður á gestafjölda á sumrin: „Erlendir ferðamenn eru í miklum meirihluta yfir sumartímann, 70–80 prósent, en á veturna rétt innan við helmingur. Fólk kann vel að meta að við höfum opið hér til 20 á kvöldin á veturna og til 22 á sumrin,” segir Haraldur en Dalakofinn er óneitanlega góður áningarstaður á ferð um landið.

„Þetta er góður staður til að stoppa og njóta veitinga. Það er þægileg aðkoma hér og við erum á milli Mývatnssveitar og Akureyrar. Sundlaugin á Laugum og íþróttavöllurinn eru mjög flott og þar eru falleg svæði sem gaman er að ganga

um og njóta náttúrunnar.“ Dalakofinn rekur tjaldstæði við Laugavöll á sumrin.

Heimagerðir hamborgarar beint frá býli

Framúrskarandi hamborgarar eru eitt af sérkennum Dalakofans, gerðir úr úrvalskjöti. Hamborgararnir koma beint frá býli, frá Vallakoti í Reykjal.


Heimagerðar pitsur skipa veglegan sess á matseðli Dalakofans. „Pitsurnar eru heimagerðar, um helmingur af matarsöluinni. Við gerum þetta allt frá grunni og fáum mikið hól fyrir það en við gerum okkar pitsusösu sjálf. Á meðal annarra góðra rétta sem í boði eru allt árið eru hamborgarar beint frá býli, íslensk kjötsúpa og gratínur aður plokkskur. Bæði útlendingar og Íslendingar eru afskaplega hrifnir af því að komast í kjötsúpuna enda er hún kraftmikið veganesti. Hráefnið í fiskrétti og kjötrétti er að mestu leyti úr héraði,” segir Haraldur.

Ágæt verslun með miklu vöruúrvali er hluti af Dalakofanum sem margir nýta sér: „Fólk kann vel að meta verslunina hjá okkur og ferðalangar



eru þakklátir fyrir að geta leitað þangað því oft gleymist að kaupa eitthvað áður en haldið er í ferðalag.”

Dalakofinn er klárlega staður til að eiga notalega stund á í ferðalögum um landið. Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni dalakofinn.is.



# Smári special er vinsælastur í Ungó

UNGÓ KEFLAVÍK – ENDURBÆTTUR OG ALLTAF VINSÆLL

**V**ið höfum verið að taka húsið í gegn síðustu tvö ár, bæði að innan og utan, það kláraðist fyrir stuttu, þar sem húsið var klætt allt að nýju," segir Valgeir Magnússon hjá Ungó, Hafnargötu 6 í Keflavík. Tveir inngangar eru í Ungó, annar í ísbúðina og sjoppuna og hinn á matsölustaðinn, þar sem setjast má niður til að borða eða taka mat með sér heim.

Ungó er þekktur fyrir úrval af góðum skyndibita, pítsum, hamburgurum og pylsum. Vinnandi fólk í Keflavík sækir sér gjarnan hádegismat í Ungó og nemendur úr fjölbrautaskólanum streyma þangað á skólatíma.

„Við erum með hefðbundna hamburgara og pítur, sem eru ótrúlega vinsælar," segir Valgeir. „Við erum

með nokkrar útgáfur af borgunum og Ungó-borgarinn og Smári special eru vinsælastir. Smári special er með frönskum, beikoni og ostastöngum á milli. Það var strákur sem vann hér hjá okkur sem græjaði hann svona handa sér, síðan fékk hann leyfi til að útbúa hann svona handa vinum sínum. Síðan fór fólk að koma og spyrja um borgarann, þannig að við ákváðum að setja hann á matseðilinn."


Við byggðum staðinn í raun upp á nýtt. Við gerðum miðpunktinn í búðinni að ísbúð og núna er þetta orðin ein af helstu ísbúðum landsins og gefur stærstu ísbúðunum í Reykjavík ekkert eftir. Við erum með 64 tegundir fyrir bragðaref, 18 tegundir af kúluis og fjórar tegundir af ís úr vél." Ísinn í Ungó kemur frá Kjörís og er

afar vinsæll.

Ungó er fjölskyldufyrirtæki en Valgeir keypti staðinn með foreldrum sínum árið 2004. „Foreldrar mínir eru farnir út úr þessu en ég rek staðinn með eiginkonu minni, Þorgerði Sigurbjörnsdóttur," segir Valgeir.

„Ferðamenn eru duglegir að koma til okkar og finnst isinn stórmerkilegur, og að við seljum hann í snjókomu. Þeim finnst mikið sport að taka myndir af sér hér fyrir utan með isinn."

Ungó er líka þekktur fyrir veglegan nammibar en ólíkt mörgum öðrum stöðum þá er 50% afsláttur á nammibarnum ekki bara á laugardögum heldur alla helgina, föstudag, laugardag og sunnudag.



Opnunartími í Ungó er frá kl. 9.00–23.00 á virkum dögum. Á laugardögum og sunnudögum er opið frá kl. 10 til miðnættis. Ef þú hefur ekki enn kikið í Ungó þá er kominn tími til að prófa.

# HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum  
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir  
íbúðir í skammtímaleigu

